



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT


2. janúar 2007 – 1. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

ÞRIÐJUDAGUR

Tónlist og bókmenntir. Eða leiklist?



Einar Kárason segir sögur af KK sem tekur svo í gítar og syngur.

MENNING 32

Þúsari vill á þing



Lára Stefánsdóttir, frambjóðandi Samfylkingarinnar, er forseti Þjúsarafélags Íslands.

FÓLK 46

Klúður

„Klúðrið í samgöngumálum er átakanlegt og birtist í fánleikafarsanum í kringum Flugstöðin sem eiga að taka til starfa eftir áramótin,” segir Valgerður Bjarnadóttir.


Í DAG 22

Guðjón í stórsókn

Guðjón Þórðarson segir að mikið verkefni sé fyrir höndum hvað uppbyggingu knattspyrnunnar á Akranesi varðar og allir verði að takast á eitt til að koma liðinu í fremstu röð á ný.

ÍPRÓTTIR 38

VEÐRIÐ Í DAG




HÆGUR VINDUR - Í dag verður hæg suðlæg átt. Víða stöku snjór eða slydduél í fyrstu en vaxandi úrkoma, snjócoma eða slydda, sunnan og suðvestan til síðdegis. Hlárnar með ströndum smám saman í dag, síst norðaustan til.

VEÐUR 4

LESTUR MEÐAL 12-49 ÁRA
allt landið

Þriðjudagur



*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Capacent í nóvember 2006.

Gjaldskrárhækkunir víða um áramótin

Gjaldskrár hækkuðu víða hjá sveitarfélögum um áramótin. Sorphirðugjald og sundferðir hækkuðu í flestum sveitarfélögum. Á Akureyri eru strætisvagnferðir ókeypis. Í Garðabæ og Mosfellsbæ fá fimm ára börn ókeypis leikskólavist.

VERDHÆKKANIR Gjaldskrár hækkuðu víða hjá sveitarfélögum um áramót. Þannig hækkaði verð í sund í stærstu sveitarfélögum fimm og sorphirðugjald hækkaði einnig víða. Leikskólajöldin hækkuðu ekki í neinum af stærstu sveitarfélögum nema í Reykjavík og Mosfellsbæ. Í Reykjavík hækkuðu þau um tæp níu prósent um áramótin. Matarverð á leikskólum í Garðabæ hækkaði hins vegar um sjö prósent.

Sorptunnugjaldið hækkaði í Kópavogi um sjö prósent, í Hafnarfirði og Garðabæ um tíu prósent, á Akureyri um tæp 20 prósent og tæp 23 prósent í Reykjavík. Sorpgjöld á fyrirtæki hækkuðu

frá tæpum 12 í rúm 14 prósent eftir eðli sorpsins á Akureyri.

Í Reykjavík hækkaði verð á frístundastarfi eldri borgara um tæp tíu prósent og hádegis- og kvöldmatur hækkaði um rúm níu prósent auk þess sem gjald fyrir frístundaheimili hækkaði um tæp níu prósent. Í Mosfellsbæ hækkaði verð félagsstarfs aldraðra um fimm prósent, fæðisgjald sömuleiðis, vatnsveita og hitaveita.

Í Hafnarfirði hækka þjónustugjöld um 30 milljónir en hækkingin hefur ekki verið útfærð. Sektor á bókasöfnum í Garðabæ og á Akureyri hækkuðu. Í Hlíðarfjalli hækkuðu árskort og svo hækkuðu gjöld í tónlistarskóla á Akureyri og í

Mosfellsbæ. Í Kópavogi er gert ráð fyrir sjö prósent hækkingu á lóðarleigu. Páll Magnússon bæjarritari segir að hækkingin sé bara verðlagshækking og þýði raunlækkun á þjónustu. Í Mosfellsbæ verður hækkingin í leikskólum, frístundasæljum, tónlistarskóla og íþróttamiðstöðinni um fimm prósent 1. ágúst.

En þetta eru ekki eintómar hækkingar. Strætisvagnferðir eru ókeypis á Akureyri frá áramótum og ferjugjöld í Hrísey sömuleiðis fyrir íbúana. Í Mosfellsbæ fá öll fimm ára börn ókeypis vistun í átta tíma á leikskóla og í Garðabæ fá þau fjóra tíma á dag frá áramótum og sex tíma í haust.

- ghs



BEIÐ Í OFVÆNI Höfuðborgin líkast jafnan vígvelli þegar birtir á fyrsta degi ársins og sjá má sviðna jörð nær hvert sem lítið er. Þeir Skafti og Jón skemmtu sér við það í gær að sprengja upp leifar gamla ársins og virtust allsendis óhræddir við neistaflugið.

Biskup fjallaði um stríðið í Írak, aftöku Saddams og banaslys í nýárspredikun sinni: Ár stríðs, hörmunga og haturs

TRÚMÁL Herra Karl Sigurbjörnsson, biskup Íslands, var harðorður í nýárspredikun sinni í gær þegar hann vék að stríðinu í Írak og aftöku Saddams Hussein. „Árið sem leið var ár stríðs og hörmunga, haturs og hermdarverka,” sagði Karl í predikuninni. „Aftaka Saddams var einn viðbjóðslegi þátturinn í þeirri ömurlegu atburðarás og verður eflaust vatn á myllu hermdarverkamanna sem nota það tækifæri til að réttlæta enn meiri dráp og skelfingu.“

Drjúgan hluta predikunarinnar helgaði biskup þeim einstaklingum sem þjóðin missti í umferð-



KARL SIGURBJÖRNSSON
BISKUP

arslysum á síðasta ári. „Skelfileg umferðarslys öllu dauða 30 karla, kvenna, barna, og skilja eftir harm og sorg. Og svo eru ótalin þau mörgu sár og örkuml sem slysin valda. [...] Það er ekki bara samgönguvandi sem við er að

etja. Þarna er líka siðferðismein á ferðinni, vaxandi yfirgangur og æsingur í samfélaginu. Fregnir af háttsemi vegfarenda sem komu þar að sem stórslys urðu á þjóðvegum, og með frekju og óþolinmæði trufluðu störf lögreglunnar og þeirra sem hlynntu að slösuðum, eru ótrúlegar og skelfilegar.“

Þá var biskup ómyrkur í máli í garð ofbeldisdyrkunar nútímamfélagsins, sem hann sagði meðal annars birtast ungu fólki í tölvuleikjum. Börn væru dýrmætasta eign okkar og ekki væri nægilega vel búið að fjölskyldum þeirra.

- sh

Mengunin sprengdi skalann: Svifrykið ómælanlega mikið

MENGUN Svifryksmengun í Reykjavík sló öll met á nýársnótt, í samræmi við metár í sprengjuæði landsmanna.

Stíllt veður var í borginni og fram eftir nóttu var eins og þoka lægi yfir öllu vegna skoteldamengunar og púðuragna.

„Við vitum í raun ekki nákvæmlega hvað mengunin var mikið því að mér sýnist hún hafa farið upp fyrir mælisvið mælitækisins þegar mest var,” segir Lúðvík E. Gústafsson, deildarstjóri mengunarvarna borgarinnar.

Mengunin fór langt yfir heilsuverndarmörk og segir Lúðvík ástandið geta verið óheilsusamlegt fólki með viðkvæm öndunarfæri. „Það má spyrja sig að því hvort eðlilegt sé að björgunarsveitir byggja afkomu sína á að selja eitthvað sem er hættulegt heilsu sumra. En þetta er vissulega skemmtilegt.“



LÚÐVÍK E. GÚSTAFSSON

Margrét Danadrottning: Þurfa að sýna meiri skilning

ÁVARP Margrét Þórhildur Danadrottning segir atburði ársins undirstrika nauðsyn þess að Danir sýni erlendum menningarheimum meira umburðarlyndi og skilning. Þetta kom fram í áramótaávarpi hennar.

Skopmyndir af Múhameð spámanni, sem birtust í Jyllands-Posten snemma á síðasta ári, öllu miklu uppnámi meðal múslima um allan heim.

„Við erum að byrja að gera okkur grein fyrir því að við verðum að auka skilning okkar og reyna að útskýra fyrir öðrum á hvaða gildum þjóðfélag okkar byggist,” sagði hún.

- sh

ÚTSALAN
er hafin

Smáralind
BETRI LEIÐ
TIL AÐ VERSLA

SPURNING DAGSINS

Reynir, af hverju ertu ekki meira eins og Hannes Smárason?

„Ef ég bara gæti.“

Í Áramótaskaupi Ríkissjónvarpsins var mikið gert úr mannkostum Hannesar Smárasonar kaupsyslumanns. Reynir Lyngdal er leikstjóri Áramótaskupsins.

Práðurinn tekinn upp í dag í viðræðum flugumferðarstjóra og Flugstoða:

Viðbúnaðaráætlunin í gildi

SAMGÖNGUR Viðbúnaðaráætlun Flugstoða um flugumferðarþjónustu á íslenska flugstjórnarsvæðinu tók gildi á miðnætti á nýársnótt þar sem ekki hafði náðst niðurstaða í deilu Félags íslenskra flugumferðarstjóra og Flugstoða.

Þrýðilega gekk að stjórna flugumferð í gær að sögn Þorgeirs Pálssonar, forstjóra Flugstoða. Engar tafir urðu á flugi þó að umferðin í svæðinu hafi verið yfir meðallagi miðað við það sem gerist á þessum tíma árs með um 150 vélar, þar af 11 vélar í flugi milli Íslands og annarra landa.

„Menn eru að fljúga eftir föst-um ferlum og flughæðum sem að



ÞORGEIR PÁLSSON FORSTJÓRI FLUGSTOÐA Á meðan fleiri flugumferðarstjóra hafa ekki komið til vinnu hjá Flugstoðum verður flugumferðarþjónusta félagsins í samræmi við viðbúnaðaráætlunina.

þeim er nánast úthlutað. Þeir fá kannski ekki þær flugleiðir eða flughæðir sem þeir vildu en þetta hefur gengið lipurlega.“

Góður árangur náðist í viðræðum um lífeyrismál á gamlársmorgun að sögn Þorgeirs sem vildi ekkert spá fyrir um hvort deilan væri að

leysast. „Ég er hvorki bjartsýnn né svartsýnn og vil bara sjá hvernig þetta þróast.“ Þráðurinn verður aftur tekinn upp í dag.

Öryggisnefnd Félags íslenskra atvinnuflugmanna hefur lýst áhyggjum yfir viðbúnaðaráætluninni og telur að hún feli í sér skert flugöryggi. Flugmálastjórn áréttaði í kjölfarið að með viðbúnaðaráætluninni muni draga úr afkastagetu en fullu flugöryggi verði haldið uppi. Þorgeir segir áhyggjur öryggisnefndarinnar óþarfar. „Viðbragðsáætlunin var gerð samkvæmt reglum Alþjóðaflugmálavæðingarmálaráðgjafarinnar sem hefur samþykkt hana.“

-sdg

Handtekinn í Grindavík:

Ölvaður maður sveiflaði hníf

LÖGREGLUMÁL Lögreglan í Keflavík handtók mann á heimili sínu í Grindavík um klukkan tvö á nýársnótt þar sem hann var ölvaður í miklu ójafnvægi og sveiflaði hníf í kringum sig.

Þegar lögreglu bar að garði róaðist maðurinn og kom því ekki til átaka. Maðurinn svaf úr sér í fangaklefa ásamt þremur öðrum sem handteknir höfðu verið vegna óláta og ölvunar.

Lögreglan í Keflavík þurfti í tvígang að slökkva eld í brunnum skottertum sem hafði verið staflað upp. Einnig þurfti að slökkva eld í ruslagámi við verslun í bænum.

-sh

Jón Sveinsson:

Hættir í einkavæðingarnefnd

STJÓRNMÁL Jón Sveinsson hæstaréttarlögmaður hefur



JÓN SVEINSSON

óskað eftir því að láta af starfi formanns í einkavæðingarnefnd. Hann segir ákvörðunina ekki tengjast umfjöllun Fréttablaðsins um sölu á hlut íslenska

ríkisins í Íslenskum aðalverktökum ehf.

„Ég tek þessa ákvörðun af persónulegum ástæðum,“ segir hann. „Ég hef verið mikið veikur á þessu ári og ákvað að skipta um vettvang.“

Við formennsku í nefndinni tekur Baldur Gunnlaugsson, ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu.

-sps

Uppgjör fjölmiðla við árið:

Nokkrir menn ársins 2006

ÚTNEFNING Ómar Ragnarsson, Hannes Smárason, Róbert Wessmann, Ásta Lovísa Vilhjálmssdóttir, Eidur Smári Guðjohnsen, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson og Dorrit Mousaieff eiga það öll sameiginlegt að hafa verið valin maður ársins 2006.

Mikil upphefð felst í því að vera maður ársins þar sem viðkomandi þykir fremstur meðal jafningja eftir árið. Ómar Ragnarsson gæti jafnvel talist enn fremri þar sem hann fékk tvær útnefningar sem maður ársins, hjá Fréttastofu Stöðvar 2 og Rás 2.

Meðal þeirra sem útnefndu mann ársins voru Markaðurinn, Ísafold, DV, Nýtt líf, Útvarp Saga og Frjáls verslun.

-sdg



NÝKOMINN HEIM Sveinn Thorarensen, lengst til vinstri, gladdist með bróður sínum Guðna Thorarensen og Ástu Ingibjörgu Aðalsteinsdóttur sem halda hér á sonum sínum, Eiríku Boga og óskírðum Guðnasyni.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANNI

Höfðu beðið í tólf daga eftir stráknum

Fyrsti Íslendingur ársins fæddist í Reykjavík þegar 24 mínútur voru liðnar af árinu. Drengurinn hafði látið bíða eftir sér frá 19. desember. Fyrsti Norðlendingur ársins fæddist klukkan rúmlega sjö á nýársdagsmorgun.

ÁRAMÓT Klukkan 24 mínútur yfir miðnætti á nýársnótt fæddist fyrsti Íslendingur ársins 2007 á Landspítalanum. Sá var drengur sem hafði látið foreldra sína, Ástu Ingibjörgu Aðalsteinsdóttur og Guðna Thorarensen, bíða lengi eftir sér.

„Þetta er eitthvað sem enginn hefði þorað að láta sig dreyma um því að hún var sett á 19. desember,“ sagði hinn nýbakaði faðir og bætti við að tilfinningin væri ólýsanleg. „Maður var ekki mönnum sinnandi vegna stress og taugarnar að gera út af við okkur. Það er rétt svo að við munum eftir jólinum.“

Þau hjónin fóru upp á fæðingardeild upp úr klukkan átta á gamlárskvöld og það var strax byrjað að gantast með það að þetta gæti orðið fyrsta barn ársins að sögn Guðna. „En ég held að menn hafi nú ekki verið að meina það í alvöru.“

Nýársdrengurinn er annað barn Ástu og Guðna. Eiríkur Bogi Guðnason, sem varð 19 mánaða 28. desember, er ánægður með nýjasta fjölskyldumeðliminn. „Honum líst allavega núna í augnablikinu vel á hann. Meðan hann gerir ekkert annað en að liggja kyrr og sofa þá er þetta allt í lagi.

En ef það á að fara að gefa honum að drekka þá vill hann fá að vera með.“

Annað barn ársins 2007 kom í heiminn klukkan rúmlega fimm á Landspítalanum.

Norðlenskur drengur fæddist á Akureyri klukkan rúmlega sjö á nýársdagsmorgun og næsti Norðlendingur leit dagsins ljós á Dalvík rétt fyrir tíu.

Allt var með kyrrum kjörum á fjórðungssjúkrahúsinum á Ísafirði og Neskaupstað og ekki vitað til þess að nýir Íslendingar hafi bæst í hópinn í þeim fjórðungum um nóttina.

sdg@frettabladid.is

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Á ról í janúar

SLYS „Ef allt gengur samkvæmt áætlun á ég að komast heim í lok næstu viku,“ segir Guðlaugur Þór Þórðarson alþingismaður, sem brenndist illa á baki rétt fyrir aðfangadagskvöld. Hann átti að fá að vera á heimili sínu yfir áramótin en fékk skyndilega hita og þurfti að fara aftur á spítalann þar sem hann er í einangrun.

„Það er mikil hætta á sýkingu á meðan sárin eru að gróa,“ segir hann. Síðar í þessari viku verður ljóst hvort færa þarf skinn af læri á bakið. Þurfi þess mun Guðlaugur dvelja lengur á sjúkrahúsinu.

„Ég verð kominn á ról í janúar,“ segir Guðlaugur og ætlar sér að taka fullan þátt í alþingiskosningunum í vor. Mestu skipti að taka það rólega fyrstu vikurnar.

-bg



FLUGELDAR Yfir 500 tonn í loftið.

Flugeldasala Landsbjargar:

Söluaukning í ár

FLUGELDAR Flugeldasala björgunarsveita Slysavarnafélagsins Landsbjargar gekk vel fyrir nýliðin áramót. Salan jókst um að minnsta kosti 20 prósent um þessi áramót frá árinu á undan, sem var metár. Aukningin getur verið meiri þar sem nákvæmar sölutölur eru ekki komnar.

Eftir þrettándann kemur í ljós hversu miklu þessi tekjulind skilar björgunarsveitunum.

Á milli 500 og 600 tonn af flugeldum voru flutt til landsins í ár, sem er óvenju mikið.

-sh

BÍLL DAGSINS

NISSAN PATHFINDER LE IT

Nýskr. 07.05 - Beinskriptur - Ekin 24 þús. km. - Allt að 100% lán.



Verð
4.860.000.-

Ingvar Helgason

NOTAÐIR BÍLAR

Opíð: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.

Árásir í Bangkok líklega skipulagðar af stuðningsmönnum fallinnar ríkisstjórnar:

Þrír fórust í nýu sprengingum

TAÍLAND, AP Þrír fórust og 38 særðust í nýu sprengingum í Bangkok í Taílandi á nýársnótt. Forsætisráðherrann Surayud Chulanont sagði í gær að stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar sem steypt var af stóli fyrir þremur mánuðum stæðu að öllum líkindum bak við árásirnar. Enginn hefur þó lýst sig ábyrgan á þeim.

Fyrirverandi forsætisráðherra Thaksin Shinawatra nýtur enn mikils stuðnings, en hópur herforingja framdi valdarán og kom Surayud til valda fram að kosningum sem verða haldnar í október. Thaksin er nú í útlegð erlendis.

„Ódæðismennirnir hafa slæmar fyrirætlanir og vilja að árásirnar hafi áhrif á stjórnmálaástandið. Þeir vilja láta líta út fyrir að ójafnvægi ríki á Taílandi,“ sagði forsætisráðherra.

Íslamskir vígamenn hafa fram



SLÆM AÐKOMA Lögreglumaður skoðar svæðið þar sem ein af sprengingunum í Bangkok sprakk.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

íð árásir í suðurhluta landsins, en flest bendir þó til að sprengingarnar hafi ekki tengst þeim skærum.

Heimildarmaður innan hersins segir hóp hátt settra manna í her-

num hafa skipulagt sprengingarnar ásamt stjórnmálamönnum sem misstu völd sín í valdaráninu. Ætluin hafi verið að skaða trúverðuleika ríkisstjórnarinnar.

-sgj

RÝMUM FYRIR
NÝJUM OG
SPENNANDI
VÖRUM

ÚTSALA

27. desember - 21. janúar



GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	71,66	72,00
Sterlingspund	140,64	141,32
Evra	94,35	94,87
Dönsk króna	12,65	12,724
Norsk króna	11,419	11,487
Sænsk króna	10,415	10,477
Japanskt jen	0,6025	0,6061

SDR	107,72	108,36
-----	--------	--------

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
129,1819
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Starfsmaður við Kárahnjúkavirkjun stakk annan í kvið og handleggi á nýársnótt:

Stakk samstarfsmann sinn þrívægis

LÖGREGLUMÁL Starfsmaður við Kárahnjúkavirkjun var stunginn þrisvar sinnum af samstarfsmanni sínum um klukkan eitt á nýársnótt vegna kvemma-mála. Árásarmaðurinn, sem er kínverskur, stakk ítalskan starfsmann einu sinni í kviðinn og tvisvar í handleggi sem hann bar fyrir sig við árásina.

Ítalinn slasaðist ekki mjög alvarlega í árásinni, sem átti sér stað í búðum starfsmanna Impregilo við aðgöng tvö. Læknir hlúði að honum á staðnum og reyndist sárið á kvið hans ekki mjög djúpt.

Lögreglumenn frá Egilsstöðum handtóku árásarmanninn í búðunum skömmu eftir árásina og fluttu hann í fangageymslur. Lögreglan yfirheyrði manninn í gærdeg og játaði hann brotið. Málið telst upplýst.

Talið er að ástæða þess að mönnum sinnaðist svo með þessum afleiðingum sé sú að stjakað hafi verið við konu í samkvæminu og þeim kínverska



Á KÁRAHNJÚKUM Talið er að mönnum hafi sinnast vegna þess að stjakað hafi verið við konu í samkvæminu og árásarmanninum gramist það.

hafi gramist það mjög. Báðir eru mennirnir starfsmenn Impregilo og starfa við aðgöng tvö á heiðinni fyrir ofan Fljótsdal.

Stjórnvöld í Írak:

Vilja láta loka sjónvarpsstöð

ÍRAK, AP Ríkisstjórn Íraks fyrirskipaði í gær lokun einkarekinar sjónvarpsstöðvar, sem hún sagði hvetja til ofbeldis og haturs í dagskrárgerð sinni.

Fréttamaður hjá stöðinni, sem heitir al-Sharqiya og sendir út frá Dubai í Sameinuðu arabísku furstadæmum, segir hins vegar að stöðin hafi lokað útbúi sínu í Bagdad fyrir þremur mánuðum vegna árása á starfsmenn.

Fyrirskipunin hafi því engin áhrif. Stöðin hefur haft Saddam Hussein heitinn í hávegum og stutt við bakíð á súnnium, en ríkisstjórnin er að mestu skipuð sjía-múslimum.

Ráðstefna um nýtingu jarðhita: Ræða um jarðhita í Djíbútí

UMHVERFISMÁL Forseti Djíbútís og Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, boða til ráðstefnu um nýtingu jarðhita í löndum Afríku síðar í þessum mánuði.

Á ráðstefnunni, sem haldin verður í Djíbútí, munu forystumenn fimm Afríkurríkja koma saman til að ræða nýtingu jarðhitans í löndum sínum. Þar verða einnig íslenskir vísindamenn, fulltrúar Reykjavíkurborgar og hagfræðingurinn Jeffrey Sachs, sem boðar til ráðstefnunnar ásamt forsetunum tveimur. - sps



PUNGLYNDISLYF Ný rannsókn sýnir að fólk 24 ára og yngra sem tekur þunglyndislyf er líklegra til að fremja sjálfsvíg.

Ungt fólk og þunglyndislyf: Ungir líklegri til sjálfsvíga

HEILSA, AP Notkun þunglyndislyfja hjá sjúklingum sem eru 24 ára eða yngri eykur líkurnar á sjálfsvígum. Þetta kemur fram í nýrri rannsóknaskýrslu bandarískra heilbrigðisyfirvalda. Hins vegar á hið öfuga við þegar sjúklingarnir eru komnir yfir þrítugt.

Talsmenn bandaríska matvæla- og lyfjæftirlitsins leggja því til að merkingum á þunglyndislyfjum verði breytt, svo viðvörðun komi fram á umbúðum lyfja sem ætluð eru börnum og ungu fólki. Þar yrði jafnframt mælt með því að sjúklingar á öllum aldri væru undir eftirliti sérfræðinga, sérstaklega við upphaf lyfjameðferðar þegar hættan á sjálfsvígi er mest. - smk

Líkamsárásir voru þema nýársnætur

Áttatíu höfuðborgarþéttbýlar komu á slysadeild á nýársnótt. Ungur maður höfuðkúpbrotnaði eftir fólkskulega árás. Fjórir meiddust eftir meðhöndlun flugelda, þar af einn alvarlega. Ánægja er meðal lögreglu með stóráfallalaus nýársnótt.

LÖGREGLUMÁL Rúmlega 80 manns komu á slysadeild Landspítalans á nýársnótt. Þema næturinnar var líkamsárásir, að sögn læknis á slysadeild, en flestir sem þangað komu voru meiddir eftir slagsmál og ölvunarslys. Þá þurftu fjórir læknishjálpar vegna flugeldaslysa. Ánægja ríkir þó meðal lögreglu-manna á höfuðborgarsvæðinu með það að nóttin hafi verið að mestu stóráfallalaus.

Ungur maður höfuðkúpbrotnaði þegar tveir menn réðust á hann að tilefnislausu í Vesturbæ Reykjavíkur. Maðurinn ætlaði að ganga einsamall heim úr samkvæmi þegar mennirnir veittust að honum. Vitni voru að árásinni sem gátu gefið greinar-góða lýsingu á árásarmönnum en þeir eru enn ófundnir. Fórnar-lambið liggur á heila- og tauga-skurðeild en er ekki í lífshættu, hélt meðvitund í allan gærdeg og þurfti ekki að vera í öndunarvél. Þó er líklegt að hann þurfi að fara í skurðaðgerð á næstu dögum.

Karlmaður slasaðist talsvert þegar sprengja sprakk í höndum hans og þurfti hann að gangast undir skurðaðgerð um nóttina. Tveir ungir drengir brenndust í andliti og voru lagðir inn á sjúkrahús vegna fikts með flugelda. Þeir höfðu tekið skotkökur í sundur og sett innihaldið í poka sem þeir svo kveiktu í. Klukkan níu í gærmorgun var svo farið með einn sjúkling á augndeild með augnskaða eftir skoteld.

Tilkynnt var um eignaspjöll á níu stöðum, mest við skóla og verslunarmiðstöðvar, þar sem



LJÓSAÐYRÐ Á NÝARSNÓTT Alls voru sjúkrafriðar kallaðar um fimmtíu sinnum út um áramótin, en ófyrirséð hálka setti þar nokkurt strík í reikninginn. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

rúður höfðu verið sprengdar með flugeldum. Þá voru dælubílar slökkviliðsins kallaðir út átta sinnum en í öllum tilvikum var um minniháttar eld að ræða.

Alls voru sjúkrafriðar kallaðar út um 50 sinnum frá hálf átta um kvöldið fram til morguns og setti ófyrirséð hálka á götum borgarinnar þar strík í reikninginn. Margir runnu til í hálkunni og kenndu sér meins á eftir og leigubilstjórar voru margir

hverjir afar ósáttir með að götur hefðu ekki verið saltaðar. Tíu árekstrar voru skráðar, þar af einn nokkuð harður.

Aðeins þrjár voru teknir fyrir ölvunarakstur þessa nýársnótt, sem er mun minna en verið hefur undanfarin ár. Varðstjóri lögreglu segir það geta skýrst af því að lögreglan hafi einfaldlega haft í nægu öðru að snúast en að stöðva ölvæða ökmenn.

stigur@frettabladid.is

Orkuveita Reykjavíkur:

Á hönnunar- og viðhaldsmarkaði

ORKA Orkuveita Reykjavíkur, opinbert fyrirtæki, býður upp á heildarlausnir í útlýsingu, allt frá hönnun til uppsetningar og viðhalds. Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins hafa margoft sagt að takmarka skuli starfssvið Orkuveitunnar við grunnþjónustu á borð við að veita vatn og rafmagn, en ekki á þeim sviðum þar sem samkeppni ríkir á markaðnum.

„Við erum fyrst og fremst að koma til móts við viðskiptavinum okkar og veita góða þjónustu,“ segir Brynjar Stefánsson, sviðsstjóri sölusviðs hjá Orkuveitu Reykjavíkur. „Þetta er þjónusta sem við höfum veitt í fjölda ára.“ - sps

Blóðug árás rándýrs:

Tígur át handlegg starfskonu

BANDARÍKIN, AP 157 kílógramma tigrisdýr át megnið af hægri handlegg starfskonu dýragarðs í San Francisco í Bandaríkjunum 22. desember síðastliðinn.

„Tígurinn át hönd hennar og hélt hægri og rólega áfram að kjamsa á restinni af handleggnum,“ sagði vitni að atburðinum.

Tatiana, sem er þriggja ára Síberíutígur, sleppti ekki fórnarlambinu fyrir en annar starfsmaður dýragarðsins laust hana í höfuðið með löngu priki. Fórnarlambið hefur þurft að dvelja á sjúkrahúsi síðan atvikið átti sér stað. - sgi

BANDARÍKIN

Tólf fórust í stormi

Kröftugur vetrarstormur olli dauða 12 manns í Colorado-ríki í Bandaríkjunum í gær. Flestir dóu í bílslysum vegna hálfu á vegum og rafmagns-laust varð á tugþúsundum heimila.

Til Sölu
Smáauglýsingar af öllum gerðum.
Allar mjög sjáanlegar og í góðu ástandi
Uppl. í s. 550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá

VEÐURSPÁ

um hádegi »

um hádegi »

Kaupmannahöfn	7°C skýjað	London	10°C skýjað	Alicante	18°C léttskýjað
Þórshöfn	8°C skúrir	Paris	10°C skúrir	Mallorca	17°C skýjað
Oslo	2°C hálfskýjað	Frankfurt	5°C skúrir	Algarve	18°C hálfskýjað
Stokkhólmur	6°C skýjað	Friedrichshafen	5°C skúrir	Krit	16°C skýjað
Gautaborg	8°C skýjað	Berlin	6°C rigning	Las Palmas	21°C heiðskirt

* Vinndraði er í metrum á sekúndu.

Útsalan

í fullum gangi

30-90%

afsláttur af fatnaði, skóm,
leikföngum og heimilisvöru



Fyrstur kemur fyrstur fær

**Vorum að bæta við vörum
á markaðinn. Aðeins 4 verð!**

UPPHAFLEGT VERÐ

VERÐ NÚ

999-1.299 KR.

250 KR.

1.499-1.999 KR.

500 KR.

2.499-2.999 KR.

750 KR.

3.499-4.999 KR.

1.000 KR.

barnafatnaður, dömufatnaður,
herrafatnaður og skór.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla

KJÖRKASSINN

Horfir þú á Áramótaskaupið?

Já 93%

Nei 7%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Varstu ánægð(ur) með Áramótaskaupið í ár?

Segðu skoðun þína á visir.is



Formaður VR gagnrýnir BHM fyrir að sækjast eftir félagsmönnum sínum:

Sátt rofin milli stéttarféлага

KJARAMÁL Sátt milli stéttarféлага um að ekki sé samkeppni um félagsmenn virðist hafa verið rofin, að sögn Gunnars Páls Pálssonar, formanns VR.

Stjórnarmaður í Kjarafélagi viðskiptafræðinga og hagfræðinga birti grein nýlega þar sem hann hvatti félagsmenn VR til að ganga til liðs við Bandalag háskólanna, sem Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga tilheyrir.

Gunnar Páll telur að þetta sé í fyrsta skipti sem stjórnarmaður í öðru félagi hvetur til þess opinberlega að menn gangi úr einu félagi í annað. Gunnar Páll segir að vilji menn sækja að VR þá muni þeir



HALLDÓRA
FRÍÐJÓNSDÓTTIR



GUNNAR PÁLL
PÁLSSON

gjalda í sömu mynt og sækjast eftir þeirra félagsmönnum. „Menn skulu fara varlega að kasta steinum úr glerhúsum.“

Heiða Björk Jósefssdóttir, formaður Kjarafélags viðskiptafræð-

inga og hagfræðinga, segir umrædda grein hafa verið skrifaða af einstaklingi og endurspegli ekki skoðun félagsins. Aðspurð um sáttina sem Gunnar Páll talar um segist Heiða ekki kannast við hana og vísar til þess að félagafrelsi ríki á Íslandi. „En ég tek fram að við erum ekki að fara í neina baráttu við VR.“

Halldóra Friðjónsdóttir, formaður BHM, er hissa á að formaður VR vísi á BHM og segir óheppilegt að hann yfirfæri skoðanir stjórnarmanns í aðildarfélagi á BHM sem sé ekki í neinni útrás. „Við erum ekki í því að, eins og hann orðar það, stela félagsmönnum.“ - sdg

Mótmælti byggingu álvers:

Olli eignaspjöll-um á álverslóð

DÓMSMÁL Héraðsdómur Austurlands hefur dæmt karlmann á sextugsaldri til að greiða 70 þúsund króna sekt fyrir að hafa ruðst inn á vinnusvæði Bechtel á álverslóð í Reyðarfirði, í ágúst 2006, og klippt í sundur víra í girðingu sem afmarkar lóðina. Maðurinn neitaði að fara af lóðinni eftir að hafa framið eignaspjöllin og lá vinna á svæðinu niðri í tvo tíma.

Karlmaðurinn ruddist inn á svæðið til að mótmæla byggingu álvers á svæðinu. Fyrir dómi vörðkenndi maðurinn að hafa gert það sem hann var ákærður fyrir en neitaði að það væri refsivert. - ifv

Sjálfstæðisflokkurinn:

Kjartan hættur

STJÓRNMÁL Kjartan Gunnarsson, fráfaramandi framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins, lét af störfum um áramótin eftir 26 ár í starfi. Eftirmaður hans, Andri Óttarsson, tók við 3. október síðastliðinn.

Kjartan, sem starfað hefur með fjórum formönnum á þessu tímabili, segir Sjálfstæðisflokkinn í dag vera með öflugra stöðu og sterka möguleika til þess að láta áfram til sín taka.

Kjartan vildi ekki tjá sig um starfslokin en aðspurður um hvað tæki við sagði hann ekkert sérstakt starf bíða sín. „Ég held bara áfram að lifa mínu hægláta lífi.“ - sdg



SÓL Í STRAUMI Hafnirföngum gefst nú kostur á að skila Bó endurgjaldslaut.

Alcan greiðir kostnaðinn:

Ókeypis skil á diskum Bó Hall

STÓRIÐJA Hrannar Pétursson, upplýsingafulltrúi Alcan, segir að þeir Hafnirföngar sem vilja skila mynd- og geisladiskum með Björgvini Halldórssyni, sem fyrirtækið sendi í um 7.200 eintökum inn á hvert heimili í Hafnirfirði, geti farið með hann á næsta pósthús og sent Alcan hann sér að kostnaðarlausu. „Við getum greitt sendingarkostnaðinn fyrir þá sem vilja skila diskunum,“ segir Hrannar Pétursson, upplýsingafulltrúi Alcan, og undirstríkar að fólk þurfi þá að láta það koma fram á umslaginu að móttakandi greiði sendingarkostnaðinn.

Að sögn Hrannars barst Alcan einn diskur seinasta föstudag og hefur átján diskum þá verið skilað en meðlimir samtakanna Sól í Straumi skiluðu sautján diskum daginn áður. - ifv



SAMVERA Ólafur Ragnar Grímsson forseti segir lífsgæðakapphlaup, langan og strangan vinnudag og kröfur sem gerðar eru draga úr samvistum foreldra og barna.

Mikilvægt að stytta vinnudag foreldra

Forseti Íslands vill stytta vinnudag svo að foreldrar geti betur sinnt börnum sínum. Forsætisráðherra segir mikilvægt að takast á við málefni útlendinga á Íslandi. Þetta er meðal þess sem kom fram í ávörpum þeirra beggja á gamlársmóti.

ÁVÖRP Ólafur Ragnar Grímsson forseti segir mikilvægt að stytta vinnudaginn svo að foreldrar geti betur sinnt börnum sínum.

Einnig þurfi að bregðast við breytingum á loftslaginu og hækkandi sjávarýfirborði. Þetta kom fram í áramótaávarpi hans á gamlársmóti.

Geir H. Haarde forsætisráðherra hafði málefni útlendinga að umtalsefni í sínu ávarpi. Fjölgu þeirra hér á landi sé einn angur þeirrar þróunar sem alþjóðavæðingin hefur haft í för með sér.

Hann talaði einnig um aukid frjálsræði í efnahags- og viðskiptalífi og bættan hag launamanna og fyrirtækja í landinu.

„Kapphlaupið um lífsins gæði, langur og strangur vinnudagur, kvaðir sem hvíla á foreldrunum, kröfurnar sem gerðar eru – allt hefur þetta dregið úr samvistum foreldra og barna,“ sagði forsetinn í ávarpi sínu.

„Börnin eru jafnvel skemur með foreldrum sínum en kennurum sem taka við þeim árla morguns og annast fullan vinnudag. Mikilvægt er að stytta hinn langa vinnudag og bæta þannig aðstöðu foreldra til að sinna börnum sínum.“

Hann sagðist einnig hafa ákveðið að beita kröftum sínum til að hrinda í framkvæmd þeirri hugsjón að Ísland verði miðstöð alþjóð-

legs samstarfs og samræðna um hreinan orkubúskap jarðarbúa.

„Ekki verður lengur deilt um að loftmengun skapar mannkyni nýja ógn. Enginn sem finnur til ábyrgðar getur lengur setið hjá,“ sagði hann.

Geir H. Haarde sagði að mikilvægt væri fyrir okkur Íslendinga að takast á við málefni útlendinga á Íslandi með víðsýni að leiðarljósi.

„Sjálfsagt er að við munum fylgja fast eftir því eftirliti hér á landi sem nauðsynlegt er til að halda þeim fjarri okkar ströndum, sem hingað vilja komast í annarlegum eða ólöglegum tilgangi,“ sagði hann.

Hann nefndi einnig að afnám hindrana og aukning frjálsræðis í efnahags- og viðskiptalífi hefði stækkað hagkerfi okkar um meira en helming og kaupmáttur heimilanna hefði aukist enn meir.

„Við höfum enga ástæðu til annars en að vera bjartsýn og nýjustu verðbólguþölur sýna að við erum á réttri leið.“

salvar@frettabladid.is



GEIR H. HAARDE
„Það er mikilvægt fyrir okkur Íslendinga að takast á við málefni útlendinga á Íslandi með víðsýni að leiðarljósi.“



ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON
„Börnin eru jafnvel skemur með foreldrum sínum en kennurum sem taka við þeim árla morguns og annast fullan vinnudag.“

Þjóðhátíðarsjóður:

Auglýst eftir umsóknum

MENNING Þjóðhátíðarsjóður auglýsir eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum á árinu 2007. Tilgangur sjóðsins er að veita styrki til stofnana og annarra aðila, er hafa það verkefni að vinna að varðveislu og vernd þeirra verðmæta lands og menningar, sem núverandi kynslóð hefur tekið í arf.

Á næstu fimm árum, frá og með árinu 2007, mun sjóðurinn hafa um 20 milljónir króna á ári til úthlutunar. Úthlutunum lýkur að þeim tíma liðnum, eða árið 2011, og er þá reiknað með að sjóðurinn hafi þegar úthlutað öllu fé sínu í samræmi við tilgang hans. - shá



FRAMBJÓÐENDURNIR Björgvín P. Sigurðarson, Róbert Marshall og Guðný Hirund Karlsdóttir afhentu fólki jólakort. MYND/VÍKURFRÉTTIR

Samfylkingin á Suðurlandi:

Uppskrift að betra Íslandi

ÍÓL Frambjóðendur Samfylkingarinnar á Suðurlandi ákváðu að dreifa sérstæðu jólakorti í kjördæminu þessi jólin með uppskriftum að jólasalati, eftirrétti og betra Íslandi. Vakti uppátækið mikla lukku að sögn Björgvins G. Sigurðssonar alþingismanns.

Betra Ísland er kynnt sem kosningaréttur fyrir 300.000 Íslendinga og meðal hræfna er jöfnuður, réttlæti og bræðralag. „Eftir ár verðum við síðan kannski í ríkisstjórn og þá verður hugsanlega einhver önnur uppskrift.“ - sdg

Forseti Íslands sæmdi fjórtán Íslendinga fálkaorðunni við hátíðlega athöfn á Bessastöðum í gær:

Fálkaorðan var veitt fyrir brúðuleik í fyrsta skipti

VIÐURKENNING Fálkaorðan var veitt á Bessastöðum í gær, eins og venja er á nýársdag. Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson, sæmdi fjórtán Íslendinga riddarakrossi fálkaorðunnar fyrir framlag sitt til íslenskrar menningar og þjóðlífs.

Meðal annars fengu Ólafur Jóhann Ólafsson rithöfundur og athafnamaður, Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, og Helga Steffensen brúðuleikari verðlaunin í ár.

„Það er ánægjulegt að þessi listgrein fái slíka virðingu og sé talin með,“ segir Helga. „Ég tek við þessari viðurkenningu fyrir hönd allra þeirra sem stunda þessa listgrein.“ Hún segist telja að þetta sé í fyrsta skipti sem fálkaorðan sé veitt fyrir brúðuleik. „Þetta er tiltölulega ný listgrein, við sem stundum hana erum enn frumkvöðlar.“

Að orðveitingunni lokinni var árleg nýársmóttaka forseta Íslands á Bessastöðum fyrir ráðherra, hæstaréttardómara, alþingismenn, sendiherra, ræðismenn, forystumenn ríkisstofnana og aðra gesti. Að sögn Örnólfs Thorssonar forsetaritaru komu nokkur hundruð manns í móttöku. - sps

FÁLKAORÐUHAFAR

Baltasar Kormákur Baltasarsson, leikstjóri
Bragi Þórðarson, bókaútgefandi
Einar Sigurðsson, fyrrverandi landsbókavörður
Einar Stefánsson, prófessor
Guðrún Jónsdóttir, félagsráðgjafi
Guðfinna Dóra Ólafsdóttir, kórstjóri
Helga Steffensen, brúðuleikstjóri
Hermann Sigtryggsson, fyrrverandi æskulýðs- og íþróttafulltrúi
Kristín Ingólfssdóttir, háskóla rektor
Margrét Indriáadóttir, fyrrverandi fréttastjóri
Ólafur Jóhann Ólafsson, rithöfundur og athafnamaður
Sigurður Einarsson, stjórnarformaður
Sigurveig Hjaltastéð, söngkona
Trausti Magnússon, fyrrverandi skipstjóri



FÁLKAORÐUHAFARNIR Að lokinni orðveitingu var árleg nýársmóttaka forseta á Bessastöðum fyrir ráðherra, hæstaréttardómara, alþingismenn og aðra gesti.



Myndin sýnir álversbyggingu Alcoa Fjarðaáls í Reyðarfirði.

Gleðilegt nýtt ár

Árið 2007 markar tímamót í íslensku atvinnulífi og í sögu allra sem hafa átt sinn þátt í að gera hugmynd um álver á Austurlandi að veruleika. Nýtt íslenskt fyrirtæki, álver Alcoa Fjarðaáls við Reyðarfjörð, hefur framleiðslu með hækkandi sól.

Árið 2007 markar einnig þáttaskil í ævi hundruða Íslendinga, karla og kvenna, sem hafa ráðið sig til starfa hjá hinu nýja álveri. Þau og fjölskyldur þeirra byrja þá nýtt líf í samfélagi sem verður enn öflugra og frjórra en áður.

Árið 2007 er ár sem við væntum mikils af. Við óskum landsmönnum öllum árs og friðar og þökkum samskiptin á árinu sem er að líða. Megi nýtt ár verða okkur öllum til farsældar.

VEISTU SVARIÐ?



- 1 Hvaða útvarpsstöð var lokað í fyrradag?
- 2 Hver var valinn maður ársins á Rás 2?
- 3 Hvaða undarlega jólagjöf leyndist í einum pakka framkvæmdastjóra ítalska knattspyrnuhlidsins Palermo?

Færri fá bíla í jólagjafir nú en áður þó dæmi séu um slíkar gjafir um hver jól:

Fékk bíl fyrir rúmar tvær milljónir

JÓLAGJAFIR Jólagjafir eru misjafnar að verði, umfangi og gæðum og þeir eru þó nokkrir sem eru svo heppnir að fá nýja bíla í jólagjafir þó dregið hafi úr slíku á undanförunum árum.

Egill Jóhannsson, framkvæmdastjóri Brimborgar, segir að almennt sé desember ekki umsvifamikill mánuður í bílasölu en að það komi alltaf fyrir að einhverjir fái bíl í jólagjöf. „Auðvitað getur verið erfitt fyrir okkur að meta til hvers bílarnir eru keyptir en það hefur komið fyrir að við erum beðnir um að setja slaufur á bíla og þá er ekki um að villast að bíllinn er ætlaður til gjafar.“

Egill segir þessi tilfelli vera 1-3 á



HYUNDAI SONATA Dæmi um bíl sem gefinn hefur verið í jólagjöf.

ári og séu stöðug á milli ára. „Fyrir þessi jól gerðist líka það merkilega atvik að við vorum beðnir að útbúa gjafakort fyrir mann sem vildi gefa móður sinni bíltúr á Ford GT sportbíl en sá bíll kostar 30 milljónir.“

Rúnar H. Bridde sölu- og markaðsstjóri hjá Ingvari Helgasyri segir mjög sjaldgæft að bílar séu

keyptir í jólagjafir en man eftir einum bíl sem var keyptur fyrir þessi jól sem var útbúinn sem gjöf. „Í því tilviki var eiginmaðurinn að gefa konu sinni bíl í jólagjöf.“

Hjá Bifreiðum og landbúnaðarvélum fengust þær upplýsingar að sala á bílum til jólagjafa hefði dregist saman á milli ára. Þó eru alltaf einhverjir sem detta í lukkupottinn og fyrir þessi jól fékk kona ein bifreið frá eiginmanni sínum og er verðmæti bílsins á þriðju milljón.

Sem dæmi um bíla sem keyptir hafa verið í jólagjafir frá B&L má nefna Renault, BMW og Hyundai Sonata.

-hs

Brot gegn valdstjórninni:

Hótaði lögreglu ítreakað lífláti

DÓMSMÁL Karlaður á fertugsaldri hefur verið ákærður fyrir að hafa að morgni 29. júlí síðastliðins brotið gegn valdstjórninni. Maðurinn var þá staddur fyrir utan skemmtistaðinn Gullöldina við Hverafold í Grafarvogi og er honum gefið að sök að hafa hótad lögreglumanni sem var þar við skyldustörf lífláti og slegið hann í brjóstakassann. Á hann að hafa haldið slíku atferli áfram í lögreglubíl á leið til lögreglustöðvarinnar við Hverfisgötu og hótad öðrum lögreglumanni ítreakað lífláti.

Maðurinn er auk þess ákærður fyrir umferðarlagabrot. -þsj



EFTIRFÖR Ökumaðurinn náðist í Keflavík.

Ók of hratt og reyndi að flýja:

Sagðist með of marga punkta

LÖGREGLUMÁL Lögreglan í Keflavík hugðist stöðva bifreið sem var yfir löglegum hraða á Sandgerðisvegi á laugardagskvöld. Ökumaðurinn sinnti ekki stöðvunarkerkjum og ók undan lögreglu áleiðis til Keflavíkur.

Fleiri lögreglubifreiðar tóku þátt í eftirförinni og náðist að stöðva ökumanninn á Hringbraut skammt frá Mánatorgi í Keflavík. Maðurinn, sem var allsgáður, gaf þá skýringu að hann væri „tæpur á punktum“, og átti þá við refsipunkta í ökuferilskrá.

-sh

Grunaður njósnari:

Rússi brottrækur frá Kanada

KANADA, AP Rússi nokkur, sem sakaður er um að hafa njósnað fyrir ríkisstjórn sína í Kanada, var á þriðjudag gerður brottrækur með valdi frá Kanada.

Að sögn Stockwell Day, almannavarnaráðherra Kanada, var maðurinn, sem gekk undir nafninu Paul William Hampel, handtekinn í nóvember eftir að upp komst að kanadískt fæðing-arvottorð hans var falsað.

Maðurinn gaf yfirvöldum upp þjóðerni sitt og nafn í skiptum fyrir að þau tilkynntu fjölmiðlum ekki rétt nafn hans, því hann óttaðist um öryggi sitt og fjölskyldu sinnar.

Telja stjórnvöld hann vera rússneskan njósnara á vegum rússnesku leyniþjónustunnar og fóru fram á að honum yrði fyrirvaralaust vísað úr landi.

-smk

Síðasta vígi íslamista tekið með hervaldi

Hersveitir bráðabirgðastjórnarinnar í Sómalíu náðu þriðju stærstu borg landsins á sitt vald í gær. Forsætisráðherra lofar hermönnum íslamista sakaruppgjöf og boðar afvopnun. Vígamenn hóta skærum í líkingu við öldina í Írak.

SÓMALÍA, AP Hersveitir sómolsku bráðabirgðastjórnarinnar með liðsstyrk eþíópískra skriðdreka og orrustuþotna hafa fellt seinasta vígi hreyfingar íslamista, þriðju stærstu borg landsins, Kismayo, að sögn forsætisráðherra bráðabirgðastjórnarinnar, Ali Mohamed Gedi.

Forsætisráðherrann hefur lofað vígamönnum íslömsku hersveitanna sakaruppgjöf, gefi þeir sig fram, en leiðtogar vígahópanna verði að svara til saka.

Jafnframt boðaði forsætisráðherrann allsherjar afvopnun í landinu, en nóg hefur verið til af vopnum í Sómalíu eftir fimmtán ára borgarastyrjöld. Vígamönnum er jafnframt skylt að skila inn vopnum sínum.

„Tími stríðsherranna í Sómalíu er liðinn og ef við náum þeim, þá afhendum við Bandaríkjamönnum þá,“ sagði Gedi. Bráðabirgðastjórn, studd af Sameinuðu þjóðunum, hefur stjórnað landinu í rúman áratug. Æðstaráð íslamista tók völdin í höfuðborginni Mógadisjú fyrir hálfu ári og stefndi að því að gera Sómalíu að ríki að íslömskum sið.

Íslamistar eiga enn afdrep nærri landamærunum að Kenía, en þeir yfirgáfu Mógadisjú friðsamlega fyrir fáeinum dögum og



STUND MILLI STRÍÐA Eþíópískir hermenn slappa af í norðanverðri Mógadisjú, höfuðborg Sómalíu.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

flýðu undan herliði bráðabirgðastjórnarinnar og eþíópísku hersveitunum.

Íslamistarnir hafa verið sakaðir um tengsl við al-Kaída, en þeir hafa hafnað þeim ásökunum. Leiðtogar hryðjuverkahópa hafa hvatt vígamenn íslamista til dáða og hótad skærum í líkingu við þær sem hrjá Írak um þessar mundir.

Stjórnvöld Bandaríkjanna hafa verið beðin um aðstoð við eftirlit

með lofthelgi og landhelgi Sómalíu. Heraflar bráðabirgðastjórnarinnar og Sómalíu fjarlægðu jarðsprengjur af hafnarsvæði Kismayo.

Forseti Kenía hefur hvatt til allsherjafundar um ástandið í Sómalíu og ráðamenn á Vesturlöndum hafa þrýst á að herlið, leitt af Afríkuríkjum, verði sent til landsins til að koma á jafnvægi.

steindor@frettabladid.is

Kvartanir berast stöðugt til talsmanns neytenda:

Kannar réttmæti þjónustugjalda

NEYTENDAMÁL Talsmanni neytenda hefur borist kvörtun vegna þjónustugjalds sem Velferðarsvið Reykjavíkurborgar innheimtir af þeim sem leigja á vegum Félagsbústaða hf. Þetta er í fyrsta skipti sem Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda, tekur fyrir mál sem snýr að opinberri þjónustu.

Sem dæmi um upphæð þjónustugjalds fyrir leigjanda Félagsbústaða hf. má nefna 16.500 krónur á mánuði og niðurgreiðir Reykjavíkurborg tæp 60 prósent af þeirri upphæð þannig að hver íbúi greiðir á milli 6.000–7.000 krónur á mánuði.

Félagsbústaðir hf. senda sundurliðaðan giróseðil til íbúa en þar kemur fram að heildarupphæðin skiptist í húsaleigu, gjald í hússjóð og þjónustugjald. Í þjónustugjaldi felst sólarhringsvakt, stjórnun, skrifstofuhald og aðstaða í sameiginlegu rými.

Gísli segist hafa ákveðið að skoða þetta mál á grundvelli réttmætis þjónustugjaldsins þar sem opinberir aðilar innheimti gjöld af



GÍSLI TRYGGVASON Gert er ráð fyrir arði í rekstri Félagsbústaða hf. en umdeilanlegt er hvort opinberar stofnanir eigi að skila arði.

öldruðum sem falli utan við þá þjónustu sem Félagsbústaðir hf. veita.

Gísli segir að gert sé ráð fyrir að rekstur Félagsbústaða hf. sé sjálfbær og engu að síður sé gert ráð fyrir arði sem verja megi til framkvæmda við frekari uppbyggingar.

„Umdeilanlegt hvort opinberar stofnanir eigi að skila arði en ef þeim er ætlað það er fremur en ella hægt að skoða starfsemi þeirra frá neytendasjónarhóli.“

-hs

Bæjarráð Vestmannaeyja:

Vill endurreisa skipalyftuna

VESTMANNAEYJAR Bæjarráð Vestmannaeyjabæjar vill endurbyggja skipalyftuna sem skemmdist í október og hefur óskað eftir því að við gerð samgönguáætlunar verði gert ráð fyrir kostnaðarþátttöku ríkisins í enduruppbyggingunni.

Elliði Vignisson, bæjarstjóri Vestmannaeyjabæjar, telur að út frá hafnarlögum sé ekkert því til fyrirstöðu að ríkið taki á sig 60 prósent kostnaðar við endurbyggingu skipalyftunnar í Vestmannaeyjahöfn sem sé forsenda þess að bærinn geti ráðist í framkvæmdir.

Skipalyftan skemmdist í haust þegar vír gaf sig með þeim afleiðingum að mannvirkio hruði eins og spilaborg. Lyftan er að öllum líkindum það illa farin að það svarar ekki kostnaði að laga hana í óbreyttri mynd að sögn Elliða.

EKKI hefur verið hægt að taka upp skip til að þjónusta í Vestmannaeyjum síðan lyftan skemmdist þar sem hún var eina upptökumannvirkio. „Allur flotinn hér hefur þurft að sigla til þjónustu annars staðar sem er algjörlega ótækt.“

-sdg

Matstækni

KYNNINGARFUNDUR

Laugardaginn 6. janúar kl. 13:30
í Háskólanum í Reykjavík,
Höfðabakka 9.

Matstækni er hagnýtt og sérhæft nám sem er sniðið fyrir sérfræðinga og þá sem hafa hug á að starfa á sviði eignamats, s.s. kostnaðarmats vegna viðhalds fasteigna, markaðsmats vegna fasteignaviðskipta o.fl.

Námskeið hefjast í febrúar.
Umsóknarfrestur er til 15. janúar.

Nánari upplýsingar má finna á www.hr.is og hjá Guðmundi Borgþórssyni, guðmb@ru.is.

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

OFANLEITI 2 • KRINGLUNNI 1 • HÖFÐABAKKA 9
SÍMI: 599 6200 www.hr.is



Gledilegt nýtt ár!

*Við þökkum ört vaxandi og öflugu starfsliði Norðuráls vel unnin störf á nýliðnu ári.
Jafnframt þökkum við hinum fjölmörgu innlendu verktökum, verkfræðistofum, bönkum
og öðrum veitendum þjónustu, ásamt orkufyrirtækjum og opinberum aðilum,
árangursríkt samstarf.*

Landsmönnum öllum óskum við góðs og gjöfuls nýs árs.

NA NORÐURÁL
Century ALUMINUM

Grundartanga • 301 Akranesi • Sími 430 1000 • Fax 430 1001 • nordural@nordural.is • www.nordural.is



DANSAB Á GÖTUM ÚTI Fjöldi hindúa dansaði á götum úti á gamlársdag, en þúsundir manna munu safnast saman þegar Ardh Kumb, eitt stærsta helgiping Indverja, hefst á morgun.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



GJÖFIN AFHENT Ásgeir Haraldsson og Anna Ólafía Sigurðardóttir taka við gjöf-inni af Jóni Víðari Stefánssyni, markaðs-stjóra Húsasmiðjunnar.

Húsasmiðjan:

Styrkir Barnaspítalann

GJÖF Húsasmiðjan gaf Barnaspítalannum nýverið 300.000 krónur en starfsmenn Húsasmiðjunnar ákváðu að styrkja Barnaspítala Hringins í stað þess að gefa vinnufélögum sínum jólagjafir. Starfsmennirnir héldu böggla-uppboð á jólahlaðborði starfsmanna og yfirstjórn fyrirtækisins tvöfaldaði upphæðina sem safnaðist og var ákveðið að hún rynnir til Barnaspítala Hringins.

Það var Jón Víðari Stefánsson, markaðsstjóri Húsasmiðjunnar, sem afhenti þeim Önnu Ólafíu Sigurðardóttur, hjúkrunarforstjóra barnasviðs, og Ásgeiri Haraldssyni, sviðsstjóra lækningasviðs Barnaspítalans, gjöfina. - hs



HÉRAÐSDÓMUR VESTFJARDA Tveir karlmenn hafa verið dæmdir fyrir að stela bíl ölvaðir og eyðileggja hann.

Tveir menn dæmdir:

Stálu bíl og eyðilögðu hann

DÓMSMÁL Tveir menn hafa verið dæmdir í þrjátíu daga skilorðsbundið fangelsi í Héraðsdómi Vestfirjar fyrir að stela bíl á Patreksfirði í júlí árið 2003, keyra hann ölvaðir og eyðileggja hann.

Mennirnir stálu bílnum eftir að hafa verið á dansleik á Patreksfirði og keyrðu hann að Ódrjúgshálsi í Djúpadal þar sem ökuþurinn missti stjórn á honum þannig að hann lenti utan vegar og fór margar veltur niður snarbratta fjallshlíð.

Ekki tókst að sanna að báðir mennirnir hefðu keyrt bílinn, þrátt fyrir að þeir hefðu sagt lögreglumönnum frá því á styrstað.

Maðurinn sem keyrði bílinn var auk þess dæmdur til að greiða 50 þúsund krónur í sekt.

- ifv

Skólameistari Iðnskólans í Reykjavík vill vikka út skólastarfið á næstu misserum:

Iðnskólinn verði fagháskóli

MENNTAMÁL Stefnt er að því að stofna fagháskóla við Iðnskólann í Reykjavík. Baldur Gíslason, skólameistari Iðnskólans, vill sjá skólann fremstan í flokki við að framfylgja hugmyndafræði um þróun í skólastarfi sem Starfsnámsnefnd á vegum menntamálaráðherra setti fram fyrir á þessu ári. Þar var meðal annars sett fram hugmynd um stofnun fagháskóla á Íslandi.

Baldur segir að í breytingum í samfélaginu felist tækifæri. „Ég fagna mjög hugmyndum Starfsnámsnefndar um fagháskóla. Við munum gera þær breytingar á skólanum sem þarf til að taka upp



BALDUR GÍSLASON SKÓLA-MEISTARI Stefnt er að því að taka upp fagháskólastig næsta haust.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

nám á fagháskólastigi án þess að rýra á nokkurn hátt það nám sem við erum nú með, þvert á móti tel ég að það muni eflast. Ég held að við sambyli framhaldsskólans og fagháskóla muni þeir styrkja hvor annan.“

Hvenær fagháskólastiginu verður hleypt af stökkum er of snemmt að segja til um en að sögn Baldurs er töluvert síðan beiðni var lögð fyrir menntamálaráðherra um að hefja slíkt skólastarf. „Við stefnum að því að hefja nám á fagháskólastigi í haust en höfum ekki fengið grænt ljós ennþá.“

Nú þegar er boðið upp á margvíslegt nám í Iðnskólanum sem er á háskólastigi þar sem er krafist stúdentsprófs eða fagprófs við inntöku. „Við erum því þegar með greinar sem við getum byrjað með litlum fyrirvara. Aðeins þarf að breyta áherslum og vinnubrögðum“, segir Baldur. - sh

Nútímaleikhús þarf sérstakt geymsluhús

Engar geymslur eru í Þjóðleikhúsinu og keyra þarf leikmuni og leikmyndir á milli borgarhluta. Flutningar valda skemmdum á munum, óhagræði og kostnaði. Aðstaðan sögð ekki í samræmi við nútímaleikhús, segir þjóðleikhússtjóri.

SAFNAMÁL Engar geymslur eru í Þjóðleikhúsinu við Hverfisgötu að heitið getur. Leikhúsið þarf að leigja geymslupláss á mörgum stöðum á höfuðborgarsvæðinu. Starfsmenn eru í stöðugum flutningum á leikmunum og leikmyndum sem er kostnaðarsamt og veldur skemmdum og óhagræði. Leikhússtjóri segir nauðsynlegt að byggja við Þjóðleikhúsið ætli það sér að uppfylla kröfur um nútímaleikhús.

Tinna Gunnlaugsdóttir þjóðleikhússtjóri segir nauðsynlegt að byggja við Þjóðleikhúsið því aðstaðan sé með þeim hætti að hún miðist ekki við reksturinn. „Það vantar allt sem tilheyrir nútímaleikhúsi. Það þarf að byggja hliðarsvið til austurs og geymslupláss fyrir leikmuni og þjónustubyggingu fyrir búningageymslu og saumastofu þar fyrir neðan.“

Vegna geymsluleysis þarf Þjóðleikhúsið að leigja húsnæði á mörgum stöðum á höfuðborgarsvæðinu. Þetta veldur miklu óhagræði í störfum leikhússins. „Það er mjög slæmt að vera ekki með neinar nærgeymslur og að þurfa að keyra hluti á milli staða. Þess gerist jafnvel þörf að keyra muni á milli einstakra sýninga“, segir Tinna. „Á meðan munir leikhússins eru í þessum geymslum og fara þarf ferðir í hvert einasta skipti sem breytinga er þörf er lítið hægt að dvelja við í viðhaldi, sem væri hægt ef hlutirnir væru nær. Það þarf jafnvel að hluta allt niður í minni einingar til að koma



ENDURBÆTUR Á ÞJÓÐLEIKHÚSINU Miklar endurbætur hafa verið á leikhúsinu á undanförmum árum. Nýtt geymslurými þarf að byggja við leikhúsið að mati þjóðleikhússtjóra.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR



TINNA GUNNLAUGSDÓTTIR Þjóðleikhússtjóri

því á milli staða. Svo er þetta mjög kostnaðarsamt vegna leigu.“

Innt eftir því hvort leikmunir eða leikmyndir hafi skemmt í flutningum segir Tinna að svo sé. „Ýmis dæmi eru um að leikmunir, húsgögn og leikmyndir hafi skemmt í þessum flutningum.“

Það liggur bara í hlutarins eðli. Þetta er ófremdarastand vegna þess að þetta eru lifandi geymslur þar sem munir eru í sífelldri endurnotkun. Því betur sem við getum umgengist þessa hluti því betur nýtast þeir.“

Í skýrslu sem starfshópur um varðveislu- og geymslumál menningarstofnana sem Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra hefur látið vinna kemur fram að mat Þjóðleikhússins á geymslupörf sé um 1.500 fermetrar. Þörf er á rúmgóðri leikbúningageymslu, stórra leikmunageymslu með nauðsynlegum aðgengisbúnaði auk leikmyndageymslu og tækja- og skjála-geymslu. svavar@frettabladid.is

Sjávarútvegsráðherra hefur úthlutað styrkjum úr sjóði til sjávarransókna á samkeppnisviði:

25 milljónir til nýu rannsóknarverkefna

SJÁVARÚTVEGSMÁL Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra hefur úthlutað nýu styrkjum samtals að upphæð 25 milljónir króna úr samkeppnisdeild Verkefnasjóðs sjávarútvegsins.

Þrjátíu og þrjár umsóknir bárust sjóðnum og var sótt um samtals 117,5 milljónir króna.

Jakob K. Kristjánsson, formaður stjórnar sjóðsins, segir verkefnið hafa heppnast samkvæmt björtustu vonum. „Við fengum mjög mörg góð verkefni, það var vandi að velja úr þeim. Áherslan átti að vera á lífverurannsóknir og við tókum mið af því við ákvörðun úthlutunarinnar.“

Stjórn Verkefnasjóðsins mat tólf stærri verkefni og þrjú smærri afburðagóð. Ekki reyndist hægt að styrkja öll þau verkefni og því var ákveðið við endanlega forgangsöröðun að sex stór verkefni og þrjú minni yrðu fyrir valinu að þessu sinni sem styrk-

þegar. Verkefni taka til átta mismunandi tegunda sjávarlífvera.

Þrjú verkefni fengu fjögurra milljóna króna styrk; Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins til rannsóknar á stofnerfðafræði leturhumars á Íslandsmiðum, Líffræðistofnun HÍ fyrir kortlagningu líffræðilegs fjölbreytileika þorsks með áherslu á atferli í tengslum við æxlun og far og Sjávarrannsóknarsetrið Vör við Breiðafjörð vegna rannsóknar á útbreiðslu og þéttleika beitukóns í Breiðafirði og Faxaflóa.

Erla Björk Örnólfsdóttir er forstöðumaður Sjávarrannsóknarsetursins Varar og mun stýra verkefninu. „Rannsóknin fer fram næsta sumar. Við erum að fara að skoða stofnstærð beitukóns í Breiðafirði og Faxaflóa og hvar er skynsamlegt að fara til veiða. Þetta er mjög hagnýtt rannsókn þar sem hún er tengd vinnslu í

Breiðafirði sem vinnur beitukónginn.“ Hún segir styrkinn hafa þýðing fyrir rannsóknarmenn. „Heildarupphæðin sem sótt var um í sjóðinn segir allt sem segja þarf um þörfina á svona sjóði.“ Sjávar-

VERKEFNI SEM HLOTU STYRK

Útbreiðsla og þéttleiki beitukóns í Breiðafirði og Faxaflóa	Töskukrabbi – ný tegund
Sjávarrannsóknasetrið Vör	Líffræðistofnun HÍ
4.000.000	3.000.000
Kortlagning líffræðilegs fjölbreytileika þorsks með áherslu á atferli í tengslum við æxlun og far	Möguleikar á framleiðslu náttúrulegs dýrasviðs til notkunar á fyrstu stigum fiskeldis
Líffræðistofnun HÍ	Rannsóknast. fiskiðnaðarins
4.000.000	1.000.000
Stofnerfðafræði leturhumars á Íslandsmiðum	Öflun upplýsinga um göngur, dreifingu, líffræði og nýtingarmöguleika makrils á Íslandsmiðum
Rannsóknast. fiskiðnaðarins	Rannsóknast. fiskiðnaðarins
4.000.000	1.000.000
Át hrefnu metið með aðskotaefnum Iðntæknistofnun	Gerð myndefnis um lífríki sjávar og veiðar á nytjastofnum
3.500.000	Erlendur Bogason
Sæbjúgu. Áframhaldandi markaðsrannsókn og fjölgun veiðisvæða Reykafinn Grundarfirði	1.000.000
3.500.000	

Sleginn með flösku í Keflavík:

Hlaut djúpan skurð á hnakka

LÖGREGLUMÁL Lögreglan í Keflavík fékk tilkynningu um alvarlega líkamsárás fyrir utan veitingastað í bænum á fimmta tímanum aðfaranótt sunnandags.

Þar var maður sleginn í höfuðið aftan frá með flösku og hlaut hann stóran og djúpan skurð á hnakkann. Hann var fluttur með sjúkrabíl á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja þar sem gert var að sárnum hans en hann hlaut ekki lífshættulega áverka.

Árásarmaðurinn var handtekinn og vistaður í fangageymslu. Ekki er vitað hvert tilefni árásarinnar var. - sh

Heilbrigðismál:

Fleira heilbrigðisstarfsfólk

HEILBRIGÐISMÁL Stöðug fjölgun hefur orðið í öllum stærstu heilbrigðisstéttunum miðað við fúafjölda á tímabilinu 1981-2005. Þessi fjölgun á reyndar ekki við um sjúkraliða en þeim hefur fækkað hlutfallslega frá árinu 1998.

Þetta er meðal þess sem fram kemur í samantekt Svanhildar Þorsteinsdóttur, verkefnisstjóra á heilbrigðisfræðisviði hjá Landlækniseimbættinu.

Í samantektinni má sjá að starfandi hjúkrunarfræðingum hefur fjölgað úr 1.262 árið 1981 í 2.546 á síðasta ári. Þá fjölgaði læknum úr 509 í 1.104 á sama tímabili en sjúkraliðum fjölgar hlutfallslega minnst eða úr 910 árið 1981 í 1.474 árið 2004. - hs

Flutningaskipið Wilson Muga:

Hreinsunarstarfi að ljúka

SJÓLSYS Hreinsunarstarfi í flutningaskipinu Wilson Muga lýkur á næstu dögum að sögn Hávars Sigurjónssonar, upplýsingafulltrúa Umhverfisstofnunar.

Aðeins er eftir að hreinsa upp 10 til 15 tonn af olíu úr lest skipsins. „Nota þarf sérstaka skilju til að ná oliunni úr sjónum og verður henni dælt upp í tanka sem verða fluttir með þyrlu af skipinu.“

Að þessu loknu er bara eftir að fjarlægja skipið sem er á byrgð eigandans. „Það er ætlast til að búið verði að fjarlægja skipið innan sex mánaða en hann fær svigrúm til að gera áætlanir um hvernig hann ætli að standa að því. Við gerum ráð fyrir að hann leggi þær fram í janúar.“ - sdg

stigur@frettabladid.is

thordur@frettabladid.is

*á leyndum stað
í heiminum er
stórt demantsfj*

*ll – á hundrað ára
fresti kemur lítill fugl
og brýnir gogginn á
toppi fjallsins í andartak
– þegar fjallið er
niðursorfið er liðið
eitt augnablik
af eilífðinni*

Stafir

– samruni tveggja lífeyrissjóða

Sjóðfélagar fá 5,7 milljarða króna í réttindaaukningu*

Stafir lífeyrissjóður varð til við samruna **Samvinnulífeyrissjóðsins** og **Lífeyrissjóðsins Lífiðnar**. **Stafir lífeyrissjóður** er afar öflugur sjóður með yfir 50.000 sjóðfélaga og heildareignir yfir 70 milljarða króna. Hann er því meðal stærstu lífeyrissjóða landsins. Nafn sjóðsins, Stafir, vísar til stuðnings, styrks og birtu auk grundvallareininga ritmálsins.

Stafir lífeyrissjóður starfrækir bæði sameignarsjóð og séreignarsjóð. Séreignarsjóðurinn tekur við viðbótarlífeyrissparnaði og er hægt að ávaxta hann í ýmsum sparnaðarleiðum hjá sjóðnum. Nánari upplýsingar fást á **www.stafir.is**

*5,7 milljarðar króna er upphæð umframeignar sem deilt er út til sjóðfélaga í hlutfalli við rétt þeirra til aukningarinnar.

STAFIR
LÍFEYRISSJÓÐUR

Stórhöfði 31 • 110 Reykjavík
www.stafir.is



FLUGELDASÝNING Í FLÓRÍDA Unisversal-hótelíð í Orlando í Flórídaríki í Bandaríkjunum lét ekki sitt eftir liggja þegar nýja árið gekk í garð og stóð fyrir glæsilegri flugeldasýningu.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



VERÐLAUNAHAFARNIR Frá vinstri eru séra Miyako Þórðarson, Anna Guðrún Júlíusdóttir, Ólafur Stephensen fyrir hönd Morgunblaðsins og Ólafur R. Grímsson forseti.

Viðurkenning Alþjóðahúss: Verðlaun fyrir jákvætt starf

VIÐURKENNING Ólafur Ragnar Grímsson forseti afhenti viðurkenningu Alþjóðahúss, Vel að verki staðið, 29. desember. Viðurkenningin á að vekja athygli á jákvæðu starfi sem unnið er hér á landi í málefnum innflytjenda. Viðurkenningin var veitt í fjórða skipti.

Að þessu sinni fékk Morgunblaðið verðlaun fyrir vandaðar og uppbyggilegar greinar um málefni innflytjenda, séra Miyako Þórðarson fyrir brautryðjendastarf í þágu heyrnarlausra og Anna Guðrún Júlíusdóttir fyrir uppsetningu og vinnu við Fjölmenningsvef barna. - sps



MEÐ VIÐURKENNINGARSKJAL Þeir sem tóku þátt í aðgerðum á slysstöð fengu viðurkenningu frá umhverfisráðherra.

Wilson Muuga:

Fagna lokum bráðahreinsunar

VIÐURKENNING Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra bauð öllum þeim sem tóku þátt í aðgerðum á strandstað flutningaskipsins Wilson Muuga til móttöku í ráðherrabústaðnum við Tjarnargötu fyrir helgi. Tilefnið var að fagna því að bráðaaðgerðum til að forða mengunarslysi lauk á fimmtudag, en þá var megninu af olíunni í tönkum skipsins dælt úr þeim. Alls tóku aðgerðirnar um þrjátíu klukkustundir.

Um níutíu og fimm tonn um af olíu var dælt í land en tíu til fimmtán tonn eru eftir í skipinu. Losun á þeim kallar á annars konar aðgerðir. - sps

SVÍPJÓÐ

Ekki veik á geði

Sænsk móðir sem tók upp á kvikmyndatökuvélin árást sýns á dóttur hennar er heil á geði, kom fram í réttinum í Helsingborg í Svíþjóð á miðvikudag. Karlmaðurinn var fyrr í mánuðinum dæmdur í þriggja og hálfis árs fangelsi, meðal annars fyrir að nauðga ungru dóttur unnu sinnar.

Verkalýðsfélag Akraness gerði í tvígang verðkannanir í matvöruverslunum :

Kaskó var með lægsta verðið á Akranesi

AKRANES Verkalýðsfélag Akraness hefur nú í tvígang gert könnun á verði matarkörfunnar í matvöruverslunum á Akranesi. Matarkarfan var í báðum könnunum ódýrust í Kaskó og dýrust í Grundavali.

Seinni könnunin, sem gerð var 29. desember, sýndi að matarkarfan kostaði 14.547 krónur í Kaskó, 15.912 í Krónunni, 15.965 krónur í Skagaveri og 17.471 krónu í Grundavali. Í fyrri könnuninni kostaði matarkarfan 10.505 krónur í Kaskó,

11.653 krónur í Skagaveri, 12.163 krónur í Krónunni og 13.591 krónu í Grundavali.

Vörutegundir voru mun fleiri í seinni könnuninni en þeirri fyrri, eða þrjátíu og sex á móti tuttugu og átta. Í seinni könnuninni var meðaltalsverðið tæpar 16 þúsund krónur en í þeirri fyrri var meðalverðið tæpar 12 þúsund krónur. Aðeins var um verðsamanburð að ræða og er ekki lagt mat á gæði eða þjónustu.

Verðkannanirnar eru liður í reglulegum verð-



VERÐ Á NOKKRUM VÖRUTEGUNDUM

	Kaskó	Skagaver	Grundaval	Krónan
Fryst lambalæri, 1 kg	1.364	1.099	1.299	1.595
Kjúklíngabringur ferskar 1 kg	1.283	1.739	2.191	1.953
Nýmjólk 1l	72	84	89	79
Skyr.is bláberja	73	78	96	69
Camembert 150g	129	299	279	229
OS Dala Feta í kryddolíu 250g	273	299	339	289
Jarðarber kg	995	1.196	1.495	1.245
Emmess skafis 1,5l	469	597	729	549
Egils appelsín 2l	99	198	245	188

mælingum Verðlagseftirlits ASÍ um allt land. Mælingarnar verða gerðar reglulega fram á mitt næsta ár til að fylgjast með þeim breytingum sem verða á vöruverði á næstu mánuðum. Talið er

að þær geti skilað neytendum sex til sjö milljörðum á ári í lægra matarverði.

Verðslun Einarssonar neit-aði að taka þátt í könnunum.

- ghs

Ráðstafa 70 milljónum í íslenskukennslu í ár

Mímír símenntun ríður á vaðið og lækkar verð á íslenskunámskeiðum fyrir útlendinga um rúman helming þó að styrkir til kennslunnar liggi ekki enn fyrir. Aðrar símenntunarmiðstöðvar hafa ekki ákveðið ennþá hvaða stefnu þær taka.

ÍSLENSKUKENNSLA Stefán Stefánsson, deildarstjóri í menntamálaráðuneytinu, segir að ráðuneytið muni ráðstafa 70 milljónum króna í styrki til íslenskukennslu fyrir útlendinga í ár. Styrkirnar verða auglýstir von bráðar. Verkefnisstjórn hafi verið sett á laggirnar og unnið stíft. Vinna við námskrágerð og námsefnisgerð sé þegar hafin og svo verði farið í það að kanna menntun kennara. Í tengslum við styrkveitingar verði upplýsinga aflað til að nýta við þessa vinnu.

Mímír - símenntun hefur þegar ákveðið að lækka verð á íslenskunámskeiði fyrir útlendinga um rúmlega fimmtíu prósent. Fimmtíu stunda íslenskunámskeið kostar ellefu þúsund krónur frá áramótum en kostaði áður 23.300 krónur. Þetta er gert þó að ekki liggi enn fyrir hvernig fjármögnun námskeiðanna verður hagað eða hver eftirspurnin verður.

Hulda Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Mímis, segir að ákvörðun um verðlækkunina hafi verið tekin þó að ekki liggi enn fyrir hvernig styrkjum frá ríkinu verði hagað. Mímír þurfi að ganga snemma frá upplýsingum um námskeið á næstu önn. Nemendur í íslensku fyrir útlendinga hafi verið fimm hundruð talsins á síðustu önn og svo stórum hóp sé ekki hægt að halda í óvissu. „Við urðum að ríða á vaðið,“ segir hún.

Útlendingar í Garðabæ, Mosfellsbæ og á Seltjarnarnesi hafa sótt námskeið hjá Mími í samræmi við samning Mímis við bæjarfélögin en nú er stefnt að þeirri breytingu að allir útlendingar geti sótt námskeiðin óháð því hvar þeir búa og verður gjaldið þá það sama.



Í ÍSLENSKUNÁMI Niðurgreiðsla á íslenskunámskeiðum fyrir útlendinga hefur verið sumum starfsmenntasjóðum erfið. Verð íslenskunámskeið hjá Mími lækkar um rúman helming en ekki er ljóst hvort stéttarfélag og starfsmenntasjóðir halda áfram að niðurgreiða námskeiðin með sama hætti og áður.

Íslenskunámskeið fyrir útlendinga hafa yfirleitt verið niðurgreidd af stéttarfélagum, starfsmenntasjóðum verkalýðshreyfingarinnar eða atvinnurek-



VERÐLÆKKUN Framkvæmdastjóri Mímis, Hulda Ólafsdóttir, segir að ákveðið hafi verið að lækka verðið þótt fjármögnunin liggi ekki fyrir.

endum um fimmtíu til níutíu prósent. Ekki er enn vitað hvort reglurnar breytast í ár eða hvort hlutfallið verður það sama. Niðurgreiðslan hefur verið þungur baggi á sumum starfsmenntasjóðunum.

Þá eru símenntunarmiðstöðvar úti á landi að hugsa sinn gang. Guðrún Reykdal, framkvæmdastjóri Þekkingarnets Austurlands, segir að ekki sé búið að verðleggja námskeið á vorönn. Þau hafi verið á 34-35 þúsund krónur í haust. Þessi vinna hefjist nú í janúar.

ghs@frettabladid.is

Tónleikar til styrktar stuðningsfélagi krabbameinssjúkra barna voru haldnir í áttunda sinn milli jóla og nýárs:

17 milljónir hafa safnast síðustu átta ár

SAMFÉLAGSMÁL Styrktartónleikar íslenskra popptónlistarmanna fyrir Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna voru haldnir í áttunda sinn milli jóla og nýárs. Það er Einar Bárðarson sem hafði veg og vanda af tónleikahaldinu nú sem áður. Voru félaginu afhentar 2,4 milljónir króna af þessu tilefni og telst Einar til að samtals sé fjárfstærkur síðustu átta ára farinn að nalgast 17 milljónir.

„Þetta er bara partur af hátíðarundirbúningnum hjá mér og mér finnst þetta bara ómissandi. Það er með eindæmum hvað íslenskt tónlistarfolk er órlátt á tíma sinn og hæfileika og ég verð að segja að þetta árið var listi flytjenda alveg óvenju glæsilegur. Ég er mjög stoltur af þessu

verkefni og þakklátur öllum þeim sem láta þetta verða að veruleika á hverju ári með mér,“ segir Einar Bárðarson.

Þess má geta að hljómsveitin Sálín hans Jóns míns kom fram á tónleikunum í áttunda sinn, og hefur hún komið fram öll árin sem tónleikarnir hafa verið haldnir. Allir sem komið hafa að tónleikahaldinu gefa vinnu sína til fulls. Auk tónlistarmanna hefur Háskólabíó lagt til aðstöðuna og allir tæknimenn og aðrir starfsmenn tónleikanna gefa vinnu sína.

Árlega greinast að meðaltali tíu til tólf börn og unglingar 18 ára og yngri með krabbamein á Íslandi. Markmiðið með stofnun SKB var meðal annars að styðja



FRÁ TÓNLEIKUNUM Styrktarfélagi krabbameinssjúkra barna voru afhentar 2,4 milljónir milli jóla og nýárs.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

við bakið á þeim og aðstandendum þeirra fjárhagslega og félagslega. Styrktartónleikar popptón-

listarmanna á undanförunum árum hafa skipt miklu máli í starfi félagsins. - shá

Fjármál sveitarfélaga:

Þrjú beðin um upplýsingar

SVEITARFÉLÖG Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga hefur óskað eftir upplýsingum frá þremur sveitarfélögum um það hvernig þau ætli að bregðast við viðvarandi halla á rekstri sveitarsjóðs og hver þróunin var árið 2006 í samanburði við fjárhagsáætlun ársins. Um er að ræða Bolungarvíkurkaupstað, Ísafjarðarkaupstað og Skagafjörð.

Nefndin hefur kannað sérstaklega fjárhagsstöðu sveitarfélaga á Austurlandi og lagt til við sveitarstjórnir Bæidalshrepps og Djúpvogshrepps að þær undirriti samning um fjárhagslegar aðgerðir og eftirlit. Þá verða fjármál Seyðisfjarðar áfram til skoðunar vegna viðvarandi halla. Fjármál Vestmannaeyjabæjar hafa einnig verið til skoðunar. - ghs

Ofbeldi á götum Rio:

Átta létust af brunasárum

BRASILÍA, AP Nítján manns létu lífið vegna götuofbeldis í Rio de Janeiro í Brasilíu síðustu daga ársins 2006. Sá seinasti lést á spítala í gær af brunasárum, en hann var í langferðabíl sem glæpamenn báru eld að. Sjö aðrir létust af brunasárum sínum.

Lögregla sem réðst gegn gengjum í fátækrahverfum banaði fimm mönnum sem grunaðir voru um að vera meðlimir glæpagengja í tveggja klukkutíma löngum skotbardaga í gærmorgun.

Viðbúnaður lögreglu hefur verið aukinn vegna ofbeldisins í fátækrahverfum borgarinnar. - skj

BRUNAR

Kertabrunum fækkar

Fyrstu 28 daga desembermánaðar hafði 21 kertabruni verið tilkynntur til tryggingafélaganna á móti 133 á sama tíma í fyrra.

Tölvunám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna í nám:

Tölvunám vorið 2007

Menntun sem gefur þér forskot



Nýttu þér tölvunám TV til aukinnar þekkingar. Núna! Eyddu ekki tíma og peningum. Menntaðu þig hjá viðurkenndum skóla sem veitir þér öruggari aðgang að betra starfi til framtíðar. Tölvuskóli Tölvu- og verkfræðipjónustunnar við Grensásveg er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og hafa yfir 34.300 nemendur sótt tölvumenntun sína til skólans á rúmum 20 árum. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax. Hringdu núna í síma 520 9000 og talaðu við okkur um greiðslukjör.

Tölvuskóli TV er vottaður af innlendum og erlendum aðilum til að tryggja hagsmuni nemenda.



Veldu stutt og hnitmiðuð námskeið:

Veldu nám sem hentar þér og skráðu þig strax hjá Tölvuskóla TV:

MCSA og MCP nám

Netumsjón MCP

Þetta er besta námið fyrir þig ef þú vilt sjá um netrekstur í fyrirtækjum og skapa þér ný tækifæri á vinnumarkaði. Lærðu grunnfræði netkerfa, Windows XP Professional (70-270) og Windows 2003 Server (70-290). Tvö MCP próf innifalín.

Lengd: 121 stund/81 klst. Verð: 159.900

MCSA netstjórnun

Taktu MCSA (Microsoft Certified Systems Administrator) gráðu og vertu í hópi þeirra eftirsóttustu. Fáðu yfirburða þekkingu á netstjórnun og Exchange.

Þú lærir netfræði, TCP/IP, Windows XP Professional (70-270), Windows 2003 Server MCP (70-290), stjórnun Windows neta og netumhverfi Windows 2003 (70-291) og Exchange Server 2003 (70-284). Öll (4) nauðsynleg próf innifalín.

Lengd: 225 stundir/150 klst. Verð: 299.900

Annað MCP nám

- Windows XP Pro SP2 (70-270)
Lengd: 60 st./39 klst. Verð: 89.900
- Windows Server 2003 R2 (70-290)
Lengd: 60 st./39 klst. Verð: 89.900
- Exchange Server 2003 (70-284)
Lengd: 49 st./33 klst. Verð: 89.900
- Netw. Infrastr. Win 2003 (70-291)
Lengd: 49 st./33 klst. Verð: 89.900

.NET forritun

Visual C# .NET (+ASP) forritun

Lærðu forritun með forritunarmáli sem hefur slegið í gegn með því að sækja þetta hnitmiðaða og yfirgripsmikla nám.

Krafist er góðrar tölvuþekkingar.

Lengd: 130 stundir/87 klst. kvöldnám
Verð: 169.900 • Allt að 5 ára lán

ASP .NET vefforritun

Taktu þátt í byltun í vefsíðugerð og lærðu ASP .NET vefforritun. Allt sem þú þarft er grunnur í forritun og góð tölvukunnátta.

Lengd: 50 stundir/33 klst. kvöldnám
Verð: 79.900 • Allt að 3 ára lán

Visual C# .NET forritun

Frábært námskeið til að læra á það forritunarmál sem flestir nota. Hnitmiðað og yfirgripsmikið mál sem undirbýr þig fyrir krefjandi forritunarverkefni.

Krafist er góðrar tölvuþekkingar.

Lengd: 130 stundir/87 klst. kvöldnám
Verð: 119.900 • Allt að 3 ára lán

Skrifstofunám

Hagnýtt bókhaldsnám

Bókhaldsnám sem borgar sig strax. Námið er fyrir þá sem vilja ná góðum tökum á bókhaldi, t.d. sjálfstæða atvinnurekendur og þá sem vinna við bókhald.

Kennt er meðal annars fjárhagsbókhald, tölvubókhald, uppgjör og skil á virðisauka-skatti, grunnur launaútreikninga, afstemmingar, undirbúningur uppgjors og fleira

Vandað bókhaldskerfi innifalið í verði! *

Lengd: 94 stundir/63 klukkust. Verð: 99.900

Skrifstofu- og tölvunám

Ef þú vilt verða liðtæk(ur) við margskonar skrifstofustörf og vinnu við tölvu þá er þetta hnitmiðaða skrifstofunám það rétta.

Helstu kennslugreinar:

- Tölvugrunnur, Windows, fingrasetning, Internetið, Word, PowerPoint, Outlook, Access og Excel.

- Almennar viðskiptagreinar og verslunarreikningur

Lengd: 200 stundir/133 klst. Verð: 159.900

Skrifstofu- og bókhaldsnám

Þú verður í hópi eftirsóttustu starfskrafta ef þú menntar þig í bókhaldi, rekstri og skrifstofustörfum.

Helstu kennslugreinar:

- Tölvugrunnur, Windows, fingrasetning, Internetið, Word, PowerPoint, Outlook, Excel og Access.

- Almennar viðskiptagreinar og verslunarreikningur.

- Hagnýtt bókhald

Vandað bókhaldskerfi innifalið í verði! *

Lengd: 300 stundir/200 klst. Verð: 229.900

Allt skrifstofunám er í boði á morgnana (9:00-12:00) eða á kvöldin (19:30-22:30)

* Leyfið er takmarkað við eitt ár og einn notanda.

Verkefnastjórnun

Hagnýtt verkefnastjórnun

Vertu betri verkefnisstjóri. Lærðu grundvallaratriði góðrar verkefnastjórnunar, PRINCE2 aðferðafræðina og notkun Microsoft Project við gerð verkáætlana og stjórnun verkefna.

Lengd: 50 stundir/33 klst. Verð: 89.900

PRINCE2 verkefnastjórnun

Lærðu PRINCE2 aðferðafræðina við verkefnastjórnun, fáðu betri yfirsýn og stjórnaðu verkefnum óaðfinnanlega.

Lengd: 22 stundir/15 klst. Verð: 49.900

Góð byrjun

Almennt tölvunám

Ef þú hefur litla reynslu af tölvunotkun eða vilt fá gott og ítarlegt námskeið um allt það helsta sem gert er með tölvum þá er þetta frábæra námskeið fyrir þig.

Helstu kennslugreinar:

- Windows, Word og Excel
- PowerPoint, Outlook og Internetið

Lengd: 90 stundir/60 klst. dag eða kvöld

Verð: 69.900 • Allt að 3 ára lán

Tölvuþekking fyrir konur

Námskeið sem hefur slegið í gegn, ætlað þeim konum sem vilja ná færni í notkun tölvu við margvísleg verkefni hvort sem er í vinnu eða heima.

Helstu kennslugreinar:

- Tölvugrunnur, Windows og Word
- Excel, Internetið og tölvupóstur

Lengd: 60 stnd./40 klst. morgun eða kvöld

Verð: 47.900 • Allt að 3 ára lán

Tölvunám fyrir 50+

Ef þú hefur ekki ennþá lært á tölvu og ert komin(n) yfir fimmtugt er þetta rétta námskeiðið fyrir þig.

Þægilegur hraði, spennandi efni og frábær kennsla gerir þig að öflugum tölvunotanda.

Helstu kennslugreinar:

- Tölvugrunnur, Windows og Word
- Excel, Internetið og tölvupóstur
- Stafræn ljósmyndun og vinnsla

Lengd: 72 stnd./48 klst. dag eða síðdegi

Verð: 59.900 • Allt að 3 ára lán

Vefsíðugerð

Vefhönnun og myndvinnsla

Þetta nám er ætlað þeim sem vilja ná þeirri færni sem þarf til þess að starfa við vefhönnun, vefstjórnun og grafík.

Kennd er HTML forritun og notkun Flash, DreamWeaver og Photoshop forritanna.

Lengd: 90 stundir/60 klst. 16:15-19:15

Verð: 99.900 • Allt að 5 ára lán

FrontPage 2003 og Photoshop

Allt það sem þú þarft að kunna til þess að búa til og viðhalda heimasíðu samkvæmt nútímakröfum um útlit og innihald.

Lengd: 45 stundir/30 klst. Verð: 45.900

DreamWeaver og Photoshop

Frábær samsetning af öflugum forritum og skemmtilegri kennslu gera það að verkum að vefsíðugerð verður leikur einn.

Lengd: 49 stundir/33 klst. Verð: 49.900

Byrjendanámskeið

Windows, Word og Internetið • 22 stundir/verð 24.500

Internetið og tölvupóstur • 9 stundir/verð 10.900

Windows XP fyrir byrjendur • 9 stundir/verð 10.900

Fingrasetning - tölvuvérlitun • 6 stundir/verð: 6.900

Access

Access I: Almenn gagnagrunnsgerð • 22 stundir/25.900

Access II: Sérhæfð gagnagrunnsgerð • 18 stundir/34.900

Access III: Fjölvar og forritun með VBA • 36 stundir/52.900

Word

Word1a: Grunnur ritvinnslu • 9 stundir/verð 10.900

Word1b: Betri ritvinnsla • 13 stundir/verð 16.900

Word I: Grunnur og betri ritvinnsla • 22 stundir/verð 24.500

Word II: Framhald • 22 stundir/verð 26.900

Töflur og eyðublöð í Word • 4 stundir/verð 6.900

Vinnsla langra skjala í Word • 13 stundir/verð 16.900

Dreifibréf og markpóstur í Word • 4 stundir/verð 6.900

Excel

Excel I: Almenn töflureiknisnotkun • 22 stundir/verð 22.500

Excel II: Sérhæfð notkun • 18 stundir/verð 29.900

Excel III: Fjármál, bókhald og endursk. • 18 st./verð 34.500

Excel III: Fjölvar og forritun með VBA • 32 st./verð 45.900

PowerPoint

PowerPoint I: Glæsur og kynningar • 13 stundir/verð 16.900

PowerPoint II: Hreyfimyndir og hljóð • 9 stundir/verð 13.900

PowerPoint I + II • 22 stundir/verð 24.500

Outlook og OneNote

Outlook: póstur, tímareíða og verkefni • 13 st./verð 16.900

OneNote: Hugmyndavinnsla og glósur • 9 st./verð 10.900

Publisher

Publisher: Bæklingar og kynningar • 13 st./verð 16.900

Vefsíðugerð

FrontPage 2003 vefsíðugerð • 22 stundir/verð 24.500

DreamWeaver MX vefsíðugerð • 27 stundir/verð 29.900

Flash: Gerð hreyfimynda og mynda • 18 st/verð 24.900

Myndvinnsla og grafík

Ljósmyndavinnsla með Picasa • 9 stundir/verð 12.900

Stafræn ljósmyndun • 13 stundir/verð 15.900

Photosho: Ljósmyndir og grafík • 22 stundir/verð 26.900

Photoshop Elements • 13 stundir/verð 16.900

Visio: Viðskiptagrafík og teikning • 18 stundir/verð 24.900

FileMaker

FileMaker notendanámskeið • 18 stundir/verð 26.500

FileMaker 7.0/8.0: Forritun og notkun • 27 st./54.900

Windows XP

Windows XP fyrir venjulega notendur • 9 st./verð 12.900

Verkefna- og tímastjórnun

PRINCE2 verkefnastjórnun • 22 stundir/verð 49.900

Microsoft Project verkefnastjórnun • 22 st./verð 39.900

Tímastjórnun með Outlook • 6 stundir/verð 14.900

- VR, Efling og flest önnur stéttarfélög styðja félagsmenn sína til náms hjá okkur
- Afsláttur er veittur til félaga í VR, Eflingu og mörgum öðrum félögum, allt að 15%
- 30 daga ókeypis símaþjónusta að loknu námi
- Ókeypis forfallatrygging felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og forföll, innan árs
- Mjög hagstæðir greiðsluskilmálar og lán til allt að 5 ára (leitið nánari upplýsinga um kjör).

Tölvunám TV til betri verka

- hringdu núna í síma 520 9000

- og skoðuðu www.tv.is til að fá meiri upplýsingar

- eða komdu í heimsókn, þú ert alltaf velkomin(n)!



Tölvu- og viðskiptaskóli • Ráðgjafarstofa

Viðurkenndur einkaskóli á framhaldsskólastigi

Grensásvegi 16 • 108 Reykjavík • Sími 520 9000 • tv@tv.is • www.tv.is



ENEMM / SIA / N25281



Starfsfólk Kauppingar óskar landsmönnum árs og friðar!



„ORÐRÉTT“

Einskis virði

„Það tala allir um menningu en þegar hún er úti á landi er hún einskis virði.“

HALLBJÖRN HJARTARSON, EIGANDI ÚTVARPSSTÖÐVARINNAR KÁNTRÍ-ÞÆR, SEGIR PENINGAVANDRÆÐI VALDA ÓTÍMABUNDINNI LOKUN STÖÐVARINNAR.

Fréttablaðið, 31. desember

Hinstu orð

„Allah er mikill, þjóðin mun sigra og Palestína er arabaríki.“

HINSTU ORÐ SADDAMS HUSSEIN, FYRRVERANDI FORSETA ÍRAKS, ÁÐUR EN HANN VAR HENGÐUR ÞANN 30. DESEMBER.

Fréttablaðið, 31. desember.

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? SÉRA SIGURÐUR ARNARSON, SENDIRÁÐSPRESTUR Í LONDON

Sprengdu flugelda í London

„Tíminn eftir hátíðirnar hefur farið í það að sinna fjölskyldunni og sjálfum sér eftir mjög svo annasama daga og það hefur helst falist í því að fara í göngutúra, pústla eða bara vera saman,“ segir séra Sigurður Arnarson, sendiráðsprestur í London. „Áramótin eru allt öðruvísi hér en á Íslandi og það vantar þá helgi og hátíðleika sem maður hefur vanist að heiman. Hér er allt mun látlausara en auðvitað voru gífurleg fagnaðarlæti á Trafalgar-torgi. Við höldum upp á áramótin með íslenskri fjölskyldu, keyptum flugelda og fengum leyfi til að sprengja þá. Við keyptum líka íslenskan mat og unnum með markvissum hætti að því að halda áramótin eins hátíðleg og hægt var.“

Sigurður átti, að eigin sögn, rólegri jól en starfssystkini hans á Íslandi en messaði víða á aðventunni og segir messurnar fjölsóttar og fólk þakklátt. „Hér var bara ein messa á

annan í jólum. Ástæðan fyrir því er sú að þá eru meðanjarðarlestirnar farnar að ganga aftur og því hægara um vik að komast í messu en á aðfangadag og jóladag er lokað fyrir allar almenningssamgöngur.“

Sigurður segir að margir Íslendingar hafi saknað þess að geta ekki séð jólamessuna á aðfangadagskvöld á netinu eins og áður. „Við gátum hlustað á messu í Dómkirkjunni í útvarpinu en við vorum mörg sem sóknuðum þess að geta ekki horft á jólamessuna.“

Aðventan var annasamari en venjulega í London. „Það var töluvert meira um sálgaeslu fyrir sjúklinga því að hingað komu fimm sjúklingar á vegum Tryggingastofnunar í desember. Það kom meðal annars tíu ára

gamalt barn sem gekkst undir mjög flókna augnaðgerð og var fyrsta barnið í Bretlandi til að gangast undir þessa aðgerð. Læknarnir náðu að klára aðgerðina fimmtudaginn fyrir jól og það var mjög gleðilegt að barnið komst heim til Íslands fyrir jólin. Svo messaði ég í Lúxemborg á Þorláksmessu, þar var mikil kirkjusókn og svo var íslenskt brúðkaup í Lúxemborg 22. desember.

Á aðventunni var ég líka búinn að fara í heimsókn til Íslendinganna í Skotlandi og messa þar og líka í Hull þannig að það var nóg að gera.“



nær og fjær
tilveran

SJÓNARHÓLL

VARÐVEISLA SJÓMINJA Á ÍSLANDI

BJARNI JÓNSSON
Listmálari

Til skammar fyrir þjóðina

Mikil umræða var um safnamál í Fréttablaðinu fyrir jól og kom meðal annars fram að geymslurými Listasafns Íslands væri að stærstum hluta ófullnægjandi.

Að mati Bjarna Jónssonar listmálara, sem teiknaði flestar skýringar-teikningarnar í bókinni Íslenskir sjávarhættir, á þetta einnig við um varðveislu á sjóminjum hér á landi. „Síðustu áratugina hefur kæruleysi ráðamanna verið gríðarlegt gagnvart sjóminjum. Mikill fjöldi gamalla muna hefur glatast, eins og til dæmis gamlir árabátar, þilskíp og gamlar trillur. Þegar hætt er að nota hlutina eru þeir dæmdir ónýtir og þeim fargað,“ segir Bjarni og bætir því við að varðveisla þessara minja hafi verið í fjárhagslegu sveltí hér á landi. Bjarni segir að það þurfi að vera til aðstaða til að geyma gömul skip og báta en forsendan fyrir því er að ráðamenn hafi áhuga á því að varðveita þessa gripi sem hann telur vera mikil menningarverðmæti. „Það kemur til mín fjöldi útlendinga á hverju ári til að skoða myndir sem ég hef teiknað af íslenskum skipum. Flestir þeirra segja að það sé þvillik skömm að ein mesta fiskveiðiþjóð heims hafi ekki hugað betur að varðveislu á sögu sjósóknar. Eitt það merkilegasta í sögu sjósóknar í heiminum er hvernig Íslendingar gátu stundað sjóinn við erfiðar aðstæður og alið önn fyrir sér með því,“ segir Bjarni.

Ljósadýrðin lífgar upp á tilveruna

Orkuveita Reykjavíkur veitti á föstudag smekkvísu íbúum þeirra svæða sem hún þjónustar viðurkenningu fyrir þær jólaskreytingar sem þóttu skara fram úr í ár á hverju svæði fyrir sig. Hér getur að líta sigurhúsin og um-sagnir dómnefndarinnar.



KÓPAVOGUR, JÓRSALIR 6 Eigandi er Sigurjón Stefánsson. Fallgar jólalýsingar á tveimur einbýlishúsum sem bera vott um samstöðu náganna.



SELTJARNARNES, FORNASTRÖND 1 Eigendur eru Gunnlaugur Magnússon og Guðríður Gígja. Einföld og skemmtileg lýsing sem gefur ævintýralegan blæ á anddyri hússins.



AKRANES, DALSLÖT 10 Eigendur eru Daníel Rúnar Eliasson og Halla Ingólfssdóttir. Jólabörn af guðs náð, sem búa til kynjaveröld með ljósum og skreytingum sem lífga upp á tilveruna í svartasta skammdeginu og gleða samborgarana.



REYKJAVÍK, RÓSARIMI 1 Eigendur eru meðal annarra Kristinn Halldórsson og Jónfríður Hauksdóttir. Jólalýsing sem fer einkar vel á litlu fjölbýlishúsi. Hlýleg og smekklek skreyting sem sýnir samstöðu íbúa hússins.



KÓPAVOGUR, JÓRSALIR 8 Eigandi er María Tómasdóttir.



GARÐABÆR, TJALDANES 15 Eigendur eru Hildur Ösp Þorsteinsdóttir og Magnús Jónsson. Nýstárleg skreyting, garðurinn allur lýstur upp með díóðum og ljósleðara.



MOSFELLSBÆR, ARNARTANGI 22 Eigendur eru Hrafnhildur Sveinbjörnsdóttir og Einar Sveinn Magnússon. Smekklek lýsing þar sem skreyting á húsi og í garði mynda skemmtilega og hlýja heild.

BBC
WORLD
SERVICE



Við óskum landsmönnum gleðilegs nýs árs og þökkum frábærar viðtökur á liönu ári




MÚRBÚÐIN
Byggingavöruverslunin í Árbænum
Akureyri - Húsavík

Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

...hjá okkur færðu
gæðin **alltaf** á
góðu verði

Neytendur athugið! Murbúðin selur allar vörur sínar á lágmarks verði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!



VIÐ ÞÖKKUM VIÐSKIPTAVINUM OKKAR HÉRLENDIS OG ERLENDIS

TRYGGINGA MIÐSTÖÐIN

Ísland

Umsjón með sölu
á nýju hlutafé

STENI

Noregur

Ráðgjafi kaupenda og samþætt
fjármögnun á byggingavörufélagi
fyrir stjórnendur og erlenda fjárfesta

PELIKA

Finnland

Samþætt fjármögnun á
finnsku leiktækjafélagi í samstarfi
við stjórnendur og enska fjárfesta

HOUSE OF FRASER

Bretland

Ráðgjafi kaupenda og
sölutrygging á fjármögnun

AMERICAN SEAFOODS

Bandaríkin

Ráðgjöf og fjármögnun
á stjórnendakaupum

SENA

Ísland

Ráðgjöf við sölu
á öllu hlutafé

VILLA SALMON AS

Noregur

Hlutafjárútboð fyrir
norskan laxeldisframleiðanda

FOOD PARTNERS

Bretland

Umsjón með láni fyrir
Duke Street Capital Private Equity

HÖFÐATORG

Ísland

Fjármögnun bygginga-
framkvæmda við Höfðatorg

EIMSKIP

Bretland

Ráðgjöf á kaupum
á helmingshlut
í flutningafyrirtækinu
Innovate Holdings



VELGENGNI BYGGIST Á ÖFLUGU SAMSTARFI

Fjöldmörg fyrirtæki hafa kosið Glitni til samstarfs í umfangsmiklum verkefnum. Glitnir vinnur með viðskiptavinum við að ná settu marki og leggur áherslu á faglega þjónustu byggða á reynslu og þekkingu starfsmanna.

Við þökkum viðskiptavinum okkar hérlandis og erlendis samstarfið á árinu.

FJÁRHAGSLEG VELGENGNI ÞÍN ER OKKAR VERKEFNI

ICELANDAIR
Ísland

Ráðgjafi seljenda og umsjón með skráningu í Kauphöll Íslands

BAKKAVÖR
Kína

Fjármögnun og ráðgjöf við kaup á 40% hlut í Creative Foods í Kína

ESSO
Ísland

Ráðgjöf við sölu á öllu hlutafé í Oliufélaginu ehf. og sala skuldabréfa

COPEINCA
Perú

Hlutafjárútboð fyrir einn stærsta fiskimjöl-framleiðanda Suður-Ameríku

ÞORMÓÐUR RAMMI
Ísland

Ábyrgð vegna nýsmíði tveggja frystitogara

LATIBÆR
Ísland

Útgáfa á breytanlegu skuldabréfi

KLASI
Ísland

Fjármögnun á uppbyggingu á nýjum miðbæ í Garðabæ

ENEX
China og Shaanxi
Green Energy
Kína

Fjárfesting í og fjármögnun á fyrsta áfanga af stærstu hitaveitu heims

VOLSTAD AS
Noregur

Fjármögnun og fjárfestingalán vegna fiski- og þjónustuskipa við olíuiðnaðinn

HERTZ
Ísland

Ráðgjafi seljenda

GJELSTEN HOLDING AS
Noregur


Ráðgjöf við sölu á 63.000 fermetra skrifstofuhúsnæði til Storebrand Eiensdomsfond

PF HVALNES
Færeyjar

Fjármögnun á smíði háþróaðs uppsjávarveiðiskips

Svona erum við

> Sektor til ríkissjóðs í milljónum króna

**baksvið**

fréttir og fróðleikur

FBL-GREINING: ÁTÖKIN Í AFRÍKURÍKINU SÓMALÍU**Enginn friður í augsýn**

Stjórnarher Sómalíu ásamt eþíópískum hermönnum tóku í síðustu viku yfir sómólsku höfuðborgina, Mógadísjú, eftir að íslamskir uppreisnarmenn, sem haft höfðu borgina á valdi sínu síðan í júní á síðasta ári, flúðu. Hermenn Sómalíustjórnar mættu lítilli mótspyrnu í borginni, en þeir höfðu hrakið uppreisnarmenn frá helstu borgum í nágrenni höfuðborgarinnar dagana og vikurnar á undan.

Hver er að berjast gegn hverjum?

Annars vegar er um að ræða ríkisstjórn landsins, sem mynduð var árið 2004 í nágrennalandinu Kenía eftir langar friðarumleitanir en þetta var fjórtánda tilraunin til að mynda nýja stjórn. Stjórnin, sem nýtur stuðnings Eþíopíu, hefur átt erfitt uppráttar. Til dæmis eyddi hún fyrstu átján mánuðum sínum í að rífast um hvar höfuðstöðvar hennar skyldu vera, því höfuðborgin Mógadísjú var of hættuleg.



Hins vegar eru íslamskir uppreisnarmenn sem ráðið hafa ríkjum í Mógadísjú síðan í júní 2006, eftir að þeir tóku borgina frá stríðsherrum sem höfðu setið við stjórn þar og hrellt borgarbúa seinustu fimmtán árin, eða eftir að síðasta virka stjórn landsins féll. Íslamistarnir, sem njóta stuðnings fjölmargra landsmanna, eru taldir hafa tengsl við al-Kaída hryðjuverkanetið og skelfir sá grunur Vesturveldin og þá sérstaklega Bandaríkin.

Af hverju tekur Eþíópía þátt í átökunum?

Eþíópía, sem tvisvar hefur átt í stríði við Sómalíu, fylgist grannt með málum í nágrennalandinu og þegar íslamistarnir settu sín eigin lög í Sómalíu, ákvað Eþíópíustjórn að koma nágrennastjórn sinni til hjálpar. Þó eru margir Sómalíubúar ósáttir við afskipti Eþíopíu, sem löngum hefur verið óvinabjód Sómalíu. Því er óttast að langvinnt stríð geti orðið úr þessum átökum nú.

SPURT & SVARAD

KÁNTRÍBÆR



HALLBJÖRN HIJARTARSON
Kántrísöngvari

Lög kynnt að hætti kúrekans

Útvarpsstöðin Kántríbær hætti útsendingum á gamlársdag. Ástæðan var fjárhagsörðugleikar, en kúreki norðursins Hallbjörn Hjartarson er eigandi stöðvarinnar.

Hvernig stöð var Kántríbær?

Hún var kántrítónlistarstöð aðallega, flutti 90 prósent kántrítónlist og íslenska alþjóðtónlist þar á móti. Dreifisvæðið var Skagafjörður, Húnavatnssýsla og Strandir og var henni útvarpað á tíðinni 102,1 í Skagafirði, 96,7 í Húnavatnssýslu og Ströndum og 102,7 á sjálfri Skagastrónd, þar sem hún hafði aðsetur.

Hvernig tónlist var spiluð á stöðinni?

Allt sem til er í kántríinu var spilað, enda var þetta engin sibylja. Við vorum með gamla kántríð og nýja kántríð í bland og sennilega meira af því nýja ef eitthvað er.

Hversu lengi var stöðin starfrækt?

Hún var starfrækt í fjórtán ár og sendi út dag og nótt. Einn maður starfaði við hana og það var ég, en Guðmundur Ólafsson, vinur minn, leysti mig stundum af. Við sendum nær eingöngu út tónlist, en lög in voru kynnt að hætti kúrekans.

Kjarval í kjallaraholunni

Í starfi menningarstofnana, sérstaklega safna, er gott og öruggt varðveislu- og geymslurými sá þáttur sem er mikilvægastur. Geymslumálum menningarstofnana á Íslandi er ábótavant og samvinna stofnana lítil sem engin. Úrbætur þola enga bið og í stjórnkerfinu eru notuð orð eins og ófremdarástand til að lýsa stöðunni í safnamálum. Vandi Listasafns Íslands og Þjóðskjalasafns Íslands er mestur.

Starfshópur um varðveislu- og geymslumál þrettán menningarstofnana sem Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra hefur látið vinna kemst að þeirri niðurstöðu að þörf fyrir nýtt varðveisluhúsnæði fyrir menningarararf þjóðarinnar sé tæplega 15.450 fermetrar auk 1.550 fermetra til geymslu á leikmyndum og búnaði. Þetta er nálægt því að vera tvöföldun á því geymslurými sem stofnanirnar hafa yfir að ráða í dag. Safnafolk fagnar framtaki menntamálaráðherra og telur niðurstöður starfshópsins forsendu til úrbóta. Hingað til hafi vandinn verið þekktur án þess að heildaryfirsýn hafi verið til staðar.

Brýnustu verkefni fram undan

Það er ljóst að nokkur varðveisluverkefni þola enga bið og stjórnvöld verða að sinna strax. Reisa verður sameiginlegt þjónustu- og varðveisluhús fyrir höfuðsöfnin tvö sem starfa eftir safnalögum, Þjóðminjasafn og Listasafn Íslands, og að byggð verði, eða leigð, varðveislubygging fyrir fjargeymslur Þjóðskjalasafnsins og Landsbókasafns Íslands. Einnig er nauðsynlegt að stjórnvöld taki ákvörðun um framtíðaraðsetur Þjóðskjalasafnsins við Laugaveg og endurbótum þar innandyra verði lokið á næstu fimm árum.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra segir að ástæðan fyrir skipun starfshópsins hafi verið sú að nauðsynlegt hafi verið að greina vandann því án þess hafi ekki verið hægt að sjá bestu leiðirnar til að leysa vandann á hagkvæman hátt. Nú sé það á borði ríkisstjórnarinnar að ákveða hvernig geymslumálum menningararfsins verði sinnt, með þær upplýsingar sem nauðsynlegt var að hafa til að taka slíkar ákvarðanir. „Ég tel að núna séum við vel í stakk búin til að taka frekari skref. Ég er bjartsýn. Það er gríðarleg ábyrgð sem fellur á okkur sem nú lifum að skila menningararfnum heilum til næstu kynslóða og það þýðir ekki að vera með neinar vífilengjur lengur hvað það varðar.“

Listasafn Íslands

Núverandi geymslurými Listasafns Íslands er 653 fermetrar að stærð í fjórum aðskildum byggingum. Aðeins ein þeirra stenst kröfur um varðveislu og öryggi og er 160 fermetrar að stærð. Hinar geymslurnar



KJARVAL OG NÆSTA KYNSLÓÐ Ábyrgðin á varðveislu menningararfsins liggur á herðum kynslóðarinnar sem nú heldur um stjórnartaumana í landsmálum. Dæmin sanna að lítið þarf að bera út af til að ómetanlegir safngripir tapist.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ar þrjár, sem eru 493 fermetrar að stærð samtals, eru allt frá smáherbergjum upp í lagerhúsnæði og standast hvorki kröfur um öryggi né sem geymslur yfirleitt. Stækknarþörf geymslurýmils Listasafnsins er 3.840 fermetrar fyrir næstu 20 árin og hefja þarf umbætur í safninu án tafar.

Listasafn Íslands er annað höfuðsafna þjóðarinnar ásamt Þjóðminjasafninu, en Náttúrugripasafnið verður þriðja höfuðsafnið þegar sérlæg um það hafa verið sett. Meginhlutverk listasafnsins er að varðveita menningararf þjóðarinnar á sviði myndlistar frá lokum 19. aldar til líðandi stundar. Listasafnið flutti í núverandi húsnæði árið 1987 en þá var þegar ljóst að húsnæði myndi ekki rúma safnkostinn. Þess vegna var ákveðið að geyma listaverk „í öðru rými sem ekki var til þess ætlað þar til betri lausn myndi“ eins og segir í skýrslu starfshópsins. Þar segir að þrengsli séu mikil á safninu og því hafa smáherbergi og gangar í húsnæði safnsins verið nýttir sem geymslur „við mjög misjafnar aðstæður“. Einnig segir um 389 fermetra lagerpláss sem Listasafnið hefur á leigu: „Þetta er opið geymslurými þar sem höggmyndir, innsetningar og fleiri þrívíð listaverk eru í geymslu. Geymsla þessi er óaðgengileg og stenst ekki kröfur um öryggi í listaverkageymslum. Árstíðabundnar sveiflur eru á raka og hita.“

Þjóðskjalasafn Íslands

Meirihluti húsnæðis Þjóðskjalasafns Íslands við Laugaveg er ófrá-gengið sem kemur í veg fyrir að

safnið geti uppfyllt skyldur sínar sem lögbodin viðtökustofnun skjala hins opinbera. Flytja þarf skjöl utandyra frá geymslum safnsins á lestrarsal sem stefnir varðveislunni þeirra í voða. Yfir 130 stofnanir eru á lista yfir þá sem vilja skila skjalaskyldum skjölum nú þegar en ekki er hægt að verða við óskum þeirra sökum aðstöðuleysis. Heildarhúsnæði safnsins er um 9.500 fermetrar en húsrýmisaáætlun nýbyggingar gerir ráð fyrir að safnið þurfi 19.000 fermetra, þar af um 12.800 fermetra geymsluhúsnæði.

Á þeim 20 árum sem liðin eru síðan húsnæði mjólkurstöðvarinnar að Laugavegi 62 var keypt fyrir Þjóðskjalasafnið hefur verið unnið að innréttingum og endurbótum, en árið 1995 bættist húsið að Laugavegi 164a við húsakostinn. Á þeim tíma hafa 2.275 fermetrar verið endurbættir eða um 24 prósent. Ófrá-gengnir eru því 7.295 fermetrar auk þess sem bent hefur verið á þörf fyrir um 3.000 fermetra nýbyggingu á lóð safnsins fyrir lestrarsal og fleira. Í sjö ár hefur lestraraðstaða safnsins verið í gamalli ísbúð sem lítið hefur verið gert fyrir.

Í hnotskurn er vandi safnsins að mati starfshópsins eftirfarandi: Frágangur skjalageymsluhúsa er á eftir áætlun. Þjónusta við almennig á lestrarsal er í lágmarki vegna aðstöðuleysis. Öll vinna við afgreiðslu úr skjalasöfnunum er erfið, tímafrelk og mikið óhagræði að hafa ekki flutningsleiðir undir þaki.

Þjóðminjasafn Íslands

Áralöngum endurbótum á húsa-

kosti og sýningarstöðu Þjóðminjasafnsins er nýlukið og endurbætt geymsluhúsnæði var tekið í notkun árið 1998. Eftir sem áður er stór hluti af minjum safnsins í smærri geymslum sem uppfylla ekki kröfur um varðveislunni þjóðminja og stofnunin metur stækknarþörf geymslurýmils um 5.000 fermetra. Helst er illa búíð að tækniminjum og stærri hlutum svo sem bílum, vélum og bátum. Bátar eru til dæmis vistaðir utanhúss vegna skorts á sérstöku geymsluhúsnæði fyrir slíka muni.

Þú, ég og þjóðin öll

Ljóst er að geymslurými stofnana sem heyra undir menntamálaráðuneytið er mismunandi og greina þarf húsnæðisþörf þeirra nákvæmlega áður en ákvarðanir eru teknar um uppbyggingu. Eins eru miklir möguleikar sem felast í því að stofnanir sameininir um geymslur og hefur menntamálaráðherra bent á að slíka hagræðingu verði að skoða af gaumgæfni. Eins skal tekið fram að nokkrar minni stofnanirnar hafa viðunandi aðstöðu og er það vel.

Umræða um húsnæðisvanda Náttúrufræðistofnunar Íslands og Náttúrugripasafns Íslands hefur verið mikil að undanförunum vegna óhappa sem þar hafa komið upp í geymslum og sýningarstöðu. Kannski má líta á þau atvik sem dæmi um hvernig fer með menningararfinn; ómetanlegar gersem- ar þjóðarinnar sem aldrei verða bættar, þegar eitthvað bregður út af. Næst verður það ekki arnarhamur eða blautur geirfugl heldur málverk eftir einhvorn af höfuðsnillingum íslenskrar myndlistar, eða skjal sem var dregið upp fyrir hundruðum ára.

Það vantar samband á milli stjórnmalamanna, fræðaheimsins og þeirra sem fara með safnamál. Umræða verður að eiga sér stað um þessi málefni, og það í breiðum skilningi. Þjóðin öll sem og þeir sem gerst þekkja til málefna einstakra fræðasviða verða að taka þátt í þeirri orðræðu.



FRÉTTASKÝRING
SVAVAR HÁVARÐSSON
svavar@frettabladid.is

**allt
ferðir**

Alla miðvikudaga
og laugardaga

Tölvunám á vorönn 2007



Tölvuskólinn þinn

Almennir notendur

Byrjendanámskeið

Vinsælt námskeið ætlað fólki á öllum aldri sem hefur enga tölvukunnáttu. Á þessu námskeiði er allt tekið fyrir sem byrjandinn þarf til að komast vel af stað í notkun tölvu.

Lengd 42 std. Verð kr. 32.900

Almennt tölvunám

Sérstaklega hagnýtt námskeið fyrir þá sem komnir eru af byrjunarstiginu og eru að nota tölvu í vinnu eða heima. Tilvalið námskeið fyrir þá sem vilja auka öryggi sitt í allri tölvuvinnslu með aukinni þekkingu, hraða og færni. Helstu kennslugreinar: Windows, Word, Excel, Internet og Outlook tölvupóstur.

Lengd 63 std. Verð kr. 39.900,-

ECDL tölvunám

Alþjóðlegt tölvunám hentar fólki á öllum aldri sem vill fá ítarlega þekkingu og þjálfun í öllum helstu tölvugreinum og alþjóðlega vottun því til staðfestingar. Helstu kennslugreinar: Windows, Word, Excel, Internet og Outlook tölvupóstur, PowerPoint.

Lengd 84 std. Verð kr. 65.000,-

Vefur – Grafík – Myndvinnsla

Grafísk hönnun

Vinsælt fyrir skapandi fólk sem og þá sem vilja forskot til frekara hönnunarnáms t.d. á háskólastigi. Hentar einnig vel þeim sem vilja hanna sínar eigin auglýsingar.

Kennt er á mest notuðu hönnunarforritin í dag, Photoshop, Illustrator og InDesign ásamt frágangi í Acrobat Distiller (PDF).

Lengd 105 std. Verð kr. 116.000,-

Vefsíðugerð – grunnur

Nám ætlað byrjendum í vefsími með sérstakri áherslu á myndvinnslu og myndanotkun. Tilvalið fyrir þá sem vilja koma sér upp einfaldri og þægilegri heimasíðu. Kennt á tvö algengustu forritin í vefsími og myndvinnslu FrontPage og Photoshop.

Lengd 42 std. Verð kr. 36.000,-

Dreamweaver

Afar vinsælt vefþróunarforrit enda bæði fjölbreytt og einfalt til að kóða vefsíður með hjálp html og css stílsniða. Áhersla lögð á praktísk verkefni og ljúka einföldum vef. Þátttakendur þurfa að hafa góðan tölvugrunn.

Lengd 31 std. Verð kr. 29.000,-

Stafrænar myndavélar

Stutt og hnitmiðað nám fyrir byrjendur. Farið yfir helstu stillingar, flytja myndir í tölvu og skipuleggja myndasafnið. Einfaldar lagfæringar mynda og myndbygging. Heimarentun/framköllun, myndir sendar í tölvupósti, brenndar á CD/DVD diska ofl. Þátttakendur læra að sækja og nota Picasa forritið.

Lengd 14 std. Verð kr. 15.000,-

Myndbandavinnsla

Námskeið fyrir fólk sem vill læra betur á myndbandstökuvélina sína og vinna/klippa myndefnið í tölvunni sinni.

Teknar eru fyrir helstu stillingar myndbandstökuvéla, myndbandstökutækni og eftirvinnsla myndbanda í tölvu. Vistun og yfirfærsla myndbanda fyrir DVD eða vefsíðu. Myndir settar á netið ofl.

Lengd 31 std. Verð kr. 32.900,-



Skrifstofunám

Tölvu og skrifstofunám

Viðamikilið og hagnýtt nám fyrir fólk á öllum aldri hvort sem það er á leiðinni út á vinnumarkaðinn að nýju, sjálfstætt starfandi eða vill skapa sér sterkari stöðu á vinnumarkaði með aukinni menntun. Námið tekur fyrir öll helstu skrifstofuforritin, margmiðlun (t.d. stafrænar myndir og tónlist, CD/DVD), persónulega færni (tjáning, framkoma, sölu- og markaðsfræði, atvinnuumsóknir og viðtöl, gerð ferilskráa ofl.) og viðskiptagreinar (hand- og tölvufært bókhald, verslunarreikningur, tollskýrslur ofl.).

Lengd 260 std. Verð kr. 199.000,-

Tölvu og bókhaldsnám

Stutt og hnitmiðað námsbraut sem hentar fólki á öllum aldri. Nám sem tekur fyrir öll helstu skrifstofuforritin sem fólk þarf að kunna skil á í nútímapjóðfélagi ásamt bókhaldi og viðskiptagreinum.

Lengd 200 std. Verð kr. 153.000,-

Bókhald 1

Sérlega hagnýtt námskeið fyrir þá sem þurfa að ná tókum á bókhaldi fyrirtækisins. Hentar einnig þeim sem hafa góðan tölvugrunn og vilja bæta við sig menntun fyrir vinnumarkaðinn.

Lengd 100 std. Verð kr. 94.000,-

Bókhald II

Stutt framhaldsnámskeið í tölvubókhaldi. Hentar þeim þeim sem hafa bókhaldsgrunn eða hafa lokið Tölvu-, skrifstofu- og/eða bókhaldsnámi og vilja bæta við sig þekkingu og færni á þessu sviði.

Lengd: 32 std. Verð kr. 36.000,-

Tollskýrslugerð

Hagnýtt og ítarlegt námskeið í gerð tollskýrslna, og um meðferð allra helstu innflutningsskjala ásamt öllum helstu reglum sem varða innflutning.

Lengd. 21 std. Verð kr. 28.000,-

Atvinnuumsóknir, gerð ferilskráa og ráðningarviðtöl.

Faglega gerð atvinnuumsókn og framkoma getur skipt sköpum fyrir þig. Stutt námskeið fyrir þá sem vilja skapa sér sterkari stöðu á vinnumarkaði.

Lengd 12 std. Verð kr. 12.000,-

Sérfræðinám með alþjóðlegum gráðum

MCP XP

Grunnnám fyrir þá sem vilja verða hæfir til að sjá um rekstur og uppsetningu minni og meðalstórra tölvukerfa og fá alþjóðlega vottun því til staðfestingar.

Lengd 60 std. Verð kr. 88.900,- (innif. próf 70-270)

MCDST

Nám sem hentar sérstaklega þeim sem þurfa að þjónusta notendavélar í fyrirtækjum og heimilum. Grunngráða fyrir starfsmenn í tölvudeildum þar sem mikið er um útstöðvaþjónustu.

Lengd 108 std. Verð kr. 137.900,- (innif. próf 70-271 og 70-272)

MCSA

Aðalmarkmið MCSA námsins er að gera þátttakendur hæfa til að starfa sem sérfræðingar og umsjónarfólk Microsoft netkerfa og veita þeim jafnframt alþjóðlega vottun því til staðfestingar.

Lengd 240 std. Verð kr. 266.000,- með þeim fjórum prófum sem námið byggir á. (70-270, 70-284, 70-290 og 70-291. Sjá nánari lýsingu á heimasíðu skólans)

Önnur námskeið á vorönn

- Word ritvinnsla
- Excel grunnur
- Excel framhald
- Outlook

- Photoshop – grunnur
- Photoshop ljósmyndun
- FrontPage



TÖLVUSKÓLINN
ÞEKKING

FAXAFEN 10 | GLERÁRGATA 36 | WWW.TSK.IS | SÍMI: 544 2210
108 REYKJAVÍK | 600 AKUREYRI | SKOLI@TSK.IS

REYKJAVÍK & AKUREYRI

Breyttar alþjóðlegar aðstæður:

Kreppan með krónuna

PORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Landmenn hafa nú heilsað nýju ári. Eitt viðfangsefni blasir við í upphafi þess sem ætla má að sé mikilvægara en flest önnur þegar til lengri tíma er litið. Það er kreppan með krónuna. Við þurfum bærillega stöðugan gjaldmiðil rétt eins og aðrar þjóðir. Krónan hefur ekki staðist þær kröfur sem rétt er að gera í þeim efnunum.

Sú staðreynd kallar á einhvers konar viðbrögð. Í alþjóðlega opnu viðskiptaumhverfi gera fyrirtækin eðlilega kröfu til þess að stöðugleiki ríki. Hagsmunir launafólks eru þeir sömu. Afkoma almennings er með beinni hætti en nokkru sinni fyrir tengd þróun gjaldmiðilsins.

Við stöndum frammi fyrir nýrri áskorun í þessum efnunum. Ekki vegna þess að Seðlabankinn hafi tekið vitlausar ákvarðanir eða stjórnvöld fylgt óskynsamlegri stefnu. Heldur fyrir þá sök að aðstæður hafa breyst. Hvort sem mönnum líkar betur eða verr blasir við nýtt umhverfi bæði heima fyrir og á alþjóðamörkuðum. Við því þarf að bregðast.

Nærtæk leið til árangurs er að taka upp evru. Það er hins vegar flókið mál bæði efnahagslega og pólitískt. Aukheldur verður það traudla gert af styrk og öryggi án aðildar að Evrópa-sambandinu. Ástæðulaust er þó að útiloka umræðu og athugun á öðrum kostum.

Að því er Evrópusambandið varðar hafa allar aðstæður líka breyst. Þau sjónarmið sem áður voru gild gegn aðild eru það sum hver ekki með sama hætti lengur. Þetta verður að hafa í huga við mat á aðstæðum og í allri rökræðu um leiðir til lausnar. Rót vandans er tæplega tímabundin. Ef svo væri er ótrúlegt að sá þungi væri í þessari umræðu sem raun ber vitni.

Að sönnu stefnir nú bæði í lækkan vaxta og verðbólgu á þessu ári. Efasemdirnar lúta hins vegar að því að hætt er við að sú þróun verði upphaf að nýju misgengi, fyrst og fremst fyrir þá sök að efnahagslífið styðst við minnsta sjálfstæða gjaldmiðil sem til er í opnu alþjóðlegu viðskiptaumhverfi.

Það er ekki ásættanleg staða að efnahagsleg stöðnun sé forsenda fyrir stöðugleika í þjóðarþróunum. Að sama skapi er ógott ef fyrirtækin greinast smám saman í tvo hópa eftir því hvort þau hafa aðstöðu til að taka upp aðra mynt eða ekki. En sú þróun er hafin og verður ekki stöðvuð.

Erlend fjárfesting hefur verið mjög takmörkuð ef frá eru talin fyrirtæki sem hingað hafa komið vegna pólitískrar raforkusölu. Gjaldmiðillinn hefur verið hindrun að þessu leyti. Það veikir samkeppnisstöðu atvinnulífsins.

Evrar myndi að sjálfsgöðu kalla á nýjan og strangari aga við allar efnahagslegar ákvarðanir bæði á opinberum vettvangi og á markaði. Það eru engar einfaldar og með öllu sársaukalausar lausnir til. Viðfangsefnið sem við blasir á þessu sviði kallar ekki á augnabliks ráðstafanir heldur langtíma stefnmótun.

Í því ljósi gæti það orðið til skaða að snúa komandi kosninga-baráttu upp í átök um svo flókið og viðkvæmt álitaefni. Hiitt væri æskilegt að um það yrði rætt með þeim hætti að engum dyrum yrði lokað. Næsta kjörtímabil gæti þannig orðið tími raunhæfrar skoðunar og ábyrga ákvarðana um framtíðina í þessum efnunum.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Gamalli hefð fórnað

Fyrsta nýársávarp Páls Magnússonar útvarpsstjóra var aðeins sent út í útvarpi eftir áramótin. Á meðan divurnar sungu í sjónvarpinu bar Páll kveðu til landsmanna frá Ríkisútvarpinu á samtengdum rásum 1 og 2. Sjálfsgött fannst mörgum ávarp útvarpsstjóra ekki ýkja spennandi sjónvarpsefni þegar nýju ári var fagnað. Sumum lesendum Fréttablaðsins fannst samt slæmt að gamalli hefð var fórnað í útvarpinu. Venjan var að Gerður G. Bjarklind, eða önnur útvarpsdív, óskaði fólki gleðilegs nýs árs og í kjölfar var spilað lagið Árið er líðið í aldanna skaut. Nú kom ávarp Páls eftir að klukkurnar glumdu og hátíðleikinn sagður ekki eins mikill. Og það sem verra var;

hann byrjaði ekki ávarp sitt á nýárs-kveðu til landsmanna.

VG í boði Alcan

Stjórnmaðlaforingjarnir mættu í Kryddsíldina á Stöð 2 á gamlársdag eins og venja er. Fundurinn var alveg ágætlega fjörugur eftir að hafa náð hæðum hér um árið þegar Davíð Oddsson og Össur Skarphéðinsson sökuðu hvor annan um að vera dóni. „Þú ert bara sjálfur dóni,“ var vinsælt orðatiltæki eftir þann þátt. Nú eru þeir horfnir á braut og aðrir komnir í staðinn. Augu margra beindust að Steingrími J. Sigfússyni formanni VG við þetta tilefni. Hvers vegna? Eftir hvert auglýsingahlé var tilkynnt að hann

sæti þarna í boði álrisans Alcan. Hvergi eru menn óhultir.

Kaffibandalagið

Geir H. Haarde náði að spila snjallan leik eftir að Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hafði tilkynnt í Kryddsíldinni að eðlilegt væri að forsætisráðherraefni stjórnarandstöðuflokkanna kæmi úr Samfylkingunni. Hún væri formaður í stærsta flokki kaffibandalagsins. Þegar Steingrímur J. Sigfússon fékk orðið spurði Geir Haarde hvort hann væri þessu sammála. Egill Helgason fylgdi svo spurningunni eftir. Svar Steingríms var ekki afdráttarlaus já. Hann sagði eðlilegast að sá flokkur sem ynni stærsta kosningasigurinn fengi forsætisráðuneytið í sína umsjá.

bjorgvin@frettabladid.is

Klúður í samgöngumálum

Af umræðum síðasta misserið og yfirlýsingum ýmissa ráðherra um efni þeirra verður ekki betur séð en að þeir sem víðra skoðanir í fjölmiðlum séu að vinna óþurftarverk. Þetta á sérstaklega við um fólk sem af einhverjum hvötum kys að gagnrýna ríkisstjórnina eða meðlimi hennar og störf þeirra.

Samgönguráðherrann benti einmitt snyrtilega á í blaðagrein að það er auðvelt að sitja við tölvuna og gagnrýna verk annarra. Formaður Framsóknarflokksins benti að sama skapi snyrtilega á það í sjónvarpsviðtali í sumar að það væri auðvelt að sitja í leðursófa í koniaksstofu eins fínasta hótels landsins og gagnrýna verk annarra. Sá fyrrnefndi var fúll vegna þess að einhver hafði dirfst að segja að ekki væri allt sem skyldi í stjórn samgöngumála og sá síðarnefndi fjallaði um ákvörðun tveggja valdamanna um að lýsa í leyfisleysi yfir stuðningi þjóðarinnar við innrásina í Írak.

Nú þegar fimm mínútur eru í kosningar liggur mönnum eðlilega mikið á að koma því í verk sem þeir hafa látið hjá líða að gera á undanförunum átta árum. Klúðrið í samgöngumálum er áttakanlegt og birtist í fátíðleikafarsanum í kringum Flugstöðirnar sem eiga að taka til starfa eftir áramótin. Allt bendir til að vegna þess klúðurs muni flugumferðastjórn í háloftunum hér á norðurhveli flytjast úr landi og ef marka má orð forstjóra Ícelandair þá hefur sú starfsemi fært ríkinu, þ.e. sameiginlegum sjóði okkar Íslendinga, rúma tvo milljarða í tekjur á ári hverju.

Samgönguráðherrann segir að þar sé ekkert klúður og enginn flumbrugangur á ferðinni vegna þess að lög um hið nýja fyrirkomulag hafi verið samþykkt á Alþingi með góðum fyrirvara.



VALGERÐUR BJARNADÓTTIR Í DAG | Samgöngumál

Hann virðist ekki skilja að lög mega sín lítils ef framkvæmd þeirra er í molum. Það þýðir ekkert að berja flugumferðastjóra í hausinn með lagabálkum ef þeir vilja ekki vinna við þær nýju aðstæður sem í boði eru. Ef þeir vilja frekar fá sér sex eða tólf mánaða frí á launum og koma svo aftur til starfa að því loknu þá gera þeir það hvort heldur lögin voru samþykkt í fyrra eða í gær. Stóra spurningin fyrir þá hlýtur að vera hvort þá verði að einhverjum störfum að hverfa.

Klúðrið í samgöngumálum er áttakanlegt og birtist í fátíðleikafarsanum í kringum Flugstöðirnar sem eiga að taka til starfa eftir áramótin.

Kannski er ekkert athugasemdi við að flytja þessa starfsemi úr landi. Kannski gera flugumferðastjórnir, sem ekki vilja ráða sig til Flugstöða, óraunhæfar kröfur. Ef svo er þá eiga samgönguyfirvöld að segja það upphátt og segja okkur að þau telji rétt að hætta að sinna þessari þjónustu vegna þess að hún borgi sig ekki. Það sem er verst við þetta mál eins og svo margt annað í stjórni hins opinbera er að það er engin stefna greinanleg, það er alltaf verið að bregðast við frekar en að byggja eitthvað upp.

Annað dæmi úr samgöngumálum er fjarskiptatenging landsins við umheiminn. Nú á tímum hnattvegðinga og þegar sjaldan líður sá dagur að ekki er talað um hina miklu íslensku útrás kemur allt í einu í ljós að við erum svo illa tengd að við urðum sambandslaus við umheiminn í einhverja klukkutíma. Það kom mér mjög á óvart að þetta gæti gerst, ég hélt sannast að segja að þessi mál væru í góðu lagi. En annað kom á daginn og nú segist samgönguráðherrann ætla að kippa þessu í liðinn. Ég spyr af hverju var ekki búið að því?

Þriðja dæmið í þessum málaflokki er uppbygging vegakerfisins og þær vitlausu áherslur sem þar eru. Ber þar sérstaklega að nefna Héðinsfjarðargöngin sem mörgum milljörðum er hent í á meðan allir eru sammála um að vegakerfið á þéttbýlasta svæði landsins er allsendis ófullnægjandi og beinlínis lífshættulegt. Samgönguráðherrann segir að unnið sé að öllum þessum málum í ráðuneyti hans allan ársins hring. Ég efast ekki um að þar er gott fólk sem rækir starf sitt vel. Enda er gagnrýni eins og þessari og þeirri sem maðurinn sem samgönguráðherrann skammaðist út í í blaðagreininni í vikunni ekki beint að embættismönnum. Gagnrýninni er beint að ráðherranum sem hefur ráðað verkefnum í vitlausu forgangsröð.

Fátæklingarnir sem stjórna landinu verða nefnilega að sætta sig við að sæta gagnrýni fólksins, það er ekki illmæli eða fantaskapur. Það er lýðræði og gagnrýnin er hluti af málfrelsinu en það eru einmitt þeir stólpur sem mestu máli skipta.

Um leið og ég óska lesendum þessa pistils gleðilegs árs legg ég til að eftirlaunaósóminn verði afnuminn með lögum.

Áróður álmanna

UMRÆÐAN

Álver

Hafnfirðingar fengu allir gjöf frá Alcan nú fyrir jólin. Í ljósvakamiðlum mátti sjá auglýsingar frá álfyrirtækjum og í prentmiðlum myndir af brosandi fólki við störf sín í álverum. Áróður álfyrirtækjanna er kominn á fullt enda átta forsvarsmenn þeirra sig á því að í kosningunum hér á landi í vor verður kosið um umhverfismál. Ekki bara náttúruverndarmál í þróngum skilningi heldur umhverfisverndarmál og ábyrgð Íslendinga í hnattrænu samhengi. Og svo mikið er víst að álfyrirtækin munu leggja sitt af mörkum til að hér verði engin stefnubreyting.

Hart hefur verið deilt um stórvirkjanir og náttúruspjöll af þeirra völdum undanfarið ár og hefur svo hart verið tekið á að forsvarsmenn Framsóknarflokksins afneita stóriðjustefnunni sem núverandi ríkisstjórn hefur rekið, m.a. með lágu orkuverði til stóriðjufyrirtækja, skattaávilnunum og þeirri staðreynd að íslensk náttúra hefur einiskis verið metin þegar reisa á virkjanir og stóriðjuver.

Nú er svo komið að við Íslendingar þurfum að velja hvert við stefnum og taka afstöðu óháð áróðri



KATRÍN JAKOBSDÓTTIR

álfyrirtækjanna. Ætlum við að byggja hér upp einhæft atvinnulíf, auka hér losun gróðurhúsalofttegunda þvert á öll alþjóðleg markmið og spilla náttúru landsins enn frekar. Viglínan hefur verið dregin. Fyrir liggja óskir stóriðjumanna um allt að 250.000 tonna álver í Helguvík, allt að 250 þúsund tonna álver við Húsavík, stækkun á Grundartanga upp í 260.000 tonn og síðast en ekki síst stækkun í Straumsvík upp í heil 460 þúsund tonn! Ekki má gleyma álverinu í Reyðarfirði sem verður rúm 340.000 tonn.

Það er tími til kominn til að staldra við. Fyrir utan álverið í Reyðarfirði er hægt að endurskoða öll þau vilyrði sem liggja fyrir um álverksmiðjur. Til þess er engum betur treystandi en Vinstri-grænum sem hafa lagt línurnar í umhverfismálaumræðu hér á landi. Nú þarf að stoppa áður en höfuðborgarsvæðið allt verður umkringt af verksmiðjum. Það þarf að hugsa til framtíðar og átta sig á því að þessar verksmiðjur verða ekki knúnar nema með verulegum spjöllum á náttúru landsins. Það þarf að velja aðra kosti til að tryggja hér fjölbreytt og nútímavætt atvinnulíf í góðri sátt við náttúru landsins og í samræmi við alþjóðleg markmið í loftslagsmálum.

Höfundur er varaformaður Vinstri-grænna

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

RITSTJÓRAR: Kári Jónsson og Þorsteinn Pálsson. AÐSTODARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir. FRÉTTASTJÓRAR: Arnald Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir. FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvín Baldvínsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Ekkert blað?

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu fengið Fréttablaðið. En til vonar og vara skaltu klippa þetta símanúmer út og hringja ef blaðið berst ekki.

550 5600

FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið

Þjóðkirkja hæðist að jafnræði trúfélaga

UMRÆÐAN

Trúmál

Í byrjun adventu ritaði ríkislaun-
aður talsmaður þjóðkirkjunnar
Steinn Arnþrúður grein hér í
blaðið undir fyrirsögninni „Jafn-
ræði trúfélaga og staða þjóðkirkj-
unnar“.

Tilfnið var nýfallinn dómur í
héraðsdómi í máli sem höfðað var
vegna þeirrar hróplegu mismun-
unar sem ríkir á milli trúfélaga
hér á landi. Fjárlög íslenska ríkis-
ins sýna augljóslega að þjóð-
kirkjustofnunin fær árlega heilu
milljarðana frá ríki, umfram sinn
lýðræðislega hlut og þá hlutfalls-
tölu sem henni ber gagnvart
öðrum trúfélögum. Þessi millj-
arða forréttindi þjóðkirkjunnar
eru það eina sem hindrar jafn-
ræði trúfélaga hér á landi.

Lúter þúsund ára?

Innlegg þjóðkirkjunnar í jafn-
ræðisumræðuna er m.a. eftirfar-
andi: „Engin stofnun á Íslandi
getur sýnt fram á annað eins sam-
hengi í þjóðarsögunni og þjóð-
kirkjan – örofa samhengi trúar-
legrar þjónustu, menntunar og
menningar í þúsund ár.“

Evangelíska – lúterska þjóð-
kirkjustofnunin er sögð vera þús-
und ára gömul! Rit Karls Sigur-
björnssonar biskups frá 1998,
„Þjóðkirkja í þúsund ár“ liggur
hér að baki en þar birtist sama
úthugsada sögutúlkunin.

Flest íslensk skólabörn vita þó
að sá þýski Marteinn Lúter sem
lútersk kirkja er kennd við, var
alls ekki fæddur árið 1000 heldur
fæddist hann tæpu hálfu árþús-
undi síðar eða árið 1483.

Nú vita einnig flestir Íslend-



HJÖRTUR MAGNI
JÓHANSSON

ingur að
kapólskur
síður ríkti
hér á landi
undir for-
ræði páf-
ans í Róm
meira eða
minna frá
árinu þús-
und allt til
1540. Þá
drottnaði
kapólska

kirkjustofnunin yfir landsmön-
num bæði sem andlegt og verald-
legt yfirvald. Við siðbreytingu
voru um 45% jarðaverðmæta í
landinu í eigu kapólskra kirkju-
legra stofnana, og engin tíund
greidd þar af.

Jarðeignasöfnun kirkjustofn-
unarinnar olli alvarlegri röskun á
efnahagslífi Íslendinga. Kirkju-
stofnunin sölsaði undir sig eignir
landsmanna oft með kúgun,
ofbeldi og óhugnanlegum stofn-
unarpunga. Æ fleiri urðu að
treysta á ölmusu kirkjustofnun-
arinnar. Frá þessu segir í ritröð-
inni „Kristni á Íslandi“ II bindi.

Hætt er við að nú tæpum 500
árum síðar sé þessi sami auður
sem tekinn var af þjóðinni án
þess að hún væri spurð á sínum
tíma, nú áfram notaður af mikl-
um stofnunar þunga og ranglæti
til að hindra jafnræði íslenskra
trúfélaga.

Þjóðkirkjan drottinnar

Þjóðkirkjustofnunin telur sig í
dag sjálfskipaðan erfingja kap-
ólsku kirkjunnar og eina erfingja
alls kirkjusögulegs arfs allra
landsmanna allt frá kristnitöku.
Hún telur sig ekki þurfa að ráð-
færa sig við kristin trúfélög, hvað

þá önnur. Ekki er lengur talað um
siðbreytingu eða siðbót heldur er
„örofa samhengi“ komið í staðinn
samanber grein. Þjóðkirkjustofn-
unin lúterska virðist hafa tileink-
að sér alla þá drottunarhyggju
og stofnunarvæðingu miðaldar-
kirkjunnar sem hún var upphaf-
lega kölluð af Guði sjálfum, til að
mótmæla og siðbæta.

Lengst af í tíð hinnar dönsku
þjóðkirkju höfðu landsmenn ekk-
ert val varðandi það hvort þeir til-
heyrðu eða ekki. Hversvegna er
því nú verið að greiða út söguleg-
an arf til fárra útvalinna, af því
sem formæður og forfeður okkar
áttu engan valkost um og voru í
raun þvinguð til að taka þátt?

Anakrónísk sögutúlkun þjóð-
kirkjunnar gerir ekkert úr einu
allra stærsta trúfélagi heims sem
var hér ríkjandi í 540 ár. Það trú-
félag er til staðar hér á landi og
því tilheyrja nokkuð þúsund
Íslendingar. Ef þjóðkirkjan hagar
sér svona gagnvart stærsta trúfé-
lagi heims, hvernig skyldi hún þá
haga sér gagnvart þeim litlu?

Þjóðkirkjustofnunin er í grunn-
inn arfleifð dansks stjórnsýslu-
kerfis og embættismanna-appar-
ats. Hún þjónaði lengst af
dönskum hagsmunum en ekki
íslenskum. Með siðaskiptunum
streymdi gifurlegt fjármagn út úr
landinu og var það mikið áfall
fyrir efnahag og kjör Íslendinga.

Árið 1874 fengum við trúfrelsi

Aðeins 25 árum síðar 1899 var
fyrsta íslenska grasrótatrúfélagið
stofnað; Fríkirkjan í Reykjavík,
evangelískt lúterskt trúfélag í
anda trúfrelsis og jafnræðis.
Þjóðkirkjustofnunin tók trúfrelsi-
nu og grasrótastarfi Íslendinga
afar illa og hélt áfram dauðahaldi

í forréttindi og forræði ríkis-
stofnunarinnar. Fríkirkjan í
Reykjavík hefur nú starfað í rétt
tæpan fjórðung þess tíma sem
lúterskur síður hefur verið hér á
landi. Undanfarinn áratug hefur
fjölgað meir í Fríkirkjunni í
Reykjavík en í nokkru öðru trúfé-
lagi. Hlutfallslega hefur fækkað
í þjóðkirkjunni. En samt sem
áður þarf íslensk grasrótarkristni
að lifa í skugga ríkisstofnunar
sem telur sig æðri öllum ákvæð-
um um jafnræði trúfélaga.

Fyrir aðeins tíu árum gerði
þjóðkirkjustofnunin samning við
íslenska ríkið um árvissar millj-
arða greiðslur og margvísleg for-
réttindi umfram önnur trúfélög, á
forsendum áður nefnds kirkju-
sögulegs arfs. Sá samningur,
ásamt lögum sem sett voru fyrir
tilstuðlan kirkjustofnunarinnar
árið 1997, setja einmitt allt tal
þjóðkirkjunnar um jafnræði trú-
félaga á svið fátæktarlaus.

Að kannast við verk sín

Í ofangreindri grein talsmanns
þjóðkirkjunnar segir „þjóðkirkj-
an hvatti stjórnvöld til að auka
jafnræði“. Á sama tíma og þjóð-
kirkjan sjálf er eina fyrirstaðan
fyrir jafnræði trúfélaga þá læst
hún vera einn helsti talsmaður
slíks jafnræðis.

Erfitt er að átta sig á því hvort
hér sé verið að hæða landsmenn
eða blekkja.

Engin stofnun á yfirborði jarð-
ar fjallaði jafn lengi og jafn ýtar-
lega um þá lagasetningu og þann
samning sem í dag veldur ójöfn-
uðinum á milli trúfélaga og ein-
mitt þjóðkirkjan. Engin stofnun
átti því jafn stóran þátt í að móta
hvort tveggja og þá er Alþingi
meðtalið. Stofnunin er annar

tveggja undirritaðra aðila að
samningnum og ber því fulla
ábyrgð á honum.

Ef stofnunin hefði fengið að
ráða þá hefði hún tekið mun fleiri
milljarða frá þjóðinni en raunin
varð. Eignardeilan um Þingvelli
er dæmi um það.

Sem sjálfskipaður merkisberi
Jesú Krists, vísar stofnunin eigin
ábyrgð á veraldlega ríkisvaldið
sem hún hefur þjónað svo lengi og
sett traust sitt á.

Það hefur aldrei þótt gott til
eftirbreytni, virðingavert hvað
þá kristilegt að vilja ekki kannast
við verk sín og afleiðingar þeirra.

Í umræðunni undanfarið um
meint verðsamráð stórfyrirtækja
á íslenskum olumarkaði hefur
verið talað um að alvarlegt van-
mat á dómgreind og réttlætisvit-
und landsmanna geti komið mönnum
illilega í koll. Það á vissulega
einnig við hér. Það er full mikið
að halda því fram að sá sem er
eina fyrirstaða jafnræðis trúfé-
laga sé einnig helsti talsmaður
þess og þar að auki algerlega
ábyrgðarlaus!

Jafnræði trúfélaga?

Það er það einfalt mál.

Það þarf að breyta nokkrum
ranglátum lögum.

Þjóðkirkjan þarf að temja sér
þá trú og þá afstöðu til náungans
sem hún predikar öðrum. Hún
þarf að taka það trúarskref að
koma út úr ríkisforsjár-skápnem
og mæta náunganum með djörf-
ung á jafnræðisgrunni.

Trú og náungakærleikur er allt
sem þarf.

*Höfundur er prestur og forstöðu-
maður hinnar evangelísk-lútersku
Fríkirkju í Reykjavík.*

Fátæktaraðskilnaður

UMRÆÐAN

Fátækt

Ég var að velta fátækt
fyrir mér og af
hverju svona margir
þurfa að vera fátækir,
eigum við sem þjóð að
hugsa um okkar minnstu
syni og dætur, sem ein-
hverra hluta vegna búa
við fátækt. Eða á lög-
málið um hinn sterkasta
sem ríkir og að hinir veiku
deyja drottni sínum, hvort viljum
við? Er það nokkur spurning? Við
viljum öll hjálpa hinum veikari,
það er bara spurning hversu mikið
við viljum leggja til?

Að halda fólki í fátæktargild-
runni svo árum og jafnvel kynslóð-
um skiptir, ætti að verða til þess
að verkalyðshreyfingin, stjórnar-
andstaðan og fleiri ættu að rísa
upp og beinlínis öskra á úrbætur,
að ástandið verði lagað og það
strax. Vöknum núna öll sem eitt og
sjáum til þess að þetta verði lagað.
Það verða kosningar í vor og von-
andi getum við meðal annars kosið
um að úrbætur verði í málefnum
fátækra á Íslandi. Er kannski
aðskilnaðarstefna á landinu þar
sem þeim fátæku er haldið fátæk-
um, af því að það er gott fyrir
kerfið?

Hvað fátækt er og hverjir eru
fátækir á Íslandi?

Sá í sjónvarpinu um daginn þá
Pétur Blöndal og Mörd Arnason
tala um fátækt á Íslandi og þeir
minntust ekki einu orði á örorku-
og lífeyrisþega eins og það væru
hópar sem hafa gnótt fjár á milli
handa og hefðu það í alla staði gott.
Mér fannst einkennilegt þegar
kjörnir þingmenn okkar eru blind-
ir á svona atriði. Er þeir kannski
svona úr takti við raunveruleikann
að þeir sjái ekki hvernig stórir
hópar hafa það? Eða kannski vilja
þeir bara ekki sjá.

Stórir hópar fólks, einstæðir
foreldrar, námsmenn, einstæðing-
ar, sjúkir, öryrkjar og lífeyrisþeg-
ar eiga varla til hnífs og skeiðar. Í



TRAUSTI RÚNAR
TRAUSTASON

þessu litla og vel stæða
landi á þetta auðvitað
ekki að vera svona, það
á að vera nóg handa
öllum. Við þurfum ekki
öll að vera rík, það er
fínt að sumir séu ríkir
og aðrir ríkari, en að
fólk þurfi að líða skort
er þjóðinni til skammar,
ekki síst þeim sem
stjórna, þeir ættu að
skammast sín. Það á
ekki alltaf að tala um að

kaupmátturinn hafi aukist og skatt-
ar hafi lækkað þó að það sé auðvit-
að mjög gott, það er ekki nóg. Ekki
nóg fyrir þá sem eru í hinum hópn-
um, þeir fáu sem heyrst ekki hátt
í, þeir bera höfuðið hátt þrátt fyrir
skort og kvarta ekki.

Það fá flestir í landinu desem-
beruppþót, ég veit það ekki fyrir
vist en ég held að öryrkjar og líf-
eyrisþegar fá enga desemberupp-
bót þó að það séu kannski þeir sem
þurfi helst á uppþótinni að halda.
Það er kannski skrítið en mér
finnst eins og að hjá örorku- og líf-
eyrisþegum séu úthlutanir hjá
mæðrastyrksnefnd og fjölskyldu-
hjálpinni desemberuppþótin í ár.
Er þetta rétt, á þetta að vera svona?
Ættum við kannski að skammast
okkar fyrir ráðamenn þjóðarinnar,
sem einhverra hluta vegna láta
þessi ósköp viðgangast.

En hvað er fátækt?

Er það að eiga ekki fyrir mat?
Að eiga ekki fyrir fötum á börn-
in?

Að eiga ekki fyrir leikskóla-
gjöldum?

Eða er það að eiga ekki fyrir bíl
eða geta ekki rekið bíl?

Skiptir það máli eftir hvernig
reglum er farið til að reikna út
fátækt, 4.000 börn – 3.000 eða
færri, er ekki of mikið ef börnin
eru bara 10 sem þurfa að búa við
fátækt. Eða er það kannski gott
fyrir hagkerfið ef það eru nokkur
hundrað börn sem þurfa að búa við
fátækt?

Ég veit ekki svörin við öllum
þessum spurningum en kannski er
einhver sem gæti svarað þeim?

SKYNDI- HJÁLPAR- MAÐUR



Rauði kross Íslands auglýsir eftir
ábendingum um einstakling sem
hefur á árinu 2006 bjargað
mannslífi með réttum viðbrögðum
í skyndihjálpi.

ÁRSINS 2006



Ábendingar skulu berast Rauða krossi
Íslands fyrir 15. janúar. Viðurkenningar
verða veittar þann 11. febrúar.
Nánari upplýsingar um tilnefningar og
hvernig staðið er að valinu má finna á
www.redcross.is



ESSO, sem er samstarfsaðili Rauða kross Íslands
um útbreiðslu á skyndihjálpi, veitir skyndihjálpar-
manni ársins sérstaka viðurkenningu.



Rauði kross Íslands
www.redcross.is

MARÍUHÆNA EÐA JÓLABJALLA

Maríuhænan er flækingur á þessum árstíma og berst í hús manna með jólatrjám.

HÚS 3



allt fasteignir

ER ÞÍN EIGN AUGLÝST HÉR? MEST LESNA FASTEIGNABLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT HITT

[HÚS FASTEIGNIR]

Það er nauðsynlegt að láta yfir fara rafmagn og rafmagnstöflur með reglulegu millibili. Til að auka öryggi er hægt að fá sjálfvirka slökkvieiningu. Nánar: www.hblondal.is



FASTEIGNASÖLUR

Ás	9
Fast.miðlunin Mjódd	6
Fast.miðlunin Reykjavík	8
Hof	7
Hvíta ljósið	4
Múli	6
Perla Investment	4
Remax	10
Smárinn	4
Stjörnueignir	5
Viðskiptahúsið	5

GÓÐAN DAG

Í dag er þriðjudagurinn
2. janúar, 2. dagur ársins
2007.



Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík 11.19	13.32	15.46
Akureyri 11.32	13.16	15.01

Heimild: Almanak Háskólans



Smáauglýsingasími
550 5000

Auglýsingasími Allt
550 5880

Þú getur pantað
smáauglýsingar á visir.is



Lágafellskirkja skartar sínu fegursta í húminu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Setið í hverju sæti

Saga Lágafellskirkju nær aftur til ársins 1774 þegar Mosfells- og Gufunessóknir voru sameinaðar með konunglegri tilskipun.

Konunglega tilskipunin var reyndar afturkölluð einungis tveimur árum seinna. Það var ekki fyrr en rúmri öld síðar, árið 1886, að Magnús Stephensen landshöfðingi skipaði svo fyrir að sóknirnar skyldu sameinaðar. Þar við sat og reis ný timburkirkja á steingrunni við Lágafell árið 1889. Þessi kirkja stendur enn þó svo hún sé vart þekktanleg í dag, svo miklar hafa endurbæturnar verið. Stærstu breytingarnar áttu sér stað árið

1956 þegar kirkjan var lengd um eina þrjá metra og skrudhús byggt norðan við kórinn. Á hundrað ára afmæli kirkjunnar var aftur ráðist í framkvæmdir en þá var ný viðbygging opnuð.

Mosfellskirkja tekur um 160 til 180 manns í sæti. Sagan segir að fyrir nokkrum árum hafi þáverandi kirkjuvörður, Jóhann S. Björnsson, sýnt landsþekktum miðli skrudhúsið, kirkjugarðinn og kirkjuna sjálfa. Þegar Jón bauð miðlinum sæti svaraði hún: „Nei, því miður. Hér get ég hvergi sest. Hér eru öll sæti upptekin af þrúðbúnum og glöðværum kirkjugestum.“

Heimildir: Heimasiða Kjalarnesprófastsdæmis.
tryggvi@frettabladid.is

Styrktu góð málefni

MEST STYRKIR MÆÐRASTYRKSNEFND OG HJÁLPARSTARF LÆKNANEMA Í KENÍA.

Forráðamenn þjónustu- og framleiðslufyrirtækisins MEST tóku ákvörðun um að styrkja Mæðrastyrksnefnd og hjálparstarf læknanema í Kenía á vegum Alþjóðasambands læknanema fyrir jólin. Var það gert í stað þess að senda viðskiptavinum og velunnurum fyrirtækisins jólakort og -gjafir í ár, sem fengu kveðjur sendar í tölvupósti.

Margir leita til Mæðrastyrksnefndar, sem úthlutar bágstöddum mat og fatnaði. Alþjóðasamband læknanema á hins vegar í samstarfi við samtökin Provide International, hjálpar-samtök heimamanna í Kenía, og reka þau saman ódýra en góða heilsugæslu í fimm fátækustu hverfum Nairóbí.



FASTEIGNALÁN Í MYNTKÖRFU

Lánstími
allt að
40 ár

FRJÁLSI

Nánari upplýsingar hjá lánafulltrúum Frjálsa og á www.frjalsi.is, þar sem einnig er hægt að reikna greiðslubyrði.

VEXTIR FRÁ
AÐEINS

3,4%

Miðað við myntkörfu 3, Libor vextir 21.09.2006

FRÉTTABLAÐIÐ




GLÓFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236

BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR

- Hurðir til á lager
- Smíðað eftir máli
- Eldvarnarhurðir
- Öryggishurðir



Benedikt segir mikið að gera í alhlíða þrifum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

STÚLKUR & STÆLGÆJAR
BARNAFATAVERSLUN

**Útsalan
hefst
á
morgun**

VERIÐ VELKOMIN

STÚLKUR & STÆLGÆJAR - HVERAFOLD 1-3
112 REYKJAVÍK - S: 566-5010

Færist í aukana að húsfélög fái sérþjálfað fólk í þrif

Fyrir jólin létu margir þrifa stigaganga og sameignir í fjölbýlishúsum. Það var því nóg að gera hjá Benedikt Hjálmarsyni og félögum hans hjá BG þjónustunni sem tekur að sér alhlíða þrif fyrir einstaklinga og fyrirtæki.



BG þjónusta var að taka nýja teppahreinsivél í gagnid.



Töluvert er um að húsfélög panti allsherjar þrif á stigagöngum fyrir jólin.

„Síðustu fimm árin hefur orðið svakaleg aukning í því að húsfélög ráði fólk til þess að sjá um þrif á sameignum. Stigagangarnir sem við þrifum skipta ekki tugum lengur heldur erum við farnir að sjá um regluleg þrif á nokkur hundruð stigagöngum,“ segir Benedikt.

Töluvert er um að húsfélög panti þrif á stigagöngum sérstaklega fyrir jólin. „Í desember vorum við alveg á fullu í stigagangahreiningum. Við þrifum vegg og loft og allt saman og vorum einmitt að taka í gagnid nýja teppahreinsivél, sérstaklega fyrir stigaganga, sem er sú stærsta á landinu.

Við vorum að hreinsa teppi í einhverjum sextíu eða áttatíu stigagöngum sem er dálítið mikið á tuttugu dögum og vorum að alla daga til þess að ná klára fyrir jól. Yfirleitt klárast þetta ekki fyrr en á Þorláksmessu eða jafnvel á aðfangadagsmorgun, það hefur komið fyrir.“

BG þjónusta var stofnuð árið 1995 og nóg hefur verið að gera hjá fyrirtækinu síðan þá. „Við erum að þjónusta fyrirtæki, stofnanir, einstaklinga og húsfélög og sjáum um föst þrif víða,“ segir Benedikt sem er framkvæmda-

stjóri fyrirtækisins. Benedikt segir að það sé alls ekki dýrt að fá þá til þess að þrifa stigagangana. „Auðvitað fer það dálítið eftir stærð hvað þetta kostar. Sem dæmi kostar teppahreinsun og alþrif á stigagangi í fjögurra hæða blokk svona fjórtíu til fimmtíu þúsund krónur í eitt skipti en regluleg þrif kannski tólf til fimmtán þúsund á mánuði. Það er nú ekki mikill peningur á hvern íbúa og það er ástæðan fyrir því að þetta er svona vinsæl þjónusta.“

emilia@frettabladid.is

allt
auglýsingasími
550 5880

BYLTING Í SVEFNLAUSNUM

BETRI HVÍLD, DÝPRI SVEFN OG MEIRI VELLÍÐAN.

Rúmgott er leiðandi í þróun og framleiðslu á heilsudýnum og rúmboðnum undir vörumerkinu EZ-sleep á Íslandi. Við höfum yfir að ráða fullkomnum tækjabúnaði til að mæla þrýstijöfnun á líkama hvers einstaklings sem gerir okkur kleift að framleiða svæðaskiptar heilsudýnur sniðnar að viðkomandi.

20-65% AFSLÁTTUR

FRÍ LEGUGREINING OG FAGLEG RÁÐGJÖF

Rúm Gott

Verslunin Rúmgott · Smiðjuvegi 2 · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 - laugardaga kl. 11-16

www.rumgott.is



Guðrún mælir með því að jólakúlurnar fari aftur í kassana sem þær komu í.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Jólaskrautinu pakkað niður í röð og reglu

Mikilvægt er að gefa sér tíma til að ganga frá jólaskrautinu á þann hátt að það skemmist ekki og auðvelt sé að nálgast það næstu jól.

Guðrún Brynjólfsson er skipuleggjari og rekur hún fyrirtækið Röð og regla. Hún aðstoðar fólk við að koma skipulagi á heimilið og ráðleggur því hvernig er best að ganga um svo að hlutirnir haldist þar sem þeir eiga að vera. Hún hefur aðstoðað einstaklinga og fjölskyldur, sem og fyrirtæki.

Nú þegar jólin eru senn á enda er mikil vinna fram undan við að koma jólaskrautinu aftur í geymslu. Guðrún kann nokkur ráð sem gera það að verkum að aðkomnan næsta ár verður eins góð og mögulegt er. „Ef við byrjum á jólatrénu er gott að geyma allt skrautið á því í sama kassa og sniðugt er að setja jólakúlurnar aftur í kassann sem þær komu í,“ segir Guðrún. „Svo má vefja jólaseriuna upp á til dæmis hól af eldhúsrúllu. Það má líka vefja hana upp í höndunum og binda hana svo þannig að

hún fari ekki út um allt.“ Annað jólaskraut má flokka eftir stærð eða gerð hluta. „Gott er að vefja brothættum hlutum inn áður en þeim er komið fyrir í kassa,“ segir Guðrún. „Kössunum er svo komið fyrir á vísium stað í geymslu, kannski framarlega þar sem gott er að ná í þá fyrir næstu jól.“ Guðrún mælir með glærum kössum og segir að ekki skemmi séu þeir á hjólum. Slíka kassa má fá í Rúmfatalagernum fyrir sanngjarnt verð.



Guðmundur Óli Scheving
SKRIFAR UM MEINDÝR OG MEINDÝRAVARNIR

Mariubjalla, Mariuhæna líka kölluð Jólaljalla

Mariubjöllur (*Coccinellae*) eru mjög fallegar bjöllur, rauðar eða glógular með svörtum doppum. Mariuhænan er flækjngur á þessum árstíma og berst oft hingað með t.d. dönskum jólatrjám og líka með íslenskum jólatrjám og vaknar til lífsins þegar jólatréð er komið inn í stofu. Hún flýgur um og það líða kannski einhverjir dagar þar til menn verða hennar varir. Hún er algjörlega skaðlaus. Mariubjöllur/hænur njóta mikilla vinsælda meðal fólks, þær hafa yfir sér ljóma þjóðtrúar og spásagnardýra og eru kenndar við Mariu mey. Oft eru þær kallaðar sauðkindur guðs. Þær eru nýttjadyr í ræktun því þær og lírfur þeirra háma í sig blaðlís, skjaldarlís og maura. Þær eru víða notaðar við að halda meindýrum frá lífrænni ræktun. Þekktar eru á fjórða þúsund tegundir.

Bjallan er ekki skilgreind sem meindýr en þó eru til tegundir sem eru meindýr eins og t.d. mexíkóska baunabjallan. En þessi pistill er aðeins fróðleikur um Mariubjöllur og Mariuhænur. Algengust í Evrópu er sjö bletta Mariuhæna en hér á landi er algengust ellefu bletta Mariuhæna og finnst mér hún langfallegust. Hún er rauð með ellefu kolsvarta afmarkaða bletti. Hér á landi er hún í grasi þar sem blaðlís er að finna en á Norðurlöndunum er hún helst við sjávarsíðuna. Sumar tegundir eru einlitar eða með rákum.

Ég kalla Mariubjölluna jólabjöllu á þessum tíma árs. Hana er að

finna í öllum heimsálfum. Hún lifir á Norðurlöndunum, Færeyjum, Englandi, Skotlandi, Bandaríkjunum og Kanada en ekki hefur hún fundist á Grænlandi. Hér á landi hefur hún fundist í t.d. Kerlingarfjölum og Öskju í allt að 1.350 m hæð.

Ég vil þakka öllum þeim fjölmörgu sem hafa sent mér fyrirspurnir og þakkarorð fyrir þessa pistla á árinu sem nú er nýliðið og vona að ég hafi getað svarað spurningum lesenda svo öllum líki. Gleðilegt ár!

Varnaðarorð

Þegar fólk þarf að fá til sín meindýraeyði eða garðúðara, hvar á landinu sem er, skal alltaf óska eftir því að fá að sjá starfsréttindaskírteini útgefið af Umhverfisstofnun og eiturefnaleyfi gefið út af lögreglustjóra/sýslumanni og það mikilvægasta er að viðkomandi hafi starfsleyfi frá viðkomandi sveitafélagi. Ef þeir sem kalla sig meindýraeyða og garðúðara eru ekki með þessi leyfi í gildi geta þeir ekki keypt eiturefni og starfsréttindi meindýraeyða og garðúðara ein sér hafa ekkert gildi.

Félagar í Félagi Meindýraeyða eru með félagsskírteini á sér. Fáðu alltaf nótu vegna viðskiptanna.

Réttindi meindýraeyða og garðúðara frá erlendum ríkjum og félagsamtökum gilda ekki á Íslandi.

Lesendum Fréttablaðsins er velkomnið að senda fyrirspurn á netfangið: guðmunduroli@simnet.is



Mariubjalla ladybug ladybird meindýr skordýr

Jólapappír gengur aftur

Kannski eru allir búnir að henda jólapappírnum en þó er líklegri að einhver hafi geymt það aðeins að taka til í stofunni svona rétt yfir mestu hátíðarnar. Þeim sem hrýs hugur við því umhverfisslysi sem einnota jólapappír í tonnavis er er bent á að það er hægt að nota jólapappírinn aftur – og aftur. Ýmsar aðferðir eru til þess:



- Geymdu hann þangað til á næsta ári. Sléttu úr öllum örkunum sem eru tiltölulega heilar og pressaðu þær með bókastafli. Það sér enginn muninn á nýja pappírnum og gamla.

- Klippu hann út í margs konar munstur og límdu hann á tréramma. Settu síðan einhverja fallega jólalega mynd í og þá ertu komin/ með finasta skraut.
- Límdu hann utan á jólakúlur og settu þær á jólatréð. Passaðu þig

- að nota gott og sterkt lím og ekki sakar að skella smá glimmeri á kúlurnar líka.
- Límdu fallegan jólapappír utan um kassana sem geyma jólaskrautið. Þannig henta þeir tilefninu betur og fer ekkert á milli mála í hvaða kössum jólaskrautið er.
- Klippu fallegar myndir út úr pappírnum og notaðu til að gera jólakort og límniða fyrir næsta ár.
- Bleyttu upp í jólapappírnum og búðu til þykkann umbúðapappír til að nota utan um gjafir allan ársins hring.



JÓLATILBOÐ

Á HÆGINDASTÓLUM MEÐ NUDDI



55
ÁRA



Verslunin Rumgott · Smiðjuvegi 2 · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 - laugardaga kl. 11-16

www.rumgott.is

HB FASTEIGNIR

Hrafnhildur Bríðde, löggiltur fasteigna- og skipasali

Félag fasteignasala

Sími 534 4400 • Hús Verslunarinnar, Kringlan 7 • 103 Reykjavík



Hrafnhildur Bríðde
Lögg. fasteignasali

Kári Kort
Sölustjóri

NÁNARI UPPLÝSINGAR UM ÞESSAR EIGNIR GEFUR KÁRI KORT SÖLUSTJÓRI SÍMI 892 2506

TIL SÖLU



PINGVAÐ - NORÐLINGAHOLTI

- 11 keðjuhús frá 215-245fm
- Afhent foheld eða lengra komin
- Skilalýsing á skrifstofu



Sigtún - 105 Rvík Sjarmerandi 48,2fm 2ja herbergja risibúð

- Hol, eldhús m/dúk á gólfum, baðherb.
- Svefnherbergi m/ vinnuherb innaf.
- Stofa m/parket á gólfum.
- Í kjallara er sam þvottaherb.
- Ath íbúðin nýttist ótrúlega vel.



BYGGÐARENDI - AUKAÍBÚÐ

Fallegt 295.2fm Einbýlishús við Byggðar-
enda m/ aukaíbúð og bílskúr. Ásett verð
57,8 millj.

- 4 svefnherbergi, stofa+borðstofa.
- Baðherbergi flisal,baðkar+sturtukl.
- Eldhús m/ eikarinnréttingu, borðkrók+búri.
- Aukaíbúð með sérinngangi.
- Innbyggður bílskúr m/rafm+hita.
- Lárus við kaups lykjar á skrifst.



EINIMELUR - VESTURBÆR. Ásett verð 90 millj.

320.1fm á tveim hæðum. Eldhús, Búr, eldh.
kr. Borðstofa m. útg í fallegan garð. 5
svefnh. Stofa. húsbóndah. stórar svalir.
Glæsileg eign á góðum stað.



LOGAFOLD - 112 RVK.

293,7 FM EINBÝLISHÚS Á GÓÐUM STAÐ.
VERÐ 66.6 MILLJ. Neðri h: Forst, wc, skrif-
stofurími, sjónvarpsvefnh, geymsla+bílskúr.
Efr ih: Stofur ,eldhús, 4 svefnherb. borðst,
baðherb.

FYRIR FJÁRFESTA

- Atvinnuhúsnæði 500 fm í Hverag.
- Íbúðarhús m4-6 íbúðum Hverag.
- Lóðir í Reykjavík.
- Frístundajörð í Borgarfirði
- Frístundajörð+hestar+golf í Borgarf.
- Sumarhús+ frístundalóðir



STUÐLASEIL - 109 RVK. EIN- BÝLISHÚS. VERÐ 58 MILLJ.

246,1 fm á tveimur hæðum. Stór og björt
stofa+ borðstofa. Stór viðarklædd verönd
m/heitum potti. 7. sv.h. Sjónvarpsherb. á
efri hæð. Fallegur garður m/garðhúsi.



BAÐSVELLIR, GRINDAVÍK

Fallegt 151 fm einbýli á frábærum stað Verð
22,8 millj.

- Flisalögð m/forstofa m/ herbergi
- Sjónvarpshol,björt stofa m/útg á pall.
- Eldhús m/fallegum innréttingum+borðkrók
- Stór tvöfaldur bílskúr.



EFSTAHRÁUN 240 GRINDAV.

150 fm Raðhús með góðum bílskúr.

- Forstofa,hol m/fataskáp flisar á gólf.
- Þrjú barnaherbergi,stórt hjónaherb.
- Borðstofa m/uppteknu lofti m/glugga
- Björt stofa m/útg í garð.
- Góð eign miðsvæðis.



FRÍSTUNDAJÖRÐ Í BORGAR- FIRÐI - Ásett verð 35 millj.

Galtarholt 203,9 fm íbúðarhús + 3,5 ha +
1.5 land. Upplagt fyrir hestafólk, starfs-
mannafélög, orlofshús.




GVENDARGEISLI 113 RVÍK

126,8fm falleg 4ra herbergja íbúð á þriðju
hæð með sér inngangi.//

- Með stæði í bílageymslu.
- Stórar suðursvalir með góðu útsýni.
- 2 góð barnaherbergi með skápum.
- Hjónaherbergi með fataherbergi.
- Falleg eign

Ægisvellir 230 Keflavík



- Fallegt 165fm einbýlishús á rólegum stað
- Með tvöf. bílskúr verð 34.9 millj. Nýtt
- Forstofa m/nátturufílsum+fataskápum.
- Björt stofa m/uppteknum loftum.
- Eldhús m/sérsmíðuðum innréttingum.
- Hjónaherbergi m/skápum úr kirsuberjav.
- Tvö góð barnaherbergi m/skápum
- Stórt baðherbergi m/baðkari+sturtuklefa
- Vinnuherb m/útg í bílskúr m/þvottaherbergi
- Innaf m/útg á sólpall.

Stamphólsvegur - 240 Grindavík



**HÉR BYGGIR
JÁRNGERÐI EHF
24 ÍBÚÐIR - FRÁ
76,8 fm - 236,5 fm.**



Heilshugar um þinn hag

Vilhjálmur Bjarnason - lögg. fast.sali
Helgi H. Jónsson - lögg. fast.sali

Suðurlandsbraut 50

Bláu húsin v/Faxafen

husid@husid.is

Sími 513 4300

www.husid.is

4ra herbergja

Andrésbrunnur 13



Falleg 4ra herbergja 122,2 fm íbúð á
efstu hæð í lyftuhúsi ásamt stæði í 3ja
bíla bílskýli með þvottaaðstöðu og 2
geymslum í sameign.

Verð 28,5 millj.

Nánari upplýsingar gefur
Hrafnhildur í síma 894-3800

4ra herbergja

Álfheimar - Rvk



Glæsileg 100,9 fm íbúð á fjórðu og
efstu hæð hússins. Íbúðin er öll ný-
uppgerð. Allar hurðar og allir skápar
nýir. Parket á gólfum er nýtt. Nýir ofn-
ar og nýtt rafmagn. Þvottahús í kjall-
ara. Sameiginleg hjóla- og vagna-
geymsla og sameiginleg geymsla undir
stiga.

Verð 23,5 millj.

2ja herbergja

Lækjasmári - Kóp.



Góða 3ja herbergja 95,1 fm íbúð á 7.
hæð í viðhaldslitlu lyftuhúsi, ásamt
11,5 fm stæði í lokuðu bílskýli. Séð er
um þríf í sameign hússins. Stutt í alla
þjónustu í Smáranum.

Verð 27,9 millj.

2ja herbergja

Hraunteigur - Rvk



Falleg 2ja herbergja 64,1 fm íbúð á 1.
hæð í Laugardalnum. Í húsinu eru 5
íbúðir en húsið var nýlega steinað að
utan og skipt var um þrýstjafnara. Í
kjallara er sérgeymsla sem fylgir íbúð-
inni en þar er einnig sameiginlegt
þvottahús þar sem hver er með sína
þvottavél hver. Einnig er sameiginlegt
geymslurými í sameign. Sameiginlegur
garður er kringum allt húsið.

PERLA investments
Holiday center Fasteignasala og leigumiðlun

www.perlainvest.com

Sími: 0034 96 676 58 08 Fax: 0034 96 676 58 09

Frábært tækifæri - aðeins 88.000 kr per fermeter



Jónsvör 5

190 Vogar

ATV. HÚSNÆÐI Í NÆSTA NÁGRENNI

Verð: 88Þ per fm

Stærð: 491,2
Byggingarár: 2000
Brunabótamat: 53.400.000

Hótel Egilsbúð í Neskaupstað óskar eftir að ráða yfirmatreiðslumann/konu. S. 863 8705. snorrihall@simnet.is

Byggingaryrirtæki á suðurlandi óskar eftir að ráða smíði eða verkamenn til vinnu. uppl. í S:8679690.

Atvinna óskast

Fertugur karlmaður óskar eftir atvinnu. Uppl. í s. 695 0374.

TILKYNNINGAR

Ýmislegt

Engar skuldir - Hæri tekjur

Skóðaðu Magnad.com og lærðu að skapa þér þær tekjur sem þú vilt - heima hjá þér!

Einkamál

EROTISK VERSLUN
TANTRA
EROTISK VERSLUN

LANDSINS MESTA ÚRVAL AF
VHS, DVD OG LEIKFÖNGUM
FYRIR FULLORÐNA
OPID MÁN - FÖS 12:00 - 20:00
OG LAUGARD, 12:00 - 18:00
FÁKAFENI 11
HLÍDASMÁRA 13
SÍMI 588 6969 / 587 6969
WWW.TANTRA.IS

A. P. Þrif

Framsækið fyrirtæki sem sérhæfir sig í þrifum á nýbyggingum óskar eftir starfsmönnum í fullt starf vegna mikilla umsvifa. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Umsækjendur þurfa að vera 20 ára eða eldri.

Upplýsingar gefur Steini í síma 821-9908.



Tvær skemmur til leigu

1600 fm og 850 fm

Upplýsingar í síma 696 9984

Eingreiðsla

fasteignagjalda

Þeir greiðendur fasteignagjalda í Reykjavík á árinu 2007 sem óska eftir eingreiðslu fasteignagjalda á árinu eru vinsamlegast beðnir að tilkynna það til Fjármálasviðs Reykjavíkurborgar í síma 411-3636 fyrir föstudaginn 12. janúar. Einnig má tilkynna þetta með tölvupósti á netfangið fasteignagjold@reykjavik.is

Þeir greiðendur sem þegar eru í eingreiðslu þurfa ekki að tilkynna um framhald á því sérstaklega.

Fjármálasvið Reykjavíkurborgar



GARÐABÆR

www.gardabaer.is

LYNGÁS 1, DEILISKIPULAG KYNNINGARFUNDUR

Skipulagsnefnd Garðabæjar boðar til almenns kynningarfundar vegna tillögu að deiliskipulagi lóðarinnar Lyngás 1, miðvikudaginn 3. janúar 2007 kl. 17.

Lóðin afmarkast af Stórasi að norðvestanverðu, Lyngási að norðaustanverðu, Hafnarfjarðarvegi að suðaustanverðu og göngustíg við lóðirnar Laufás 6 og 7 og Stórás 7 að suðvestanverðu.

Tillagan gerir ráð fyrir 130 íbúðum að hámarki í 5 húsum sem verða 3-5 hæða. Lægstu húsin verða næst Laufási. Bifreiðastæði verða 270 og um helmingur þeirra í bifreiðageymslum. Nýtingarhlutfall lóðarinnar verður 1,02. Aðkoma verður frá Stórasi annarsvegar og Lyngási hinsvegar.

Formlegri kynningu tillögunnar lauk 15. nóvember sl. en vegna óska íbúa í nágrenni lóðarinnar er eftir til kynningarfundarins. Höfundur deiliskipulagsins mun kynna tillöguna.

Frestur til að skila inn athugasemdum við tillöguna framlengist um eina viku eftir fund eða til 10. janúar. Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofum Garðabæjar og skulu þær vera skriflegar og undirritaðar.

Fundurinn verður haldinn í anddyri bæjarskrifstofa að Garðatorgi 7, miðvikudaginn 3. janúar 2007 klukkan 17.00-18.30.

Skipulagsstjóri Garðabæjar
Arinbjörn Vilhjálmsson

Fræðslu- og menningarsvið

Öflugasta

sjónvarpsdagskráin

birta

FRÉTTABLAÐIÐ

– smáauglýsingar sem allir sjá

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | VODAFONE

Vikulegur umræðuþáttur í beinni útsendingu þar sem Egill Helgason og vel valdir álitsgjafar fara yfir helstu þjóðmálin.

SILFUR EGILS

Á sunnudögum kl. 12:25 í opinni dagskrá á Stöð 2





VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS

Byggingaframsæmdir á nýju húsnæði Verslunarskóla Íslands hófust vorið 1983, eftir að ákvörðun var tekin um að reisa nýtt húsnæði 1981. Starfsemi skólans var flutt úr húsnæðum hans við Grundarstíg, Hellusund og Þingholtsstræti í Ofanleiti 1 árið 1986. Skólinn hafði ekki verið áður í húsnæði sérstaklega hönnuðu undir starfsemi hans og má segja að aðstaða nemenda, kennara og annarra starfsmanna hafi batnað verulega í kjölfars vistaskiptana. (Heimild: www.verslo.is)



DRAUMAHÚSIÐ MITT SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR BORGARFULLTRÚI

Hundrað ára hús í Flatey

„Draumahúsið mitt er án efa Ásgarður í Flatey enda ber það mikla sögu,“ segir Svandís Svavarsdóttir borgarfulltrúi. „Langafi minn og langamma byggðu húsið í kringum 1907 þannig að það er nær hundrað ára og hefur hýst fjölskylduna áratugum saman.“


Svandísi líður vel í Flatey. „Þar upplifi ég ró, sem er það sem nútímamanneskjan leitar alltaf að,“ segir hún og bætir við að fjölskyldan reyni að komast alltaf í Flatey á sumrin. „Afkomendur hjónanna sem byggðu húsið eru orðnir margir og við skiptumst þess vegna á viku og viku í eynni.“

Ásgarður er timburhús á tveimur hæðum og óvenju stórt fyrir sinn tíma, enda reist af stórhug kaupmannshjónanna í eynni. Þar eru tvær stórar stofur og svefnherbergi á efri hæðinni auk eldhúss og bura. „Þetta er dæmigert timburhús frá þessum tíma en óvenju stórt,“ segir Svandís. „Húsið er svolitíð miðjan í þorpínu og margir sem kannast við það af myndum úr eynni.“

Uppáhaldshús Svandísar Svavarsdóttur er hundrað ára gamalt hús í Flatey.



SELDAR EIGNIR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU*



*Þinglýstir kaupsamningar. Heimild: Fasteignamat ríkisins.



Ekki er langt síðan Epal opnaði útibú í Leifsstöð og nú er fyrirhugað að stækka enn frekar húsnæði verslunarinnar í Skeifunni.

Epal stækkað

Til stendur að stækka verslunina Epal í Skeifunni um 870 fermetra.

Verslunin Epal er í blóma þessa dagana. Ekki er langt síðan opnað var útibú verslunarinnar í Fríhöfninni í Leifsstöð og nú stendur til að stækka húsnæði verslunarinnar í Skeifunni. Fyrirhuguð stækkun er upp á 870 fermetra og er áætlað að framkvæmdum ljúki um mitt næsta ár. Byggingartíminn er stuttur en samþykki byggingarnefndar liggur fyrir.

1.500 fermetra stór skemma verður byggð ofan á núverandi húsnæði Epals í Skeifunni. Þar er gert ráð fyrir 870 fermetra gólfleti sem hefur frekari möguleika á stækkun. Lofthæðin í nýja rýmínu verður átta til tíu metrar með 70 fermetra þakglugga. Viðbyggingin er teiknuð af Erum arkitektum og hefur Ístak tekið að sér verkid.

Epal hefur nú verið starfrækt í um 30 ár. -jóa

Gefðu vatn

Hjálparstarf kirkjunnar
www.hjelp.is



HÚSGAGNAVERSLUN

Öndvegi

óskar landsmönnum
gleðilegs nýárs

Útsalan byrjar föstudaginn 5. janúar

15-50%
afsláttur!

Öndvegi húsgagnaverslun, Síðumúla 20, sími 568 8799, www.ondvegi.is - ondvegi@ondvegi.is

Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16.

Glansmynd eða guðsmynd

UMRÆÐAN

Trúarbrögð

Í Fréttablaðinu 11.12. svarar Jón Valur Jensson guðfræðingur grein minni í Fréttablaðinu 21.11. síðastliðinn er þar heitið Trú, trúarbrögð og vísindi. Ég var farinn að halda að enginn af öllum þessum „guðfræðingum“ þessa lands vildi tjá sig um þær fullyrðingar er ég sagðist hafa aflað mér og setti þarna fram. Jón Valur segir Guð lifandi og „persónulegan“. Lifandi er „hann“ efalaust, öll orka er lifandi, minn skilningur er að „Guð“ sé orka sem innihaldi allt milli himins og jarðar, og að á himni og jörðu sé meira en heimspeki okkar geti ímyndað sér.

Jón Valur gefur lítið fyrir fullyrðingar er ég sagðist hafa aflað mér og segir þær úr mínu eigin hugskoti, það er ekki svo, þó þær hljómi þægilega í eyrum mínum, eins og fullyrðingar „spámannanna“ Biblíunnar láta í eyrum Jóns. Jón Valur segir mig gera tilraun að setja eitthvað fram sem ég áltí er sannleik. Eitthvað hefir grein mín farið illa í Jón og að ég spari ekki algjörfullyrðingar um alheimsorku og sameðli allra hluta og að Guð hafni greinarmuni „réttis“ og „rangs“ og að enginn eigi yfir höfði sér eilífa útskúfun (í helvíti).

Að segja að eitthvað sé rétt eða rangt er að segja hlutina svarta eða hvíta og ekkert þar á milli, þetta er kallað ofstæki í daglegu tali. Mér hefir heyrst að prestar og guðfræðingar hafi verið sammála um að Guð hafi gefið okkur frjálstan vilja, hvaðan hafa þeir fengið þá hugmynd að þessi algóði Guð fari að senda okkur til Helvítis til að brenna í eilífum eldi, ef okkur tekst ekki vel upp í fyrstu tilraun okkar í lífinu, ekki hyggt ég að Jón vildi fara þannig að með sín afkvæmi. Þær fullyrðingar er ég setti fram í grein minni eru úr bókaflökknum Samræður við Guð, ritaðar af Neale Donald Walsch, sú fyrsta kom út árið 1995, ég vísa á bók númer 4 er heitir Nýjar opinberanir. Þessar bækur eru í flestum bókasöfnum. Ég hvet alla er hafa áhuga á andlegum efnum að lesa þessar bækur, og sérstaklega presta og guðfræðinga svo að þeir geti kynnt sér það nýlegasta í þeim efnum, en séu ekki ennþá að grúska í eldgömlum sögnum og fullyrðingum er voru settar í letur um 350 árum eftir að þeir atburðir áttu sér stað er verið er að tala um, það þarf ekki klukkutíma til að munnmæli fari algjörlega á hvolf í meðförum ólyginna hvað þá 350 ár.

Ég er viss að hvorki Jón né nokkur annar fer í alda gömul skjól til að afla sér nýjustu fréttu um eitt og annað, þannig hlýtur það að vera í þessu tilfalli. Jón segir að tölusett atriði 1, 2, 4 og 5 í grein minni, rekist ekki á afstöðu hans (eftir því hvernig þau eru tekin)

1: Guð hefur aldrei hætt að tala við menn milliliðalaust, hefir gert það frá fyrstu tíð og gerir enn. Því skyldi hann ekki tala við mig, Jón eða Donald Walsch eins og fullyrt er í Biblíunni að hann hafi rætt við hina svokölluðu spámenn?

4: Guð þarfnast einskis, æskir einskis til að vera ánægður því hann er ánægjan sjálf. Þess vegna æskir hann einskis af neinum eða neinu í alheiminum. Hvaðan koma fullyrðingar um að við eigum að gera hitt og þetta til að þóknast Guði svo hann verði ánægður?

5: Guð er ekki einstök ofurvera sem lifir einhvers staðar í alheiminum eða utan hans, og hefir ekki sömu tilfinningaþarfir eða býr við sama tilfinningarót og menn. Það sem-Guð-er verður ekki sært eða skaddað á neinn veg og þarf því

ekki að leita hefnda eða refsar. Þetta atriði segir Jón ekki rekast á afstöðu sína, eftir því hvernig það er tekið, (vantar skýringu) en skýtur sig svo óðara í fótinn með því að vitna í Biblíuna og „spámennina“ þar sem Guð boðar refsingar og dóma til hægri og vinstri er hann komi að vitja sauða sinna, lifandi og einnig þeirra sem hafa legið í gröfum sínum síðustu 2000 ár (fullyrðingar Boðunar kirkjunarinnar).

Jón segir að meginkenning um Guðdóminn sem ég set fram í grein minni og eru byggðar á fullyrðingunum fyrirnefndra bóka séu fjarri því að vera kristin, þar fór í verra, að nýlegar upplýsingar Guðs til Donalds og okkar eru ekki kristin. Jón, hvað er að vera kristinn? Er það að



MAGNÚS JÓHANSSON

halda sig við gamlar sagnir og afneita öllu öðru? Það þarf eitt-hvað mikið til að fólk geti komið sér saman til að lifa í sátt og samlyndi, þegar öllum þessum „trúarbrögðum“ er öll hafa gefist misilla er veifað framan í fólk og fólk drepð í milljónavís í krafti þeirra í gegnum aldirnar og á síðustu dögum.

Ég sé ekki að Jón eða aðrir guðfræðingar verði þeir sættarar er

duga meðan þeir halda sig við það að Biblían sé Guðs orð, bók sem var samansafn 350 ára munnmælasagna er valdhafar þeirra tíma létu safna saman til að geta tuktað eftir sínu höfði, hina guðhræddu og hjátrúarfullu þegna sína. Biblían er að mínu áliti ekki orð Guðs frekar en að Íslendingasögurnar séu orð Guðs.

Eftir lestur minn á bókunum Samræður við Guð annars vegar og hins vegar tilvitnanir presta í Biblíuna og lítilsháttar lestur að auki og lestur Kóransins sem ég hvet fólk að lesa, er borðliggjandi mikill munur á skilningi og framsetningu þessara rita hvernig við nálgumst lokatakmark okkar hér á jörðu sem er kærleikur og umgengni við allt

og alla á þeim nóttum, en ekki hamslaus trúarbragða og efnishyggja. Jón kallar grein mína „gagnsemishyggju“ (pragmatisma) og er ef til vill að gefa í skyn að um henti-stefnu sé að ræða sem láti þægilega í eyrum og að menn þurfi ekki að standa skil á gerðum sínum, þar sem þeir þurfi ekki að óttast reiði neins. Lífið er ekki svo einfalt, það byggist á orsökum og afleiðingum menn uppskera eins og þeir sá, menn dæma sig sjálfir með umgengni sinni, Kom þú fram við aðra eins og þú vilt að komið sé fram við þig, ef þú villt vera sjálf-ur þér samkvæmur.

Höfundur er leigubílstjóri í Keflavík.

Kvennaátak

Hefst 8. janúar

8

vikna átak

25 kg farin



Eftir

Námskeið

- kl. 06.05 mán. mið. fös.
- kl. 10.15 mán. þri. fim.
- kl. 17.30 mán. mið. fös.
- kl. 18.30 mán. þri. fim.

Kennarar:

- Sigríður Einarsdóttir
- Ólöf Björnsdóttir
- Júlianna Bjarnadóttir

Fyrir



Guðbjörg S. Jónsdóttir

INNIFALIÐ Í VERÐI:

- Þrjár lokaðir, árangursríkir og fjölbreyttir tímar í viku
- Kennsla í höndum fagfólks
- Vigtun, fitu- og ummálmæling
- Fræðsluefni
- Frjáls mæting í alla opna tíma og tækjasal
- Fylgst með mataræði

Hringdu strax og skráðu þig!

Síðast komust færri að en vildu.

Skráning og nánari upplýsingar í síma 565 2212 eða á mottaka@hress.is

Verð kr. **18.990**

Verð fyrir korthafa Hress kr. 10.000

Skráning einnig hafin í:

Karlaátak, Ropeyoga, Herþjálfun og Stelpunámskeið fyrir 12-16 ára.

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á vísir. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísir eða í báðum miðlum að hluta eða í heild. Áskilningur er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

BJÖRGÓLFUR GUÐMUNDSSON,
STJÓRNARFORMAÐUR LANDSBANK-
ANS, ER 66 ÁRA Í DAG.

„Konur eru sýnilega betur
gefnar en karlmenn.“



tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST: 2. JANÚAR 1971

Harmleikur á Ibrox Park

Á þessum degi árið 1971 létust 66 knattspyrnu-áhugamenn þegar hindranir á vellinum Ibrox Park í Glasgow gáfu sig um leið og þúsundir áhorfenda yfirgáfu íþróttaleikvanginn eftir leik liðanna Celtic og Rangers. Talið var að slysið, sem gerðist í tröppum nr. 13, hefði orðið þegar áhangendur Rangers yfirgáfu leikinn þar sem þeir töldu ljóst að leikurinn væri tapaður. Jimmy Johnstone hafði skorað fyrir Celtic þegar aðeins ein mínúta var eftir af leiknum en Colin Stein tókst að jafna fyrir



Rangers í uppbótartíma og upphófust mikil fagnadarlæti í stúkunn. Rannsókn leiddi í ljós að fólk tróðst undir vegna þess gríðarlega mannfjölda sem reyndi að komast aftur inn á völinn. Þegar fólk fór að detta olli það keðjuverkun sem leiddi til þess að 66 lágu í valnum. Aðeins ein kona var meðal hinna látnu. Þetta er mesti harmleikur í sögu skoska fótboldans og aðeins atvikið á Hillsborough er verra í sögu breska boltans.

MERKISATBURÐIR

- 1492 Konungsríkið Granada fellur í hendur herja Ferdinands V Spánarkonungs og Isabellu drottningar.
- 1871 Stöðulög eru sett. Þar er kveðið á um að Ísland sé óaðskiljanlegur hluti Danaveldis með sérstökum landsréttindum.
- 1884 Saumakona á Ísafirði verður fyrsta konan til að kjósa til bæjarstjórnar.
- 1899 Kristlegt félag ungranna, KFUM, er stofnað í Reykjavík.
- 1958 Óperusöngkonan Maria Callas gengur af sviði á stórtónleikum í Rómaborg eftir aðeins eitt lag. Margir töldu að hin skapstygga díva hefði farið í fylu.
- 1998 Fyrsti starfsdagur nýs skóla, Kennaraháskóla Íslands.

JÓN GNARR: FERTUGUR Í DAG

Vill bíl í afmælisgjöf

„Það væri gaman að fá bíl í afmælisgjöf,“ segir Jón Gnarr, en hann á fertugsafmæli í dag. „Bíllinn minn er orðinn gamall og ónýtur, þannig að ef einhver gæfi mér bíl væri það mjög gaman. Ég á samt ekkert von á því. Þegar ég var litill voru alltaf vörutalningar 2. janúar, svo að ég fékk bara bensinstöðvadótt í afmælisgjöf.“

Jón hefur komið víða við á ferli sínum, en hann hefur leikið í leikritum og kvikmyndum, skrifað og leikið í sjónvarpsþáttum, stjórnað útvarpsþáttum og skrifað bækur, svo fátt eitt sé nefnt. Hann telur þó ekki að toppnum sé náð.

„Dostojevski skrifaði nú ekkert af viti fyrir fertugt. Hann var orðinn gamall þegar hann skrifaði Karmazovbræðurna,“ segir Jón. „En þurfti náttúrulega að vera aðeins í Sþeríu í fangabúðum. Að hugsa sér, karlgreytið. Bara af því að hann hafði rangar skoðanir.“

Fyrir jól kom út bók Jóns, Indjáninn, skálduð ævisaga, sem hefur fengið góðar undirtektir. En næst á dagskrá hjá honum eru störf á öðrum vettvangi.

„Ég er að vinna að sjónvarpsþáttum sem hvílir mikil leynd yfir og má ekkert segja um,“ segir Jón. „Það verður hringt í mig og ég skammaður ef ég segi eitthvað um þá. Sýningar hefjast líklega í mars.“

Útvarpsþátturinn goðsagnakenndi Tvihöfði fer á ný í loftið þann 7. janúar á Rás 2, en Jón telur þættina vera eitt það skemmtilegasta sem hann hefur unnið að gegnum tíðina. Þættirnir, sem eru hugarfóstur hans og Sigurjóns Kjartanssonar, verða alla sunnudaga og eru klukkutími að lengd.

„Tvihöfði er bara alltaf eins og við Sigurjón erum og við erum nýir menn, endurnýjumst alltaf. Þetta verður í svipudum anda og áður, en við höfum minni tími fyrir eitthvað röfl af því að þátturinn er styttri,“ segir Jón.

Jón hefur brugðið sér í margra kvikinda líki gegnum tíðina, meðal annars í þáttunum Fóstbræðrum, sem eru endursýndir á Stöð 2. „Mér þótti



JÓN GNARR Stendur í ströngu við undirbúning sjónvarpsþátta og útvarpsþátta Tvihöfða.

alltaf vænt um gluggabvottamanninn í London í Fóstbræðrum og ég hafði voða gaman af vitleysingunum tveimur í bláu göllumum sem við Sigurjón lékum. Þeir voru fallegir og einfaldir. En ég hef nú haft gaman af flestu sem ég hef gert,“ segir Jón.

Jólamáltíðin var með óhefðbundnu sniði á heimili Jóns í ár. „Við borðuðum heimatilbúið sushi á aðfangadag. Ég er algjör sushi-snillingur, bjó til alls konar rétti,“ segir Jón. „Börnin sætta sig við þetta, annars fá þau ekkert.“

Aðspurður hversu mörg börn hann eigi segist Jón ekki muna það. „Sjö, eða sex, allavega svakalega mikið.“

Jón býst við að vera heima á afmælisdaginn. „Ef einhver hópur fólks vill fara blysför að húsinu mínu og ég get fengið að koma út á svalir og veifa þá verður það bara að koma á óvart. Ég nenni ekki að taka þátt í skipulagningu á svoleiðis, það væri hallærislegt. Ég get ekki staðið í því að tala við lúðrasveit og svona.“

steindor@frettabladid.is



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

Gunnar Kristján Haraldsson

Rauðagerði 51 n.h., áður til heimilis að

Möðruvallastræti 2, Akureyri,

sem lést 20. desember, verður jarðsúnginn frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 5. janúar kl. 13.00.

Valgerður Nikólína Sveinsdóttir

Dagmar Jenný Gunnarsdóttir

Haraldur Sveinn Gunnarsson

Ragnar Kristinn Gunnarsson

Hildigerður Margrét

Gunnarsdóttir

Gunnar Björn Gunnarsson

barnabörn og barnabarnabörn.

Lilja Elísabet Garðarsdóttir
Guðbjörg Hjördís Jakobsdóttir
Jóna Ólafsdóttir
Inga Valdís Heimisdóttir



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

María Sigmundsdóttir

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi að morgni 23. desember. Útförin fer fram frá Digraneskirkju miðvikudaginn 3. janúar kl. 13.30. Þeim sem vilja minnst hinnar látnu er bent á Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra.

Ásgeir J. Guðmundsson

Sigmundur Ásgeirsson

Guðmundur Ásgeirsson

Þóra Ásgeirsdóttir

Ásgeir J. Ásgeirsson

barnabörn og barnabarnabarn.

Kristín Ottesen
Helga Ólafsdóttir
Porvaldur Gíslason
Berglind Harðardóttir



60 ára

**Ólafur Einar
Sigurðsson**

verður sextugur 2. janúar 2007.
Hann tekur á móti ættingjum og
vinum í Skátaheimilinu Hraunbyrgi
við Hjallabraut í Hafnarfirði
kl. 18.00 á afmælisdaginn.

Það sem hafa ber í huga varðandi andlát og útför



Sverrir Einarsson



Hermann Jónsson



Geir Harðarson



Bryndís Valbjarnardóttir



ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Suðurlíð 35 Fossvogi • www.utfarin.is

Vaktími: 581 3300 & 896 8242 • Sólarhringsvakt

Komum heim til aðstandenda ef óskað er

Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur
Kirkja • Legslaður • Tónlist • Tilkynningar í fjölmiðla • Landsbyggðarþjónusta • Líflutningar

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

Fæddist 20 mínútur yfir tólf

Jóhanna Þorbjargardóttir var fyrsta barn ársins 1977 og átti því þrítugsafmæli laust eftir miðnætti í gær.

„Ég er fædd klukkan 20 mínútur yfir miðnætti, þannig að ég held yfirleitt upp á afmælið mitt með veislu á gamlárskvöld,“ segir Jóhanna. „Ég hélt upp á þrítugsafmælið með veislu heima hjá mér.“

Jóhanna segir að afmælið hennar gleymist ekki þrátt fyrir að það sé umkringt hátíðarhöldum af öðrum toga. „Fyrst er óskað gleðilegs árs og svo syngja allir fyrir mig afmælisönginn og gefa gjafir. Flestir eru of þreyttir á nýársdag til að ég geti haldið upp á þetta þá.“

Árið 1977 var meira umstang í kringum fyrsta barn ársins, að sögn Jóhönnu. „Þetta var allt mjög spennandi á sínum tíma. Ég á fullt af blaðauklippum og ég og foreldrar mínir fengum fullt af gjöfum. Þetta þótti miklu merkilegra á þessum tíma.“

Frægt er að foreldrar keppist við að barnið þeirra verði fyrsta barn ársins. Hjá Jóhönnu var þetta nokk-



JÓHANNA ÞORBJARGARDÓTTIR
Rétt náði að fæðast á árinu
1977, þótt tæpt hafi verið.

uð öruggt og nokkrir klukkutímar voru í fæðingu næsta barns.

Jóhanna rekur heildverslunina Kleifarás ásamt móður sinni og syst-

ur og stundar hestamennsku af miklum móð. „Ég held að árið 2007 verði gott ár,“ segir Jóhanna að lokum.

- 59



HEFUR ÞÚ ORÐIÐ VITNI AÐ GÓÐVERKI?

Óskað er eftir tilnefningum til Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins sem veitt verða í annað sinn 15. febrúar nk.

Til greina koma allir sem hafa lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir okkur öll.

Skorað er á lesendur Fréttablaðsins að senda inn tilnefningar um fólk sem á skilið að fá hraustlegt klapp á bakið og er þess verðugt að fá slík verðlaun.

Allir koma til greina, allt frá óþekktum einstaklingum til félagasamtaka eða þjóðþekktra karla og kvenna sem hafa með gjörðum sínum og framgöngu verið öðrum til fyrirmyndar.

Samfélagsverðlaunin verða veitt í sex flokkum:

1. Hvunnagshetjan

Einstaklingur sem sýnt hefur einstaka óeigingirni eða hugrekki, hvort sem er í tengslum við einn atburð eða með vinnu að ákveðnum málaflokki í lengri tíma.

2. Uppfræðari ársins

Hér koma til greina kennarar, leiðbeinendur, þjálfarar og aðrir uppfræðarar sem hafa skarað framúr og látið gott af sér leiða.

3. Framlag til æskulýðsmála

Félagasamtök sem hafa sinnt börnum af sérstökum metnaði og alúð.

4. Til atlögu gegn fordómum

Einstaklingur eða félagasamtök sem hafa unnið ótulllega að því að eyða fordómum í samfélaginu.

5. Heiðursverðlaun

Einstaklingur sem hefur helgað líf sitt baráttu fyrir betra samfélagi.

6. Samfélagsverðlaunin

Félagasamtök sem hafa unnið framúrskarandi mannúðar- eða náttúruverndarstarf og lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir okkur öll.

Sendið tilnefningar á netfangið samfelagsverdlaun@frettabladid.is eða bréfleiðis merkt

Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins, Skafthlíð 24, 105 Reykjavík.

Frestur til að skila inn tilnefningum rennur út **23. janúar**. Dómnefnd mun taka allar innsendar tillögur til skoðunar. Verðlaunahafar verða kynntir og verðlaun afhent við hátíðlega athöfn **15. febrúar**.



SAMFÉLAGSVERÐLAUN
FRÉTTABLAÐIÐ

NÝTT Á GRAS.IS



PAR SEM ALLT SNÝST UM FÓTBOLTA!

NÚ FÆRDU GRAS.IS FÉTTIR Í SÍMANN!

Vodafone live!

Fréttir og Þróttir Leikir Skemmtun

STUÐ MILLI STRÍÐA: Á gamlárskvöldi er gaman að vera

FREYR GÍGJA GUNNARSSON LÝSIR YFIR NÝRRI STJÓRN



Úti breytist fullvaxinn karlmaður í óargadýr og uppreisnarsegg. Hann stendur í garðinum sínum með sprengju og brosir geðveikislegu brosi. Við hlið hans stendur sonurinn, með stjörnuljós og sama geðveikislega augnaráðið og faðirinn. Feðgarnir setja upp viggirt gleraugu, beygja sig yfir bombu og kveikja í „Fimm, fjórir, þrír, tveir, núna,“ öskra þeir í kór og flugskeytið þeytist upp í himinhvolfið. Á einu augabragði lýsist svartur himinninn upp af litmettuðum sprengjuögnum og geðsjúklingarnir tveir reka upp stríðsöskur. Gamla árinu hefur verið fargað með rakettum, blysum og risastórum bombum og hið nýja

tekur við stjórnartaumunum. Bjartir tímar fram undan, strax á miðnætti.

„Þetta var besta áramótaskaup- ið,“ segir afinn, án þess að blikna. Fréttánnálarnir hafa runnið hægt og örugglega yfir skjáinn og kjölfar- ið er gert grín að þessu öllu í árlegu, fofdýru gríni; fulla oddvitanum, „glæpamanninum“ á þingi og öllum hinum sem hafa fyllt fréttir, spjall- þætti og síður dagblaðanna. Þeim sem hafa verið á milli tannanna á fólkinu í landinu.

Inni í húsi stendur húsfreyjan og kætist þegar hún lítur á klukkuna: 00.01. Kominn tími til að opna kampavínið og slátra einum risa- stórum vindli. Á meðan nýja árið er að koma sér fyrir í framandi

umhverfi er best að syndga áður en 2007 kemur aftan að heimilisfólkinu af fullri alvöru. „Væri ekki bara ynd- islegt ef hægt væri að byrja með hreinan skjöld á hverju ári,“ segir húsbóndinn þegar hann kemur renn- blautur inn úr sprengjuæðinu til að kyssa konuna sína gleðilegt ár. Síð- ustu leifar desemberuppbótarinnar eru foknar upp í loftið með bravúr.

Unglingurinn gerir sig kláran til að kveðja heimilisfólkið, nú skal skunda á skemmtistað í nýpúsuðum skóm, pressuðum jakkafötum með smekkkfullan flegg í vasanum. Mið- inn er á sínum stað, leigubíllinn bíður á okurverði og stúlkan sem átti að heita kærasta er komin með nýjan uppá arminn. Allt er leyfilegt á meðan nýtt ár gengur í garð.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Ríki Bítillinn gramsar í ruslinu

Bítillinn Sir Paul McCartney er einn af auðugustu mönnum Bretlands. Þrátt fyrir það finnst honum hreinasta synd að eyða peningum sínum í rándýra antíkmuni. McCartney hefur þess í stað oft fundið sér stofustáss sem annað fólk hefur hent út í tunnu. Hann segist hafa fundið nokkra gull-



PAUL MCCARTNEY

mola undanfarið, til að mynda seglbát. „Ég er bara þannig náungi að ég kann ekki við að sjá hluti í ruslinu. Þegar ég geng fram hjá ruslatunnu hugsá ég oft hvort ég gæti ekki notað þetta eða hitt. Bara í gær þurfti að draga mig frá einni slíkri svo að ég færi ekki að gramsa,“ segir McCartney.

Óljós framtíð System of a Down

Það hefur lítið heyrst frá bandarísku rokksvéitinni System of a Down síðustu mánuði. Sveitin sendi frá sér tvær vinsælar plötur árið 2005 en frá því um mitt síðasta ár hefur bandið verið í pásu. Liðsmenn sveitarinnar segjast ekki hafa tekið ákvörðun um að hætta, en tónlistarleg framtíð þeirra sé óljós.

John Dolmayan, Daron Malakian, Serj Tankian og Shavo Odadjian hafa ákveðið að vinna að eigin verkefnum um hríð. Söngvarinn Tankian telur að þessi pása hafi verið löngu tímabær. „Mig hefur langað að gera sólplötu í mörg ár en það hefur ekki gefist neinn tími. Síðustu ellefu ár höfum við allir verið kvæntir



SYSTEM OF A DOWN Meðlimir rokksvéitarinnar vinsælu hafa ákveðið að taka sér pásu og óvist er hvort þeir gera nokkurn tímann plötu aftur.

þessari hljómsveit og nú viljum við taka okkur hlé. Ég veit í raun ekki hvort System of a Down er búin að vera. Kannski mun okkur

langa að gera aðra plötu eftir nokkur ár. Það er ómögulegt að segja núna. Við verðum bara að komast að því í framtíðinni.“



SÖNGVARI OG LEIKARI Justin Timberlake leikur á mót Bruce Willis og Sharon Stone í kvikmyndinni Alpha Dog.

Neitaði að læra leiklist

Justin Timberlake neitaði að fara í leiklistartíma til að undirbúa sig fyrir hlutverk sitt í kvikmyndinni Alpha Dog. Þess í stað ákvað hann að notast alfarið við þá þjálfun sem hann fékk sem krakki. Söngvarinn kunnir leikur mann sem ásakaður er um að myrða táninga. Hann er ánægður með að takast á við svo krefjandi hlutverk. „Ég lærði leiklist þegar ég var krakki og reyndi bara að nota það sem mest. Það virkaði vel,“ segir Timberlake sem leikur á mót Bruce Willis og Sharon Stone í myndinni.



HALLE BERRY Bregður sér í gervi Storm úr X-Men myndunum til að lifga upp á ástarlífið.

Klæðist gúmmí í rúminu

Það er ekki óvenjulegt að leikarar í Hollywood fái að halda einhverjum leikmunum eða búningum eftir þegar á tókum á myndum er lokið. Halle Berry hefur greinilega fengið að halda gúmmíbúningnum sem hún klæddist sem Storm í X-Men myndunum, en hún greindi nýlega frá því í viðtali við Ebony Magazine að hún noti búninginn til að lifga upp á sambandi við kærastann Gabriel Aubry. Berry sagði víst að þó að persónan stundi ekki kynlíf í myndunum geri hún það oft heima hjá sér.

Mættu til að vinna!

VIÐ KOMUM ÞÉR Í GANG

Nýtt hvatningarkerfi Hreyfingar

Láttu árið 2007 verða æfingaárið þitt!
Hreyfing hjálpar þér að ná markmiðum þínum.
31. janúar er síðasti skráningardagur.
Vertu með!

Þú gengur í **Bónusklúbbinn** og færð einn tíma með einkaþjálfara sem kennir þér á tækin og lætur þig fá æfingaprógram. Einnig færð þú bol, vatnsflösku og **Mættu til að vinna** kortið.

- Þú mætir a.m.k. einu sinni í viku út mánuðinn og færð vandað sporthandklæði.
- Þú heldur áfram að mæta a.m.k. einu sinni í viku næsta mánuð og færð flott hálsband fyrir lykla eða gsm-síma.
- Þú mætir áfram a.m.k. einu sinni í viku þriðja mánuðinn og færð í lokin vandaða íþróttatösku.

Að þessu loknu ertu komin/n yfir erfitt byrjendatímabil og komin/n á beinu brautina í líkamsrækt. Leitaðu frekari upplýsinga á www.hreyfing.is eða í síma 414 4000.

HREYFING

Faxafeni 14 414 4000 www.hreyfing.is



FRÍTT



Gleðilegt nýtt ár!

Fréttablaðið óskar lesendum sínum og landsmönnum öllum heilla á nýju ári. Það eru spennandi tímar framundan.

Stúdentaleikhús kynnr „þú ert enginn Johnny Depp“
Til að verða við óskum þeirra sem ekki komust að munu verða aukasýningar á verkinu Fim 4. jan kl. 20 / Fös 5. jan kl. 20 / Lau 6. jan kl. 20 / Sun 7. jan kl. 20

Brilljantín kynnr POWER OF LOVE (Hið fullkomna deit)
Verkið er aðeins sýnt í viku. **Frumssýning** Sun 14. jan kl. 20 / Mið 17. jan kl. 20 / Fim 18. jan kl. 20 / Fös 19. jan kl. 20 / Lau 20. jan kl. 20 / Sun 21. jan kl. 20

AUSTURBÆR

Miðasala Austurbæjar opin 13 - 17 alla daga sími : 551 4700 / www.midi.is

BJÖÐLEIKHÚSIÐ



Stóra sviðið kl. 20:00

STÓRFENGLEG! eftir Peter Quilter
Lau. 6/1, lau. 13/1 nokkur sæti laus, lau. 20/1, lau. 27/1.

SITJI GUÐS ENGLAR eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökullsson.
Lau. 6/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 7/1 kl. 14:00 örfá sæti laus og kl. 20:00, lau. 13/1 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 14/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, lau. 20/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 21/1 kl. 14:00 nokkur sæti laus.

BAKKYNNJUR eftir Evrípides
4. sýn. fim. 4/1 örfá sæti laus, 5. sýn. fös. 5/1 örfá sæti laus, 6. sýn. fim. 11/1 örfá sæti laus, 7. sýn. fös. 12/1 nokkur sæti laus, 8. sýn. fim. 18/1.

Smíðaverkstæðið kl. 20:00

PATREKUR 1,5 eftir Michael Druker.
Lau. 6/1 nokkur sæti laus, fös. 12/1 kl. 16:30 nokkur sæti laus, lau. 13/1 örfá sæti laus, lau. 20/1. Ath! Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir nema gegn framvisun skólaskirteinis.

Kúlan

SKOPPA OG SKRÍTLA eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur
Lau. 6/1 kl. 11:00 uppselt, kl. 12:15 og kl. 14:00, sun. 7/1 kl. 11:00, kl. 12:15 og kl. 14:00, lau. 13/1 kl. 11:00, kl. 12:15 og kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 14/1 kl. 11:00, kl. 12:15 og kl. 14:00 uppselt.

Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is.
Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.

Vínartónleikar

Vínartónleikar Sinfóníuhljómsveitarinnar eru í huga margra jafn ómissandi hluti af því að fagna nýju ári og flugeldar og brennur. Líklega verður uppselt á Vínartónleika venju samkvæmt og því er ráðlegt að tryggja sér miða í tíma á www.sinfonia.is

GRÆN TÓNLEIKARÖÐ Í HÁSKÓLABÍÓI
MIÐVIKUDAGINN 3. JANÚAR KL. 19.30 LAUS SÆTI

TÓNLEIKAR UTAN RADA Í HÁSKÓLABÍÓI
FIMMTUDAGINN 4. JANÚAR KL. 19.30 LAUS SÆTI
FÖSTUDAGINN 5. JANÚAR KL. 19.30 ÖRFÁ SÆTI LAUS
LAUGARDAGINN 6. JANÚAR KL. 17.00 ÖRFÁ SÆTI LAUS

Hljómsveitarstjóri ::: Christopher Warren-Green
Einsöngvari ::: Þóra Einarsdóttir

Vínartónlist eftir Johann Strauss yngri, Johann Strauss eldri, Carl Millöcker og Richard Heuberger

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS
SÍMI 545 2500 ::: WWW.SINFONIA.IS

AUGLÝSINGASÍMI
FRÉTTABLAÐIÐ 550 5000


Átthagafræði samkvæmt bók KK

Önnur sýning Söguloftsins í Landnámssetrinu í Borgarnesi leit dagsins ljós á föstudag. Önnur sýning var á laugardagskvöld: Einar Kárasón og KK flytja þar Menn eru svona sem byggir að miklu leyti á minningum KK sem Einar skræði eftir honum sjálfum og fleirum og gaf út á bók 2002 og svo söngvum KK, bæði frumsömdum og sóttum í sjóði söngvaskáldsins. Þetta er dag-skrá sem teygir sig í tvo klukkutíma, þægileg áheyrnar og skemmtileg kvöldstund sem líður hratt.

Söguloftið býr til eitthvað sem kalla má baðstofutilfinningu: á vörulofti er raðað tuttugu stólum undir súð í tveimur andstæðum röðum. Milli þeirra er langur gangur og stilla listamennirnir sér á andstæða enda hans, Einar gengur mikið inn gólfíð og út meðan hann segir frá, nokkuð kvikur og var á köflum óruggur, tafsaði og mismælti sig. Hvergi var honum gefið skjól í röðum áhorfenda hvorki til enda eða í miðju, afdrepp þar sem hann gat sett sig niður, slakað á, talað úr annarri hlið yfir í hina, sem ég trúí að mætti reyna. Það gæfi frásagnarmanninum beint ávarp á helming salarins og hann talaði þá í skjóli hins.

Það mætti ætla að svona einfalt form byði ekki upp á marga möguleika í flutningi. Það er rangt. Munnlegur flutningur skreyttur smá spili eða andsvari getur verið bysna snúid mál – aðeins stigbygging munnlegrar frásagnar er list sem ekki öllum er gefin. Getur hver fundið það á sjálfum sér.

Nú er Einar í sinn hóp finn sögu-maður, hann er undraskjótur að bregða upp andrúmslofti og aðstæðum, skissa upp helstu persónur. Frásögn hans af vesturför Kristjáns Einarssonar lífslistamanns, vöndur og verkfræðings með tryggja eiginkonu og stóran barnahóp, ber í sér marga ósagða kafla.



KK SPILAR OG SYNGUR

Vitaskuld dvelur hann mest við Kristján sjálfan, teiknar hann upp hratt, en það eru útlínur, í persónu-myndinni verða flákar huldur; það vakna raunar fleiri spurningar en svarað er.

Einar snýr sig alltaf haglega áfram á leiðinni, spinnur upp ný svæði, nýtt söguumhverfi. Hann berst ekki mikið á í frásögninni, höndlar stór örlög með úrdrætti, kaldhömruðum knöppum lýsingum. Áhorfandanum verður oft hugsað til mannsins sem á móti situr, KK sjálfs, sem öll frásögnin snýst um: hvernig líður honum í þessari flökun og snyrtingu á færibandi frásagnarinnar?

Inn skellir svo KK hugljúfum lögum sínum, ríffinu sínu í margbreytilegum blúsuðum tilbrigðum. Hann stendur einhvern veginn nær manni á sinn högværa hugljúfa máta: yfirlýsing í sjálfum sér – svona slapp ég úr þessu. Hvort manni er boðin fægð mynd er áheyrandinn ekki viss um. Jafnvel slarkár niðri í Evrópu meðan Þór-unn kona hans sat heima í Svíþjóð verða sakleysislegar sögur þótt

LEIKLIST

Menn eru svona

KK og Einar Kárasón
Söguloftið
Landnámssetrið Borgarnesi

★★★

Skemmtileg kvöldstund með sögu af miklum örlögum og kostulegum.

djúg og hösl séu þá daglegt brauð í lífi hans. Báðum þeim feðgum voru gefnar konur sem umbáru brokk-genga ferð þeirra um táradalinn – þær verða samt ekki lífandi persónur í frásögninni heldur einhverjar huldur handan við líf lukkuriddarans.

En það er svona – frásagnarmenn velja sér hetjur – þess eru jú dæmi af löngum ævisögum karlmanna að konur þeirra fái hálfu línu, þótt þær hafi lagt til meira en hálfu konungsríkið og höllina með, haldið veislu langa ævi og vaskað allt upp.

Umfram allt verður þetta þægileg kvöldstund sem á eftir að slípast til, fágast á fundum áheyranda og sögumannanna. Á laugardagskvöldið skemmtu gestir sér konunglega, kímnin hitti misjafnlega en þar tókust menn á loft í kostulegum lýsingum á líðnum tíma þar sem Einar dró okkur frá föstum hugmyndum, kallaði beinlínis á endurskoðun í ljósi sögunnar.

Blíða stillu, límið í söguna, setti svo KK inn svo hún hélst saman. Stundum tók Einar undir í söngnum en því var okkur ekki boðið að syngja með?

Söguloftið er með markvissum hætti að vinna með einfaldasta dramatiska formið: söguna.

Páll Baldvín Baldvínsson



EINAR KÁRASÓN
SEGIR SÖGUR AF
KK OG ÖLLU HANS
FÓLKI.

„KLUKKUSTUND Í ÓSKILUM INNIHELDUR GRÍÐARLEGA ORKU.“

ÓFAGRA VERÖLD

ÓFAGRA VERÖLD	DAGUR VONAR
Fim 4/1 kl.20 2.sýning Gul kort Fös 12/1 kl.20 3.sýning Rauð kort Sun 21/1 kl.20 4.sýning Græn kort Fös 26/1 kl.20 5.sýning Blá kort	Mið 10/1 kl.20 Fors.Miðaverð 1.000 Fim 11/1 Afmællissýning UPPS. Fös 12/1 kl.20 Fim 18/1 kl.20 Sun 21/1 kl.20 Fös 26/1 kl.20
VILTU FINNA MILLJÓN?	AMADEUS
Fös 5/1 kl.20 Lau 13/1 kl.20 Fös 19/1 kl.20 Fim 25/1 kl.20	Sun 7/1 kl.20 Sun 14/1 kl.20 Lau 20/1 kl.20 Síðustu sýningar
SAN FRANCISCO BALLETTINN	FOOTLOOSE
Samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík og Borgarleikhússins. Mið 16/5 kl.20 UPPS. Fim 17/5 kl.20 Fös 18/5 kl.20 Lau 19/5 kl.14 Lau 19/5 kl.20 Sun 20/5 kl.14 Sun 20/5 kl.20 Miðaverð 4.800	Lau 6/1 kl.20 Fim 11/1 kl.20 Fim 18/1 kl.20 Lau 27/1 kl.20 Síðustu sýningar
MEIN KAMPF	RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Sun 7/1 kl.20 AUKAS. Sun 14/1 kl.20 AUKAS. Lau 20/1 kl.20 AUKAS. Lau 27/1 kl.20 AUKAS. Síðustu sýningar	Sun 7/1 kl.14 Sun 14/1 kl.14 Sun 21/1 kl.14
ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR	
Lau 6/1 kl.20 Lau 13/1 kl.20 Fös 19/1 kl.20	

Hlotnast heiður

Njörður P. Njarðvík prófessor hlaut á dögnum menningarverðlaun Sænsk-íslenska menningar-sjóðsins.

Sjóður þessi var stofnaður árið 1995 í kjölfar gjafar sænsku ríkisstjórnarinnar til Íslendinga á fimmtíu ára lýðveldisári. Menningar-sjóðurinn var stofnaður skömmu síðar og hafa verið veitt verðlaun úr honum næstum annað hvert ár síðan.

Í umsögn styrknefndarinnar er þess getið að Njörður hafi lagt mikið af mörkum til menningarsamskipta Íslands og Svíþjóðar, meðal annars verið mikilvirkur þýðandi sænskra og Finnlands-sænskra ljóða. Ennfremur var Njörður lektor í íslensku við Gautaborgarháskóla 1966–71 og gegndi þá jafnframt formennsku í samtökum erlendra lektora í Svíþjóð og sat í stjórn félags háskólakennara þar. Samtímis sinni hann kennsluskýldu við háskólann í Lundi. Hann var formaður Sænsk-íslenska félagsins á Íslandi 1971–75. Árið 2000 hlaut hann verðlaun Sænsku akademíunnar fyrir kynningu á sænskri menningu erlendis.



NJÖRÐUR P. NJARÐVÍK

BORGARLEIKHÚSIÐ

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

Umdeilt Hitlersspé

Þjóðverjar og gyðingar eru ugðandi yfir nýrri mynd svissneska leikstjórans Dani Levy sem væntanleg er í kvikmyndahúsi á meginlandinu. Í mynd sinni gerir Levy stólpagrín að einræðisherranum en titill hennar „Mein Führer: Hinn sannasti sannleikur um Adolf Hitler“ ætti að gefa lesendum vísbendingu um innihaldið.

Þýski vefmiðillinn Deutsche Welle greinir frá því að í myndinni reyni Hitler til að mynda að kenna þýskum fjárhundi nasistakveðjuna og fari á hraðnámskeið í ræðulist hjá leiklistarleiðbeinanda af gyðingaættum íklæddur heiðgulum íþróttagalla. Leikstjórinn er sjálfur af gyðingaættum og ráðfærði hann sig við móður sína, sem sjálf var fórnarlamb helfararinnar, um hvort grínið færi yfir strikið. Svo var víst ekki raunin enda verður myndin frumsýnd nú í janúar. Móðirin ku þó hafa sagt að pilturinn ætti ekki að koma vælandi til sín ef gagnrýnendurnir grýttu einhverju í hann.

Þjóðverjar hafa haft lítinn hómur fyrir Hitlersspé en leikstjórinn vill með verki sínu fella fyrrgreindan herra af stórmennskustalli sínum og skýtur í skjóli þess að hann megi nota lúmskan gyðingahómur í þeim tilgangi.

- khh



LÚMSKUR GYÐINGAHÚMOR Von er á bíræfinni gamanmynd um þýska einræðisherrann Hitler.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JANÚAR

30 31 1 2 3 4 5

Þriðjudagur

DANSLIST

- 20.00 Fyrsta tangóball ársins verður haldið í **Iðónó** í **Vonarstræti**. Byrjendakennsla í **argentínskum** tangó milli 20-21 en síðan verður dansað við tónlist af geisladiskum. Nánari upplýsingar á www.tango.is.

SÝNINGAR

- 09.00 í **Hallgrímskirkju** stendur yfir sýningin **Mynd mín af Hallgrími** þar sem 28 íslenskir listamenn sýna andlitsmyndir sínar af sálmaskáldinu. Sýningarstjóri er **Jón Reykdal** en **Listvínafélag** kirkjunnar stendur fyrir henni.
- 11.00 Sýningin **Frelsun lítarins/ Regard Fauve** í **Listasafni Íslands** geymir verk frönsku expressjónistanna frá upphafi 20. aldar. Sýningin kemur frá **Musée des beaux-arts** í **Bordeaux** í Frakklandi, 52 verk eftir þrettán listamenn, þar á meðal meistarana **Renoir** og **Matisse**. Sýning á verkum Jóns Stefánssonar listmálara má sjá í sal 2 en hann var nemandi Matisse.
- 12.00 Galleríið **Art Iceland** heldur smámyndasýningu í húsakynnum sínum að **Skólavörðustíg 1a**. Sýningin er opin milli 12-18 og stendur til 14. janúar.
- 14.00 Myndlistarmennirnir **Sirra Sigrún Sigurðardóttir**, **Hekla Dögg Jónsdóttir**, **Ásdís Sif Gunnarsdóttir** og **Daniel Björnsson** sýna í **Kling & Bang** gallerí, Laugavegi 23. Sýningin heitir **Ljósaskipti-Jólasýning Kling og Bang** og stendur til 28. janúar.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á hvar@frettabladid.is ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.



Slátur í Fríkirkjunni

Miðvikudaginn 3. janúar mun tónsmíðafélagið S.L.Á.T.U.R. halda lúðratónleika í Fríkirkjunni klukkan 20. Saman er kominn hópur frumkvöðla í ný-sensjálískum tónsmíðum. Um er að ræða 6 manna hóp flytjenda er leika á lúðra en tveir af þeim eiga einnig verk á tónleikunum. Flutt verður ný tónlist eftir Áka Ásgeirsson, Benedikt Hermann Hermannsson, Guðmund Stein Gunnarsson, Inga Garðar Erlendsson, Maríu Huld Markan Sigfúsdóttur og Pál Ivan Pálsson. Tónlistin er bæði framsækin og ómfögur, ágeng en vinaleg.

Flytjendur eru Áki Ásgeirsson, Eiríkur Orri Ólafsson, Helgi Hrafn Jónsson, Ingi Garðar Erlendsson, Sigurður Már Valsson og Sturlaug-

ur Björnsson. Öll verkin eru einungis fyrir málmblásturshljóðfæri svo sem trompeta, básúnur, horn og túbu.

S.L.Á.T.U.R. stendur fyrir Samtök listrænt ágengra tónsmíða umhverfis Reykjavík og eru samtökin eldri en marga grunar. Um er að ræða hóp ungra og ágengra tónskálda sem staðið hafa fyrir ýmsum uppákomum, árlegri sumarsólstöðuhátíð auk ýmissa uppákoma í húsnæði félagsins að Hverfisgötu 32.

Löng hefð hefur skapast hér á landi og víðar fyrir lúðratónleikum í kringum nýár. Þátttakendur hafa sína persónulegu sýn á viðfangsefnið sem kann að koma nýstárlega fyrir sjónir oft á tíðum.

ÚTSAALA

GALLABUXUR frá 6.990,- NÚ 4.000,- 2stk. 6.000,-

BOLIR frá 2.990,- NÚ 1.500,- 2stk. 2.000,-

PEYSUR frá 4.990,- NÚ 2.500,- 2stk. 4.000,-

SKYRTUR frá 4.990,- NÚ 2.500,- 2stk. 4.000,-

JAKKAR 50%-70% afsláttur

SKÓR 50%-70% afsláttur

ÚTSAALA

KRINGLAN // SMÁRALIND // KEFLAVÍK
S.588 5777 // S.544 4646 // S.421 6899

Harry prins hættir að reykja

Stórrreykingamaðurinn Harry Bretaprins hefur ákveðið að hætta að reykja nú um áramótin. Harry, sem er 22 ára, er þekktur fyrir að reykja um það bil pakka af sigarettum á hverju kvöldi. Þessi ákvörðun hans er talin munu gleðja Karl föður hans mikið, en Karl hefur ætíð verið mikið á móti reykningum sonar síns.

„Harry reynir að láta ekki sjá sig með sigarettuálmanna-færi. En bak við luktur dyr og í

HÆTTUR Stórrreykingamaðurinn Harry prins er hættur að

partíum er hann alltaf með sigarettu í kjaftinum. Hann elskar að fá sér í glas og þetta virðist fara vel saman hjá honum. Þabbi hans er alltaf að skammastí honum fyrir þetta,“ segir

heimildarmaður The Sun hjá konungsfjölskyldunni.

Harry prins byrjaði að reykja þegar hann var 14 ára í Eton-skólanum. Ástæðan fyrir því að hann ákveður að hætta núna er sú að reykningabann verður sett í hernum, þar sem Harry er liðsforingi, í mars. Þessa dagana er Harry í Mósambík með kærustu sinni, Chelsy Davy. Harry flýgur heim á föstudag og þá kemst hann að því hvort herfylki verður sent til Írak.

PABBI SÁTTUR Karl Bretaprins er ánægður með að yngri sonur sinn skuli loks vera hættur að reykja.



LAUS OG LIÐUG Renée Zellweger ætlar að hafa betri stjórn á ástarlífinu þetta árið. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

Betra ár í ástamálunum

Renée Zellweger hefur strengt það nýársheit að hafa betri stjórn á ástarlífinu þetta árið. Zellweger var á lausu allt síðasta ár eftir hörmulegt ár þar á undan. Þá giftist hún kántrísöngvaranum Kenny Chesney en það hjónaband entist einungis í fjóra mánuði. Nú ætlar leikkonan að taka sig á. „Einkalíf-ið verður í betri skorðum í ár. Svo ætla ég að elda mikið og hugsa vel um köttinn minn.“

Finnst gaman að striplast

Leikkonan Kate Beckinsale segist hreinlega elska að sýna líkama sinn. Nýlega var hún með annað brjóstið úti í viðtali við japanskan blaðamann og nú við-urkennir hún fúslega að það hafi ekki verið í fyrsta skiptið.

„Ég held reyndar að ég hafi skelft þennan blaðamann full mikið,“ segir Beckinsale og hlær að uppátækjunum í sjálfri sér.



MEÐ STRÍPIHNEIÐ Kate Beckinsale elskar að sýna líkama sinn.

Fræg og full við stýrið í Hollywood

Nokkrum dögum fyrir jól var kvikmyndaleikstjórinn Gus Van Sant handtekinn fyrir ölvunarakstur. Gus bætist í stóran hóp frægðarmenna sem tekin hafa verið fyrir ölvunarakstur. Fréttablaðið rifjaði upp sögur af frægum stútum við stýrið.

Sjónvarpsstjarnan Nicole Richie var á dögnum tekin ölvuð á bíl, en hún hafði þá keyrt á röngum vegarhelmingi í dágóðan tíma. Nicole neitaði auðvitað að hafa verið ölvuð og sagðist hafa verið nýbúin að taka verkjalyf, sem hafi greinilega verið of sterk. Þetta er í annað sinn sem Nicole hefur verið tekin, en áður var hún tekin undir stýri með kannabisefni í fórum sínum. Nú gæti hún átt yfir höfði sér fangelsisdóm.

Vinkonur Richie, þær Tara Reid og Paris Hilton, hafa líka verið teknar

NICOLE RICHIE



fyrir að keyra undir áhrifum. Fleiri þokkagyðjur hafa lent í óhöppum í umferðinni, en Halle Berry stakk af eftir að hafa lent í árekstri fyrir nokkrum árum. Ekki er þó vitað hvort hún hafi þá haft vín um hönd. Ólíklegri aðilar hafa einnig verið teknir ölvuðir og ber þar hæst barnastjörnuna Haley Joel Osmond, sem var tekin aðeins 17 ára gamall.

Leikstjórnir keyra fullir

Kvikmyndaleikstjórar hafa gjarnan verið duglegir við að keyra undir áhrifum en eins og þekkt er var leikarinn og leikstjórinn Mel Gibson handtekinn í sumar eftir að hafa þeyst um götur Malibu ölvuður. Mel brást hinn versti við þegar hann var handtekinn og kenndi gyðingum um allt saman, líka stríð heimsbyggðarinnar. Oliver Stone hefur í tvígang verið handtekinn undir stýri. Bæði fullur og undir áhrifum kannabisefna, en í seinna skiptið hafði hann einnig efni í fórum sínum. Nú síðast



NICK NOLTE Þessi fræga mynd var tekin af leikaranum eftir að hann var handtekinn fyrir að keyra fullur.



HALEY JOEL OSMOND Var tekin fullur á bíl, yngstur allra.

var það Van Sant sem var handtekinn.

Ógæfumennirnir í Hollywood

Í Hollywood eru góðkunningjar lögreglunnar til, eins og annars staðar. Hasarmyndaleikarinn Jean Claude Van Damme var eitt sinn þekktur fyrir heilbrigðan lífsstíl og hraustlegt viðmót, en það breyttist fljótt eftir að leikarinn var tekin ölvuður á bifreið sinni. Í kjölfarið fór hann í meðferð vegna fíknar sinnar á kókaíni og



vinsældir hans dvínuðu fljótt. Daniel Baldwin, sem er elstur þeirra Baldwin-bræðra, lenti svo í því að deyja áfengisdaða við stýrið með þeim afleiðingum að hann klessti á. Þeir Robert Downey Jr. og Nick Nolte hafa einnig gerst brotlegir, með áfengi í annarri og stýri í hinni.

dori@frettabladid.is

TARA REID



8 vikna námskeið fyrir stelpur 13-15 ára

Máni kennir fjölbreytta og skemmtilega tíma þar sem aðal markmiðið er að hreyfa sig og hafa gaman af því.

Hefst 8. janúar

Vertu með og láttu skrá þig strax í dag í síma 414 4000 eða með tölvupósti afgreidsla@hreyfing.is.

Nánari upplýsingar um námskeiðið er einnig að finna á www.hreyfing.is

Pallar – tæbó – dans – stöðvahringir og margt fleira skemmtilegt!

STOTT PILATES



Stott Pilates kerfið þjálfar flata og sterka kvíðvöðva. Jafnvægi á milli styrk- og teygjuæfinga framkallar langa, granna vöðva og auðveldar hreyfingar. Stöðug áhersla á öndun bætir súrefnisflæði í blóði, bætir blóðflæði til heilans sem eykur einbeitingu og vellíðan.

8 vikna námskeið hefst **8. janúar** Byrjenda- og framhaldshópar



LOKSINS SKILIN Nick Lachey og Jessica Simpson hafa loksins gengið frá öllum smáatriðum varðandi skilnað sinn.

Skilnaðurinn frágenginn

Jessica Simpson og fyrrverandi eiginmaður hennar Nick Lachey hafa loksins gengið frá skiptingu eigna sinna. Þar með er skilnaður þeirra loks frágenginn. Simpson, sem er 26 ára, og Lachey, 33 ára, gengu í hjónaband árið 2002 og komu fram í MTV-raunveruleikaþættinum *Newlyweds* sem sýndur hefur verið hér á landi. Þau skildu að skiptum í nóvember árið 2005. Skilnaðurinn gekk svo í gegn í júnímánuði 2006. Bandaríska tímaritið *People* segir að Jessica og Nick ætli ekki að greina frá hvernig eignum þeirra var skipt.

Eftir skilnaðinn hefur Lachey verið á föstu með MTV-kynninum *Vanessa Minnillo* en Simpson er sögð vera með tónlistarmanninum John Mayer.




RONNIE WOOD Gamli rokkhundurinn kom eiginkonu sinni á óvart þegar hann skellti sér í ræktina með henni.

Ronnie í ræktina

Gamli rokkhundurinn Ronnie Wood kom eiginkonu sinni Jo í opna skjöldu þegar hann skellti sér í ræktina með henni og einkaþjálfaranum hennar. Ronnie, sem er gítarleikari *Rolling Stones*, hefur sem kunnugt er löngum átt í vandræðum með áfengis- og eiturlyfjaneyslu en honum þótti ekkert tiltökumál að hreyfa sig aðeins á dögnum. „Við æfðum saman – ég og Ronnie. Þetta var ótrúlegt,“ segir Jo sem var fyrirsæta. „Hann fann fyrir verkjum daginn eftir og sagðist ekki geta hreyft sig. Ég held samt að hann sé ánægður með þetta. Næst reyni ég ábyggilega að fá hann með mér í garðyrkjuna!“

Útsalan er hafin

ALLT AÐ **70%** afsláttur



KAREN MILLEN

Kringlan s. 533-1740
Smáralind s. 534-1740

Leiðbeinandi: Vladka Malá frá Ungverjalandi.
Vladka hefur áunnið sér öll réttindi sem Stott-Pilates kennari (Full Certified IMP, IR, ICCB, ISP, level 2).

Frábært æfingakerfi sem hefur slegið rækilega í gegn um allan heim.

Láttu skrá þig strax í síma 414-4000 eða með tölvupósti afgreidsla@hreyfing.is



JUMP FIT með Valdísi

Jump fit er ein heitasta nýjungin í líkamsræktargeiranum í dag þar sem sippað er í takt við tónlist með fjölbreyttum og árangursríkum æfingakerfum. Hentar vel þeim sem vilja komast í toppform á sem skemmstum tíma. Aðeins 40 mín. tímar.

Auðvelt að læra – frábær skemmtun!

8 vikna námskeið hefst 15. janúar.

Skráðu þig strax með því að senda póst á afgreidsla@hreyfing.is, hringja í síma 414 4000 eða koma við hjá okkur í Faxafeni 14.

HREYFING

Faxafeni 14 414 4000 www.hreyfing.is

Nýtt í bió

SAGA FILM, REYKJAVÍK FILMS & SENA KYNNNA
SPENNUMYND EFTIR BJÖRN B. BJÖRNSSON

KÖLD SLÓÐ

ÞÁÐ ER HÆTTULEGT AÐ LEITA SANNLEIKANS
- ÞU GÆTIR FUNDIÐ HANN...

KAUPPING 20% afsláttur fyrir
alla viðskiptavini Kaupþings ef
greitt er með korti frá Kaupþingi

ERETTBLADIÐ
LÚXUS

Jólamyndin 2006

PEGAR MYRKRIÐ SKELLUR Á...
HEFST ÆVINTÝRIÐ!

STÖRKOSTLEG ÆVINTÝRAMYND
BYGGÐ Á MAGNADRI METSULUBÓK

eragon

Frábær ævintýramynd
fyrir alla fjölskylduna!

**TENACIOUS D
THE PICK OF DESTINY**

KLIKKUÐ GRÍNMYND ÞAR
SEM JACK BLACK OG
KYLE GASS FARA Á
KOSTUM Í LEIT AÐ
ÖRLAGANÓGLINNI.
Stúfull af frábærum
tónlist.

**ARTÚR
OG MÍNIMOARNIR**

Frábær ævintýramynd
fyrir alla fjölskylduna!

SMÁRA BIÓ Sími 564 0000

KÖLD SLÓÐ	kl. 3.30, 5.45, 8 og 10.15	B.L. 12 ÁRA
SÝND Í LÚXUS	kl. 5.45, 8 og 10.15	
ARTÚR OG MÍNIMOARNIR ISL. TAL	kl. 1.30, 3.40 og 5.50	
ERAGON	kl. 1, 3.20, 5.40, 8 og 10.20	B.L. 10 ÁRA
SÝND Í LÚXUS	kl. 1 og 3.20	
CASINO ROYALE	kl. 8 og 10.50	B.L. 14 ÁRA
HNOTUBRJTSPRINSINN ISL. TAL	kl. 1.30	
HÁTÍÐ Í BÆ	kl. 1.30, 3.40 og 5.50	
BORAT	kl. 10.20	B.L. 12 ÁRA
MÝRIN	kl. 8	B.L. 12 ÁRA

REGNBÖGINN Sími 551 9000

KÖLD SLÓÐ	kl. 3.40, 5.50, 8.20 og 10.30	B.L. 12 ÁRA
ERAGON	kl. 3, 6, 8.20 og 10.40	B.L. 10 ÁRA
ARTÚR OG MÍNIMOARNIR ISL. TAL	kl. 3 og 6	
TENACIOUS D	kl. 5.50, 8 og 10.10	B.L. 12 ÁRA
CASINO ROYALE	kl. 10.20	B.L. 14 ÁRA
MÝRIN W. ENGLISH SUBTITLES	kl. 8	B.L. 12 ÁRA
SKÓGARSTRÍÐ ISL. TAL	kl. 3	

Borgarbió Sími 462 3500

KÖLD SLÓÐ	kl. 8 og 10	B.L. 12 ÁRA
ARTÚR OG MÍNIMOARNIR ISL. TAL	kl. 6	
TENACIOUS D	kl. 8 og 10	
ERAGON	kl. 6	B.L. 10 ÁRA

450 KR. Í BIÓ! MIDIS.is

Sími 553 2075

LAUGARÁS BIÓ - bara lúxus

Jólamyndin 2006

FRÁÐER ÆVINTÝRAMYND
FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

**ARTÚR
OG MÍNIMOARNIR**

MYND EFTIR LUC BESSON

Sýnd kl. 2 ENSKT TAL

Sýnd kl. 2, 4 og 6 ISL TAL

eragon

PEGAR MYRKRIÐ FELLUR YFIR...
HEFST ÆVINTÝRIÐ!

Sýnd kl. 2, 4, 6, 8 og 10 ISL. 12

Sýnd kl. 2, 4 og 6 ISL TAL

the Holiday

Sýnd kl. 8 og 10.30

450 KR. Í BIÓ



KERRY KATONA Hótar að brenna Michelle Hunter og ófætt barn hennar inni í bíl.

Hótar vinkonu lífláti

Breska söngkonan Kerry Katona, fyrrverandi eiginkona Westlife-söngvarans Brians McFadden, hefur hótað áður bestu vinkonu sinni Michelle Hunter lífláti. Hunter hefur ekki verið vinsæl hjá Katona eftir að hún sagði frá eiturfjandanotkun söngkonunnar. Á dögunum sendi Katona henni því tölvupóst þess efnis að hún ætlaði að brenna Hunter inni í bíl hennar. Talsmaður Katona viðurkenni fyrst að hún hefði í hötunum, en dró sögu sína til baka rúmum klukkutíma síðar. Lögregla rannsakar málið, svo frekari fréttar ætti að vera að vænta bráðlega.

Ný týpa sem er alltaf hress

Tónlistarmaðurinn Davíð Þór Jónsson þykir með skemmtilegri mönnum og er uppátækjasamur með eindæmum. Þessa dagana fóstur hann nýja persónu innra með sér.

„Hann sfer aldrei. Borðar eingöngu rautt kjöt og grænt grænmeti, drekkur dýrt kaffi og er alltaf hress. Yfirgengilega hress.“ Þetta segir Davíð Þór Jónsson tónlistarmaður um einkar athyglisverða persónu sem hann fóstur innra með sér um þessar mundir. Þessi persóna, sem er enn nafnlaus, leit fyrst dagsins ljós þegar Davíð Þór fór ásamt fleiri íslenskum tónlistarmönnum til New York til þess að spila í opnunarteiti hjá tiskuhúsi Luis Vuitton.

„Þegar ég vissi að ég væri að fara að spila fyrir allt þetta smarta fólk þá fór ég til Kormáks og Skjaldar og fékk þar dragfín jakka-föt og stíliseruð gleraugu við hæfi. Ég nota ekki gleraugu en það gerir hann og þau fara honum sérstaklega vel. Við þessa umbreytingu birtist þessi magnaði óstöðvandi karakter. Fötin, gleraugun og síðast en ekki síst allt þetta Louis Vuitton snobberí kölluðu hann fram í dagsljósið. Hann er þannig afsprengi snobbmenningarlegs sjokks og líf hans er mótað af því.“

Davíð Þór leggur áherslu á að þessi persóna lifi í samræmi við



DAVÍÐ ÞÓR JÓNSSON Síhressi maðurinn hans Davíðs Þórs er tilvalinn til þess að hrísta upp í leiðinlegum samráðs- og peningafundum.

sköpunarsögu sína; sé ávallt vel klædd, kunnir sig einkar vel á mannafótum og þá sérstaklega innan um konur. „Hann er bara svo skemmtilegur og sjarmerandi. Strax við fæðingu stökk hann til og byrjaði að búa til syrpu og það er hans form. Hann býr til Abba-syrpur og Queen-syrpur og hreinlega geysist áfram í tónlistinni en á sama tíma skreytir hann lítið sem ekkert um texta. Þeir einfaldlega skipta hann ekki máli svo hann býr bara til sína eigin án fyrirhafnar.“

En þessi ágæta persóna er þó

ekki með öllu gallalaus þar sem Davíð segir að það sé í raun ekki hægt að ræða við hann málin í ró og næði, slíkt sé einfaldlega utan hans persónu. „En hann hefur engu að síður ákaflega skýran tilgang. Hann hentar t.d. mjög vel í veislu og til þess að hrísta upp í leiðinlegum fundum. Sjáðu bara fyrir þér tju karla í jakkafötum á samráðsfundi eða í einhverjum svona leiðinlegum peningabíssness, það er eitthvað sem hann getur gefið líf og lyft á hærra plan.“

magnus@frettabladid.is

Bægir frá sér biðlum

Jennifer Aniston fær gylliboði á eftir gylliboði þessa dagana. Þau berast þó ekki úr herbúðum kvikmyndaframleiðenda, heldur frá piparsveinum sem vilja ólmir bjóða leikkonunni á stefnumót. Samkvæmt Aniston hefur boðunum rignt yfir hana eftir að slitnaði upp úr sambandi hennar við Vince Vaughn. Ríkisbubinn Steve Bing og hjólréiðakappinn Lance Armstrong eru á meðal þeirra sem hafa sýnt Aniston áhuga, en hún neitaði Armstrong um stefnumót vegna vinnu sinnar við Sheryl Crow, fyrrverandi unnustu Armstrongs.



EFTIRSÓTT ANISTON Boðum á stefnumót hefur rignt yfir leikkonuna síðan hún hætti með Vince Vaughn.

FRÉTTABLAÐIÐ/RETUERS

Sími: 553 2075

LAUGARÁS BIÓ - bara lúxus

Ódýrt í bió

ATH. SÝND KL. 2

TILBOÐIÐ GILDIR
1. jan til 3. jan.

ATH. SÝND KL. 2

**ARTÚR
OG MÍNIMOARNIR**

450 kr. á 2 sýningar

Vandmál með Wii

Nýlega var opnuð heimasíðan www.wiihaveaproblem.com, en hún heldur utan um öll þau slys sem eigendur leikjafólunnar Nintendo Wii lenda í, en þau eru mörg. Tölvan býður nefnilega upp á svo mikla hreyfingu að leikmenn lenda til dæmis ítrekað í því að missa fjarstýringuna sína beint í sjónvarps-skjáinn og þannig eyðileggja hann. Þeir sem lenda í Wii-slysi geta tilkynnt eigendum síðunnar það, sem bæta slysinu í teljarann sinn, sem heldur utan um

slysin og hvers kyns þau eru. Til dæmis hafa 16 sjónvörp, 16 myndbandstæki, tvær fartölvur og tveir lampar eyðilagst hingað til. Svo hafa einnig orðið ögn alvarlegri slys, en um 13 manns og tvö gældýr hafa fengið fjarstýringuna í höfuðið á sér með tilheyrandi meiðslum. Þeir sem hafa því tryggt sér eintak af Nintendo



Wii hér á landi eru beðnir um að fara varlega og verða ekki of æstir í hita leiksins.

NINTENDO WII
Reynist sumum eigendum dýrkeypt.

Gleðilegt nýtt ár!

SAMBÍÐN
GOLDEN GLOBE TILNEFNING
BESTI LEIKARI: WILL FERRELL
Stranger than Fiction
FRÁBÆRLEGA FYNDIN OG
SNÍÐUG GAMANMYND...
...SEM KEMUR ÖLLUM Í GOTT
SKAP Á NÝJU ÁRI

EKKI MISSA AF
MEST SLÁNDI
OG EINNI
ÁHRIFAMESTU
KVIKMYND ÁRSINS.
Clive Owen
Julianne Moore
Michael Caine
Children of men
a film by Alfonso Cuarón

Mynd eftir Óskarsverðlaunahafann Clint Eastwood.
FLAGS OF OUR FATHERS
Framleidd
af Steven
Spielberg
★★★★
P.J. FBL
★★★★★
LÍFTOPPIS
★★★★★
SI.MR.
Sannkallað meistaraverk sem kvik-
myndað var að mestum hluta á Íslandi.

Háskólabíó
KÖLD SLÓÐ
SÝND Í HÁSKÓLABÍÓ

HAPPY FEET

DEJAVU

the Holiday

Háskólabíó	
KÖLD SLÓÐ	kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10
THE CHILDREN OF MEN	kl. 6 - 8:20 - 10:40
FLAGS OF OUR FATHERS	kl. 4:30 - 7:30 - 9 - 10:30
FRÁIR FÆTUR	M/- Ísl tal. kl. 2:30 - 4:45
DÉJÁ VU	kl. 10:30
NATIVITY STORY	kl. 5:50
BOSS OF IT ALL	kl. 8
SKOLAD Í BU .. Ísl tal.	kl. 2:30

SAMBÍÐN / ÁLFABAKKA	
STRANGER THAN FICTION	kl. 5:40 - 8 - 10:20
STRANGER THAN FIC... VIP	kl. 8 - 10:20
FLAGS OF OUR FATHERS	kl. 5 - 8 - 10:50
THE CHILDREN OF MEN	kl. 5:40 - 8 - 10:20
FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal.	kl. 1 - 2:10 - 3:20 - 5:40
FRÁIR FÆTUR VIP	kl. 1 - 3:20 - 5:40
HAPPY FEET M/- Ensk tal.	kl. 5:40 - 8 - 10:20

SAMBÍÐN / KRINGLUNNI	
STRANGER THAN FICTION	kl. 6 - 8:20 - 10:40
CHILDREN OF MEN	kl. 8:10 - 10:30
FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal.	kl. 1:20 - 3:40 - 5:50
HAPPY FEET M/- Ensk tal.	kl. 3:40 - 5:50
SKOLAD Í BURTU M/- Ísl tal.	kl. 1:40 - 3:50
DÉJÁ VU	kl. 10:40
THE HOLIDAY	kl. 8
BÆJARHLADID M/- Ísl tal.	kl. 2

SAMBÍÐN / KEFLAVÍK	
FLAGS OF OUR FATHERS	kl. 8 - 10:30
FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal.	kl. 5:30
HAPPY FEET M/- Ensk tal.	kl. 8
ERAGON	kl. 5:30
DÉJÁVU	kl. 10:15

SAMBÍÐN / AKUREYRI	
STRANGER THAN FICTION	kl. 6 - 8 - 10
FLAGS OF OUR FATHERS	kl. 8 - 10:30
FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal.	kl. 6

HANDHAFAR SVARTA KORTSISNS FÁ 20% AFSLÁTT AF ALMENNUNNI MIÐAVERDI EF GREITT ER MED KORTINU
GILDIR EKKI MED ÖÐRUM TILBOÐUM Í VIP SAL EÐA Á ÍSLENSKAR MYNDIR

Gera stuttmynd um miðaldra mann sem fær sér kúrekastígvél

Hafsteinn Gunnar Sigurðsson, nemi í kvikmynda-leikstjórn og handritsgerð við Columbia University í New York, er að vinna að spennandi verkefni um þessar mundir. Nú í janúar hefjast tókur á stuttmynd í leikstjórn Hafsteins en höfundur handrits er Huldar Breiðfjörð sem einnig er við kvikmyndanám í New York.

„Myndin heitir Skröltormar og við Huldar erum búinir að ganga með hana nokkuð lengi í maganum. Við ákváðum loks að kyla á þetta og sóttum um hjá Kvikmyndamiðstöð Íslands og vorum að fá styrk sem gerir þetta að veruleika. Það er frábært að hafa svona verkefni að takast á við enda er það vinnan sem maður lærir mest af í þessum bransa,“ segir Hafsteinn sem vinnur að undirbúningi fyrir myndina þessa dagana. Tókur verða í Reykjavík í janúar og framleiðendur myndarinnar eru Mystery Island og meðframleiðandi er Zik Zak kvikmyndagerð.



efni sem ég hef unnið að sem leikstjóri svona umfangslega séð en þetta verður um 30 mínútna stuttmynd. Ég hef líka mikla trú á þessu handriti enda frábært að vinna með Huldar. Myndin segir sögu Antons, miðaldra bílasala sem hefur löngum látið sig dreyma um að eignast kúrekastígvél. Þegar hann sér Rúna Júl í sjónvarpinu í kúrekastígvélum þá lætur hann verða af því að fá sér flott kúrekastígvél, lætur drauminn rætast ef svo má segja. Myndin segir svo að miklu leyti frá viðbrögðum fólksins í kringum Anton við kúrekastígvélunum sem hann vill helst vera í öllum stundum. Eiginkona Antons, vinnufélagar og vinir hafa öll sína skoðun á þessari einmenningstísku Antons sem syndir ótrauður gegn straumnum, líklega í fyrsta sinn um ævina. Ég vil helst ekki segja meira um söguþráðinn en vísa til þess að þetta verður mannleg en meinfyndin og lágstemmd kómédia sem fjallar um það hvernig minnstu hlutir geta komið róti á vanabundið líf fólks og dregið fram þætti í fari þess sem að öllu jöfnu lítið ber á.“

Það verður úrval íslenskra leikara í helstu hlutverkum í Skröltormum en Jóhann Sigurðarson fer með hlutverk Antons og í öðrum helstu hlutverkum er að finna Sigurð Skúlason, Pétur Einarsson, Svein Ólaf Gunnarsson og Lilju Þórisdóttur. „Það færir mér ómetanlega reynslu að vinna með þessu fólki, sérstaklega þar sem þetta er svona leikaramynd ef svo má segja, en auk þeirra bregður Rúnari Júlíussyni fyrir í myndinni. Rúnar og Davíð Þór Jónsson tónlistarmaður verða með tónlistina ásamt hljóm-sveitinni Flís. Það verður sem sagt allt vaðandi í frábæru fólki þarna í kringum mig og ég hlakka mikið til.“
Hafsteinn Gunnar staldrar ekki lengi við þar sem hann er á leiðinni aftur til New York strax að loknum tókum. „Já ég kem til RÚNI JÚL Er fyrirmynd sögupersónunnar Antons, sem kaupir sér kúrekastígvél eftir að hann sér Rúna í einum slíkum.




HAFSTEINN GUNNAR SIGURÐSSON Undirbýr tókur á stuttmynd eftir handriti Huldar Breiðfjörð. FRÉTTABLAÐID/RÓSA

með að klára myndina úti þar sem ég klippi með félagamínun Kristjáni Loðmfjörð klippara. Við Kristján höfum verið lengi saman í þessu kvikmyndastússi og unnið að ýmsum verkefnum. Skröltormar verður svo tilbúin til sýninga í vor hér heima og fer vonandi á einhverjar stuttmyndahátíðir í framhaldinu af því.“ magnusg@frettabladid.is

HULDAR BREIÐFJÖRÐ Er í kvikmyndanám í New York um þessar mundir.

FRÉTTIR AF FÓLKI
Í nýlegu viðtali við Parade Magazine talaði **Ethan Hawke** loks um skilnaðinn frá **Uma Thurman**. Hawke og Thurman skildu fyrir tæpum tveimur árum, en hvorugt þeirra hefur viljað tjá sig um ástæður þess. Nú hefur Hawke hins vegar greint frá því að þau berjist við að halda friðinn sín á milli og særa ekki hvort annað. Þau hafi varla sést saman eftir skilnaðinn, og halda bara sambandi vegna barna sinna, þeirra Mayu og Levon.



Gleðilegt ár!

Kennsla hefst 8. janúar
Innritun og upplýsingar í síma 561 5620 frá kl. 12-17
www.schballett.is

BALLETTSKÓLI
Eddu Scheving
Safnaðarheimili Háteigskirkju
Háteigsvegi • Sími 552 5620
Félag Íslenskra listansara

> Ólafur Ingi á förum frá Brentford

Svo virðist vera sem knattspyrnumaðurinn Ólafur Ingi Skúlason sé á förum frá enska liðinu Brentford. Ólafur Ingi hefur lítið fengið að spila með Brentford að undanförunum og að sögn umboðsmanns hans, Ólafs Garðarssonar, er ástæðan sú að félagið sé að spara pening. Ólafur Ingi er einn launahæsti leikmaður félagsins og fær borgað fyrir hvern leik sem hann spilar. Ólafur Garðarsson sagði að lið bæði á Englandi og í Skandinavíu kæmu til greini sem næsti áfangastaður Ólafs Inga.



sport
sport@frettabladid.is

VARNARJAXLINN HLYNUR BIRGISSON: VAR VALINN ÍPRÓTTAMAÐUR ÞÓRS OG SKRIFAÐI UNDIR TVEGGJA ÁRA SAMNING

Það er engin ástæða til að flyta sér að hætta


Reynsluboltinn Hlynur Birgisson hefur verið útnefndur íþróttamaður Þórs á Akureyri 2006 en hann varð 38 ára á nýliðnu ári. „Það var mjög ánægjulegt að fá þessa viðurkenningu og kom mér á óvart,” sagði Hlynur sem var að fá þessi verðlaun í þriðja sinn. Hann er enn á fullu með Þórsurum í fótboltanum en liðið leikur í 1. deildinni. Hann er ekkert á þeim buxunum að hætta og skrifaði nýverið undir óuppsegjanlegan tveggja ára samning við Þór.

„Þjálfariinn lagði hart að mér að taka þátt í því sem er að gerast hjá Þór núna. Það er mikil endurnýjun og tekið var á það ráð að byggja liðið upp á heimamönnum. Mér fannst þetta það spennandi og þeir buðu mér góðan tveggja ára samning sem ég ákvað að taka,” sagði Hlynur en þess má geta að hann lagði skóna á hilluna eftir tímabilið 2005 en hætti við að hætta. Nú er útlit fyrir að hann spili út tímabilið 2008.



„Það eru margir efnilegar strákar að koma upp og sérstaklega í þriðja flokknum, þar sem eru margir gríðarlega sterkir leikmenn,” sagði Hlynur en hann segir að skrokurinn sé í mjög finu lagi. „Það var stór hluti af þessu. Mér gekk vel síðasta sumar og var laus við öll meiðsl og í finu formi. Maður sá að það var engin ástæða til þess að flyta sér að hætta. Ég held samt að ég hætti nú örugglega eftir þennan samning, þá verð ég fertugur og það er fin tala.”

Hlynur ætlar þó ekki að hætta afskiptum af fótboltanum þegar hann hættir sjálfur að sparka eftir tvö ár. „Ég er búinn að taka þjálfaranámskeið og hef UEFA-B réttindi. Ég hef verið að þjálfa yngri flokkana og hef mikinn áhuga á að auka við það þegar ég legg skóna á hilluna. Það kítlar óneitanlega að taka að sér meistaraflokkspjálfun en það verður bara að koma í ljós,” sagði varnarjaxlinn Hlynur sem lék á sínum tíma með Örebro í Svíþjóð og á tólf A-landsleiki að baki.



KOVALAINEN Telur sig vera besta öikumanninn í Formúlu 1, eins og svo margir aðrir. NORDIC PHOTOS/GETTY

Formúla 1:

Kovalainen varar Alonso við

FORMÚLA 1 Heikki Kovalainen, nýliði Renault-liðsins í Formúlu 1, er hvergi banginn og stefnir á að berjast við Fernando Alonso um heimsmeistarattitilinn á næsta tímabili. Kovalainen tók sæti Alonso sem mun aka fyrir McLaren á næsta tímabili.

„Ég ræddi við Fernando á dögunum um næsta tímabil og ég sagði honum að ég myndi berjast við hann um titilinn. Hann sagði að ég þyrfti ekki að hafa áhyggjur, hann myndi einnig sækja til sigurs. Þetta verður skemmtileg samkeppni og ég hlakka til.

Allir öikumenn í Formúlu 1 telja sig vera besta og já, ég tel mig vera bestan. Ég trúi því að ég geti keppt við alla,” sagði Kovalainen í viðtali við breska blaðið Sunday Mirror.

Finninn ungi segir þó að það séu órlítill vonbrigði að fá ekki að berjast við Michael Schumacher, sem hætti keppni á síðasta ári.

„Það hefði verið frábært að fá að keppa við Schumacher og mér finnst svolítið leiðinlegt að eiga ekki möguleika á því. Hann er besti öikumadur allra tíma. Það eru aðrir sem taka við.“ - dsl

Leikmannamál hér heima:

Bjarki kominn aftur í Keflavík

FÓTBOLTI Bjarki Freyr Guðmundsson er kominn aftur í raðir Keflavíkur en hann kemur úr herbúðum ÍA. Bjarki skrifaði um helgina undir þriggja ára samning við lið Keflavíkur sem varð bikarmeistari síðasta sumar. Það má því segja að hann sé kominn heim en hann varð bikarmeistari með liðinu árið 1997 og vakti þá mikla athygli fyrir frammiðstöðu sína. Bjarki mun keppast um markmannsstöðuna við Omar Jóhannsson sem hefur staðið milli stanganna hjá liðinu undanfarin ár. Omar hefur einnig skrifað undir þriggja ára samning og Keflavíkingar þurfa því ekki að hafa áhyggjur af markmannsmálum sínu. - egm

Mikil vinna fyrir höndum hjá okkur

Guðjón Þórðarson, þjálfari ÍA segir að allir verði að hjálpast að til að takast á við verkefnið fram undan, að koma Skagamönnum í fremstu röð á nýjan leik. Hann segir að endurkoma sín sé svipuð og hann átti von á.


FÓTBOLTI Guðjón Þórðarson hætti hjá Notts County í maí á síðasta ári og eftir að hafa skoðað nokkra möguleika ákvað hann að taka við ÍA á nýjan leik. „Endurkoman er svipuð og ég átti von á. Það eru töluverðar breytingar fyrirjáanlegar, til að mynda á leikmannahópnum, en það er eitthvað sem ég gerði mér alveg grein fyrir að gæti gerst,” sagði Guðjón í samtali við Fréttablaðið í gær. Hann segir að margt hafi breyst frá því hann þjálfaði ÍA síðast, fyrir tíu árum síðan.

„Fyrst og fremst er það aðstaðan sem hefur stórbatnað. Við erum nú kominn með knattspyrnuhús sem er mikil bylting fyrir okkur hvað æfingarnar varðar. Vinnuástaðan er orðin langt um betri og þetta breytir miklu fyrir mig sem þjálfara. Það er reyndar alltaf Langisandurinn, hann er auðvitað drjúgur, þeir sem hafa æft þar vita að hann tekur í og hvað hann gefur mönnum,” sagði Guðjón léttur í bragði um æfingar í fjórundi á Akranesi.

„Síðast þegar ég var að vinna hérna fyrir tíu árum sléttum, veturinn 1996-1997, þá var ÍA með þrjá titla í húsi. Eins og staðan er í dag bendir ekkert til þess að Skaginn sé að fara að vinna þrjá titla á næstunni, í það minnsta ekki alla í einu.“

Guðjón er með mjög ungt lið í höndunum en hann segir að reynslan á ungu strákana sé enn ekki nógu mikil til að meta þá. „Við erum með stóran hóp ungra leikmanna en það á alveg eftir að koma í ljós úr hverju þeir eru gerðir. Það er mikil endurnýjun í gangi hjá okkur og það verður gaman að sjá hvaða ungu leikmenn munu stíga skrefið úr barn-dómnum í alvöruna. Ég mun sjá hverjir svara kallinu, það verður bara að koma í ljós, en það er mikill munur á því að vera ungur og efnilegur og góður og farsæll,” sagði Guðjón sem er í góðu sambandi við sína menn hvað leikmenn varðar.

„Ég mun skoða það hvar við



GUÐJÓN Segir að markmiðið á Akranesi séu alveg skýr, það er að koma ÍA í fremstu röð á nýjan leik. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

leggjum línurnar hvað varðar að fá til okkar nýja menn. Ég hef í raun ekki hug á að bæta neina einstaka stöðu heldur mun ég skoða hópinn eftir því sem fram líður vori og sjá hvað ég þarf að gera. Ég mun sjá hvaða ungu leikmenn eru tilbúnir til að láta slag standa og fórna sér, ef þeir gera það fá þeir tækifærið, ef það er vöntun á því verðum við nauðbeygðir til að sækja okkur aukinn liðsstyrk. Það hafa margir farið frá félaginu, sjö leikmenn talsins, og við höfum ekki skrifað undir við neina nýja leikmenn,” sagði Guðjón.

Hafþór Ægir Vilhjálmsson, Hjörtur Hjartarson auk tvíburanna Arnars og Bjarka Gunnlaugssonar eru meðal þeirra leikmanna sem hafa horfið á braut frá ÍA. „Það gefur augaleið að hópurn er ekki stór. Ég er með marga og góða menn í Englandi sem ég er þegar búinn að tala við og ganga

þannig frá að það verða engin vandamál þegar kemur að því að fá til okkar menn,” sagði Guðjón.

Bjarni Guðjónsson, sonur Guðjóns, spilaði stóran hluta síðasta sumars sem miðvörður hjá ÍA. Guðjón er ekki á þeim buxunum að nota Bjarna þar hjá ÍA. „Ég mun ekki nota Bjarna sem miðvörð, það er alveg ljóst. Hann er alltof góður leikmaður og liðinu of mikilvægur til að nota hann í vörninni, það eru mörg mörk sem geta komið í kringum hann. Það er fórnarkostnaður sem ég er ekki tilbúinn til að standa undir,” sagði þjálfariinn sem horfir til sona sinna, Bjarna og Þórðar, til að miðla af reynslu sinnu og getu til liðsins.

„Það er undir þeim komið að springa út. Þeir eru báðir góðir knattspyrnumenn með mikla reynslu og mikla getu og þurfa að takast á við það sem þeim er falið.

Þeir þurfa að takast á við verkefnið sem bíður okkar af fullum þunga og ég horfi til þess að þeir miðli af reynslu sinni og gefi öðrum fordæmi. Það er ljóst að þeir verða stórir burðarásar í mínu liði,” sagði Guðjón sem segir að markmiðin séu alveg skýr á Akranesi.

„Markmiðið er að koma ÍA í fremstu röð aftur og við munum ekki unna okkur neinnar hvíldar fyrr en það tekst. Það er mikið pláss fyrir framfarir, bæði innan og utan vallar, og það þarf að taka á ákveðnum málum sem því miður hafa ekki verið í nógu góðu standi. Það bíður okkar allra mikil vinna. Akranes er ekki stór bær, aðeins 6.000 manna, og það verður mikil vinna að koma félaginu í fremstu röð á ný og ef það á að takast verða allir sem vettlingi geta valdið að hjálpast að til þess,” sagði Guðjón Þórðarson. - hph

Tenniskappinn Roger Federer hefur fullan áhuga á að halda sigurgöngu sinni áfram á nýja árinu:

Dreymir um að bæta franska titlinum í safnið

TENNIS Roger Federer var að ljúka ótrúlegu ári á sínum ferli. Hann komst í úrslit í sextán af þeim sautján mótum sem hann tók þátt í og vann þrjú af fjórum stórmótum ársins. Alls hefur hann unnið níu slemmutitla og á aðeins eftir að vinna opna franska meistaramótið til að vinna alslemmuna.

„Að vinna opna franska meistaramótið á Roland Garros yrði sannarlega alger draumur fyrir mig,” sagði hann en í ár tapaði hann fyrir Spánverjanum Rafael Nadal í úrslitunum.

Hann segir þó að Wimbledonmótið sé enn og verði alltaf efst á sínum lista. „Lífið er í stuttu máli

sagt draumur eins og er. Vonandi get ég haldið því áfram. Ég á aldrei erfitt með að koma mér í rétta girinn fyrir mót og það verður ekki vandamál í nokkur ár enn,” sagði Federer sem er ekki nema 25 ára gamall. Hann er af mörgum talinn geta orðið besti tennisleikari allra tíma.

Í febrúar næstkomandi mun hann bæta met Jimmy Conner þegar hann verður í efsta sæti heimslistas 161. vikuna í röð. Slíkir eru yfirburðir hans á styrkleikalistanum að þótt hann myndi ekkert spila fram að því gæti enginn annar skákað honum. Hann vann átta milljónir dollara í

verðlaunafé á árinu sem er að líða.


Fyrir utan opna franska meistaramótið hefur Federer augastað á einhverjum titlum til viðbótar sem hann hefur ekki unnið enn.

„Það væri gaman að vinna Davis Cup og ég hef sett mér það markmið að spila á Ólympíuleikumunum í Peking árið 2008. Þetta eru mót sem ég hef ekki enn unnið,” sagði á svissneski. - esá

FEDERER Tapaði fyrir Rafael Nadal í úrslitum opna franska meistaramótisins í vor. NORDIC PHOTOS/GETTY



VINSÆLASTI ÞÁTTUR VERALDAR



Stöð 2 og Stöð 2 bíó
ÁSKRIFTARTILBOÐ
aðeins 4.990 kr. á mánuði*

*gegn eingreiðslu og þú horfir til 5. mars

American Idol hefst í janúar





DIARRA Er ekki í náðinni hjá Fabio Capello. NORDIC PHOTOS/GETTY

Ítalíumeistarar Internazionale: Ætla að styrkja miðsvæðið

FÓTBOLTI Ítalíumeistarar Inter hyggjast styrkja miðjuna hjá sér og samkvæmt fjölmiðlum á Ítalíu líta þeir til spænska liðsins Real Madrid þar sem þeir hafa áhuga á að fá þá Mahamadou Diarra og David Beckham. Forráðamenn Al-Itihad frá Sáði-Arabíu halda því fram að þeir muni fá Luis Figo frá Inter í næstu viku og ef það reynist rétt er líklegt að ítalska liðið fái sér nýja leikmenn á miðsvæðið.

Diarra var keyptur til Real Madrid frá Lyon í sumar en eftir að hafa lent í deilum við Fabio Capello, þjálfara Madrídinga, var hann settur út úr liðinu. Hann lék ekki í 3-0 tapi fyrir Recreativo Huelva í kjölfarið en spænska liðið gaf út þá skýringu að leikmaðurinn var meiddur. - egm

Harmleikur í Bandaríkjunum: Leikmaður skotinn til bana

NFL Darren Williams, leikmaður Denver Broncos í ameríska fótboltanum, var skotinn til bana snemma á nýárs morgun. Williams var 24 ára og var farþegi í limósínu sem var af keyra um miðbæ Denver þegar skot sem kom frá manni í öðru ökutæki hitti hann. Tveir aðrir farþegar slösuðust í skotárásinni. „Við erum algjörlega orðlaus, þetta er hræðilegur harmleikur,“ sagði Jim Saccomano, talsmaður Broncos.

Atburðurinn átti sér stað nokkrum klukkustundum eftir að Broncos töpuðu fyrir San Francisco 49ers í framlengdum leik og liðið komst því ekki í úrslitakeppni NFL-deildarinnar. Williams var á sínu öðru tímabili með Broncos en á árinu 2006 var hann fjórur snum í byrjunarliðinu. - egm

Stilian Petrov opinskár:

Þarf að styrkja liðið talsvert

FÓTBOLTI Stilian Petrov segir að Aston Villa gæti átt erfiða tíma fram undan á seinni helmingi tímabilsins ef liðið styrkir sig ekki í félagaskiptaglugganum. Villa heldur áfram að hrapa niður töfluna í ensku úrvalsdeildinni en í síðasta leik tapaði það fyrir Charlton og mætir Englandsmeisturum Chelsea í kvöld. Liðið hefur ekki landað sigri í síðustu níu leikjum. Petrov var keyptur frá Celtic síðasta sumar en hann segir að Villa þurfi að fá fleiri leikmenn.

„Okkur skortir ákveðinn stöðugleika því við virðumst bara spila vel annan hálfleikinn. Nú er félagaskiptagluggin að opnast svo ég vona að knattspyrnustjórnin og eigandinn fái nýja leikmenn til að gera okkur að betra liði. Þegar ég var fenginn til liðsins var sagt að metnaðurinn væri mikill svo ég býð,“ sagði Petrov. - egm

Phil Jagielka, leikmaður Sheffield United, segir leikmenn Arsenal hafa verið með barnalega framkomu:

Leikmenn neituðu að taka í höndina á mér

FÓTBOLTI Phil Jagielka, leikmaður Sheffield United, hefur sagt að leikmenn Arsenal hafi neitað að taka í höndina á sér eftir óvæntan sigur Sheffield 1-0 í ensku úrvalsdeildinni á laugardag. Jagielka leikur sem útspilari en hann þurfti að fara í markið í viðureign liðanna og náði að halda hreinu þær 35 mínútur sem hann lék þar.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Jagielka bregður sér í markið í miðjum leik og þegar Paddy Kenny, markvörður Sheffield United, þurfti að yfirgefa völlinn á 60. mínútu voru honum réttir hanskarnir.

Þennan rúma hálf tíma sem Jagielka stóð í markinu gekk Arsenal erfiðlega að láta reyna á hann og þurfti hann aðeins einu sinni að taka á honum stóra sínum, varði þá vel skot frá Robin van

Persie. Heimamenn voru ekki sáttir við viðbrögð leikmanna Arsenal eftir leikinn þó Jagielka segði að þau hefðu ekki komið sér á óvart. „Ef þeir vilja hegða sér eins og smákrakkar eigum við að leyfa þeim að vera stórir smákrakkar. Þetta er bara eitthvað sem við búumst við núna frá Arsenal, þetta er ekki í fyrsta sinn sem þeir hegða sér svona.“

Jagielka segir að Arsenal-menn hafi ekki sýnt íþróttamannslega framkomu eftir leik. „Þeir neituðu að taka í höndina á mér. Svona getur gerst þegar þú hefur svona marga erlenda leikmenn sem þekkja ekki hörkuna í enska boltanum. Auðvitað skil ég að það hafi verið þeim mikil vonbrigði að tapa leiknum en þeir hefðu mátt sýna íþróttamannslega hegðun eftir leikinn,“ sagði Jagielka. - egm



HALDIÐ HREINU Neil Warnock var ánægður með Phil Jagielka eftir sigurleikinn gegn Arsenal. NORDIC PHOTOS/GETTY

Dwyane Wade er einfaldlega bestur


NBA-körfuboltinn sá nýja stjörnu skína hvað skærast á nýliðnu ári. Dwyane Wade átti ótrúlegt ár þar sem hann leiddi Miami Heat til meistaratitilsins. Wade hefur nánast alltaf staðið upp úr í körfuboltanum.

KÖRFUBOLTI Dwyane Wade er fæddur árið 1982 í Chicago en það var ekki fyrr en hann stækkaði um tíu sentimetra eftir fyrsta árið sitt í miðskóla að hann fór að sýna afburðahæfni í körfubolta. Hann er mjög trúður og þakkar Guði fyrir alla sína hæfileika en hann bætti stigametöð í skólanum sínum, H.L Richards í Chicago, á lokaári sínu þar þegar hann skoraði 676 stig á einu tímabili, eða 27 stig að meðaltali í leik. Wade skoraði einnig fram úr í frjálsíþróttum í skólanum.

Wade fór svo í háskólann Marquette í Milwaukee þar sem hann spilaði ekki körfubolta fyrsta árið vegna vandræða í námi. Þegar hann gat byrjað að spila varð hann samstundis stigahæsti leikmaður Golden Eagles-háskólaliðsins með 17,8 stig að meðaltali í leik og hann bætti um betur tímabilið þar á eftir þegar hann leiddi Ernina í úrslit háskólakörfuboltans í fyrsta skipti síðan 1977 þegar hann skoraði 21,5 stig að meðaltali.

Eftir frábært tímabil var Wade svo valinn fimmti í nýliðavalinu í NBA þegar hann gekk í raðir Miami Heat, án þess að klára háskólann sem mun hengja upp treyjunúmer Wades í febrúar næstkomandi vegna magnaðs árangurs með skólanum. Í ungu liði Miami spilaði Wade vel á sínu fyrsta ári, skoraði sextán stig að meðaltali í leik, tók fjögur fráköst og sendi fjórar stoðsendingar að meðaltali í leik. Aðrir nýliðar stóðu sig þó enn betur og því var Wade í skugganum af þeim, sérstaklega LeBron James og Carmelo Anthony.

Eftir komu Shaquille O'Neal fyrir annað tímabil Wades, 2004-2005 tímabilið, risu allar tölur



SVAKALEGUR Styrkur og leikni Wades er með eindæmum. Hér sést hann troða boltanum með tilþrifum í leik í jólatörminni. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

kappans sem festi sig í sessi sem einn allra bestu ungu leikmaður deildarinnar. Í fyrstu umferð

meðaltali í leik. Í næstu umferð skoraði hann svo yfir 31 stig að meðaltali, meðal annars 40 og 36 stig í leikjum tvö og þrjú þrátt fyrir að spila fávæður og meiddur á hné.

Á tímabilinu á eftir, 2005-2006, var Wade enn og aftur magnaður, með 27,2 stig að meðaltali í leik í deildinni. Wade leiddi Miami svo alla leið í úrslitaeinvígið í NBA keppninni á síðasta tímabili þar sem liðið mætti Dallas Mavericks. Eftir tvö töl skoraði Wade 42, 36 og 43 stig í næstu þremur leikjum og kom Miami í forystu. Miami vann svo síðasta leikinn og þar með NBA-meistaratitilinn og var Wade valinn verðmætasti leikmaður úrslitakeppninnar. Í henni varð hann þriðji stigahæsti leikmaður í sögu NBA með 34,7 stig að meðaltali í leik. Á yfirstandandi tímabili er Wade svo á meðal stígahestu leikmanna deildarinnar, með 27,5 stig að meðaltali, nú þegar tímabilið er hálfnað.

„Hann sprengdi alla skala á árinu,“ segir Stan van Gundy, fyrrum aðalþjálfari Miami og núverandi ráðgjafi liðsins um Wade. „Í sex vikur spilaði hann leikinn nánast betur en nokkur annar hefur gert. Ég held að Michael Jordan hafi aldrei átt betri úrslitakeppni. Hann er besti leikmaður deildarinnar í dag, leiðtogaþæfileikar hans gera hann að því. LeBron James, Kobe Bryant og Carmelo Anthony eru frábærir en Wade er bara bestur.“

Wade var nýlega valinn íþróttamaður ársins af hinu virta tímariti Sports Illustrated, sem þykir mikill heiður, sér í lagi fyrir 24 ára gamlan strák sem hefur þó þegar náð að skara fram úr á sínu sviði. - hph

Einn besti leikmaður í sögu NFL-fótboltans íhugar að ljúka keppni og leggja kashanskann fræga á hilluna:

Brett Favre að binda enda á glæstan feril

NFL Brett Favre felldi tár eftir leik Green Bay Packers og Chicago Bears í NFL-deildinni í ameríska fótboltanum á gamlársdag. Favre er fyrir löngu orðinn goðsögn hjá Packers.

„Ef þetta er minn síðasti leikur, vil ég minnst hans vel. Þetta er erfitt. Ég elska þessa stráka, ég elska þessa íþrótt. Það yrði frábært að kveða þessa íþrótt í þessu frábæra liði. Ég gæti ekki beðið um betri leið til að enda ferilinn,“ sagði Favre, sem neitaði að svara því hvort hann væri búinn að gera upp hug sinn hvort hann væri hættur eða ekki.

Favre er á leiðinni í aðgerð vegna þráláttra meiðsla á ökkla en hann er aðeins sjö snertimarkasendingum frá meti Dan Marino, sem eru 420 sendingar. Hann er einnig jafn Marino í öðru sæti yfir flesta unna leiki á ferlinum 147



FAVRE Er einn allra bestu leikmaður NFL-deildarinnar frá upphafi. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

talsins, og á aðeins einn leik í að jafna met Johns Elway. Favre er almennt talinn vera einn besti, litríkast og skemmtilegasti leik-

maður NFL-deildarinnar. Green Bay fær bæði nýjan þjálfara og nánast nýja sóknarlínu fyrir næsta ár og eftir erfiða

aðgerð núna eftir tímabilið hjá Packers þarf Favre að ákveða hvort hann bindur enda á feril sinn eða heldur áfram í eitt tímabil til viðbótar.

NFL-deildarkeppninni lauk um helgina og er æsispennandi úrslitakeppni fram undan. Fjögur lið sitja hjá í fyrstu umferð, San Diego Chargers, Baltimore Ravens, New Orleans Saints og Chicago Bears. Þessi fjögur lið koma svo inn eftir fyrstu umferð úrslitakeppninnar og taka þá við hefðbundin átta liða úrslit.

Leikurinn um sjálfa Ofurskálina, „Superbowl“ fer svo fram sunnudaginn 4. febrúar í Flórída. - hph

LEIKIRNIR Í FYRSTU UMFERÐ:

PHILADELPHIA EAGLES - NY GIANTS
DALLAS COWBOYS - SEATTLE SEAHAWKS
KANSAS CITY CHIEFS - INDIANAPOLIS COLTS
NEW YORK JETS - NEW ENGLAND PATRIOTS



KANU Vill fara aftur til Ajax sem fyrst. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Kanu vill fara til Ajax: Heimtar að fara frá Portsmouth

FÓTBOLTI Hinn þrítugi Kanu vonast til þess að komast aftur til síns gamla liðs Ajax í janúar. Þessi markahrókur fer fram á að yfirgefa Portsmouth en hann hefur verið á meðal bestu leikmanna liðsins í vetur. „Ég vil fara til Ajax. Portsmouth ætti að vera þakklátt fyrir það sem ég hef gert fyrir félagið og leyfa mér að fara,“ sagði Kanu.

„Ég bið eftir tilboði frá Ajax. Ég er búinn að segja Portsmouth að ég vilji fara. Ég hef gert upp hug minn. Ég á frábærar minningar frá Amsterdam og ég veit að magnaðir hlutir geta gerst ef ég sný þangað aftur.“ Nígeríumaðurinn greindi einnig frá því að Edgar Davids gæti fylgt honum til Hollands, ef af verður, en hann var einnig á sínum tíma hjá Ajax. „Ég hef verið að tala við Edgar Davids og nokkra aðra leikmenn sem voru hjá Ajax með okkur á sínum tíma. Ég held að við gætum endurskapað hið magnaða andrúmsloft sem ríkti þá,“ sagði Kanu. - hph

Gianluigi Buffon: Enginn millivegur á árinu

FÓTBOLTI Gianluigi Buffon, markvörður Juventus og ítalska landsliðsins, var í viðtali við ítalska fjölmiðla nú í kringum áramótin þar sem hann leit til baka og fór yfir árið 2006. Hann sagði að það væri mjög erfitt að lýsa þessu ári með einu orði en það hefði einkennst af óstjórnlegri gleði og gríðarlegum vonbrigðum, enginn millivegur hefði verið til staðar.

Ítalir urðu heimsmeistarar á árinu en félagslið Buffons, Juventus, var dæmt niður um deild í hinum svokallaða Ítalíuskandal.

„Frammistaða okkar á HM í Þýskalandi fór fram úr okkar björtustu vonum og það var ólýsanleg tilfinning að landa heimsmeistaratitlinum. Hvað varðar málefni Juventus þá fannst mér ég ekki neyðast til að skipta um lið og ákvað því að vera áfram til að hjálpa liðinu aftur upp, ég sé ekki eftir þeirri ákvörðun,“ sagði Buffon.

Juventus er á góðri leið með að tryggja sér sæti í efstu deild því liðið er í þriðja sæti næst efstu deildar. - egm

Michael Owen: Snýr líklega aftur í apríl

FÓTBOLTI Michael Owen stefnir ótrauður á að snúa aftur í aprílmánuði. Þessi snjalli framherji Newcastle meiddist illa á heimsmeistaramótinu síðasta sumar og var búist við því að hann yrði frá í eitt ár vegna meiðslanna en útlit er fyrir að hann nái að spila einhverja leiki á þessu tímabili.

„Batinn er enn jafn og góður. Ég vonast til að snúa til baka í apríl. Hin eina sanna prófraun verður þó ekki fyrir en styttest í endurkomuna,“ sagði Owen sem hefur unnið hörðum höndum að því að ná sér að fullu. Endurkoma hans verður án efa mikil lyftistöng fyrir Newcastle en aðeins Obafeme Martins hefur verið reglulega á skotskónum af framherjum liðsins. - hph

Phoenix Suns vann góðan útisigur á Detroit Pistons í NBA í fyrinótt og Dallas heldur áfram sigurgöngunni:

Tíundi sigur Dallas Mavericks í röð

NBA Leikmenn NBA-deildarinnar í Bandaríkjunum fá lítið frí yfir hátíðarnar og á gamlársdag fóru fram sjö leikir í deildinni. Dallas Mavericks tók á móti Allen Iverson og félagum hans í Denver Nuggets en Dirk Nowitzki lék ekki með Dallas vegna meiðsla. Það kom þó ekki að sök því Dallas vann leikinn, 89-85.

Josh Howard og Jason Terry voru í forystuhlutverki í fjarveru Nowitzkis en Howard skoraði 28 stig og hirti 17 fráköst og Terry skoraði 21 stig fyrir Dallas. Allen Iverson var stigahæstur í liði Denver með 28 stig.

„Það vissu allir að Dirk var ekki með. Við þurftum á öllum leikmönnum okkar að halda, ekki bara mér. Ég var að reyna að vera grimmur en þetta snérist meira um að fara inn í leikinn og spila minn frábæra leik,“ sagði Josh Howard eftir leikinn.

Leikmenn Phoenix Suns gerðu góða ferð til Detroit þar sem þeir unnu heimamenn í Pistons, 108-101. Steve Nash var stigahæstur leikmanna Suns með 35 stig í leiknum, auk þess að gefa 12 stöðsendingar, og Amare Stoudemire átti einnig stórleik þar sem hann skoraði 31 stig og hirti 13 fráköst.

Chauncey Billups lék ekki með Pistons vegna meiðsla og Nash sagði að það hefði munað um minna. „Við unnum leikinn en þeir voru ekki með alla sína leikmenn. Þetta er einföld stærðfræði. Þeir eru með marga góða leikmenn en Billups er einn besti leikmaður deildarinnar,“ sagði Nash en Richard Hamilton var stigahæstur í liði Detroit með 31 stig.

Kobe Bryant var lang stigahæstur í liði L.A. Lakers sem lagði Philadelphia 76ers á heimavelli, 104-94. Bryant skoraði 35 stig í leiknum en Smush Parker kom honum næstur með 12 stig fyrir Lakers. Allir leikmenn Lakers sem voru á skýrslu skoruðu stig í leiknum. Varamaðurinn Kyle Korver var stigahæstur í liði Philadelphia með 29 stig.

San Antonio Spurs átti ekki í miklum vandræðum með lið Atlanta Hawks á heimavelli sínum og fór með sigur af hólmi, 95-81. Franski leikstjórnandinn Tony Parker var stigahæstur í liði San Antonio með 27 stig. Mano Ginobili skoraði 18 stig og Tim Duncan bætti 17 stigum við fyrir San Antonio.

Elton Brand setti persónulegt met þegar lið hans L.A. Clippers



AMARE STOUDEMIRE Treður hér boltanum í körfuna í leik Phoenix og Detroit en hann átti stórleik, skoraði 31 stig og hirti 13 fráköst. NORDIC PHOTOS/GETTY

vann New York Knicks á heimavelli, 90-80. Brand skoraði 32 stig og var með átta varin skot, en hann hefur aldrei varið eins mörg skot í einum leik á ferlinum.

Þetta var tíundi sigur Clippers gegn Knicks í röð á heimavelli og þeir virðast því hafa gott tak á New York Knicks.

Tracy McGrady virðist vera kominn í sitt rétta form en hann skoraði 38 stig í naumum sigri

Houston Rockets á Memphis Grizzlies, 111-109, en Rockets lék sem fyrr án Yao Ming sem er meiddur.

„Ég er með mikið sjálfstraust núna. Að hafa ekki Yao Ming inn á setur aukna pressu á mínar herðar að leiða liðið. Ég tek þeirri ábyrgð,“ sagði McGrady.

Þá vann Seattle sigur á Boston á heimavelli, 101-95, þar sem Chris Wilcox fór fyrir liði Seattle og skoraði 24 stig. - dsd

TUCSON SPORT

Hvað gerir góðan sportjeppa markvissan? Er hann með sjálfvirk aldrif, stöðugleikastýringu, spólvörn, rafstýrða læsingu, mikið rými og framúrskarandi aksturseiginleika? Eða er það kannski hönnunin, öryggið eða gæðin sem ræður úrslitum? Eða staðalbúnaðurinn, loftkæling, leðurstýri og þannig? Vissulega, en þó vantar enn herslumuninn. Markviss sportjeppi hefur nefnilega allt þetta og getur að auki gert einmit það sem þig langar til. Hefurðu prófað íshokki?

Veldu markvissst. Vertu á nýjum Tucson Sport

NÝR MARKVISS HYUNDAI TUCSON SPORT



BÍLL Á MYND: TUCSON SPORT

HYUNDAI hefur gæðin

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Keflavík 421 4444

Selfoss 575 1460

Akranes 431 2622

Akureyri 461 2533

Egilsstaðir 471 2524



Með bilinn handa þér



BARNINGUR Silva stuggar hér við Henry á æfingu hjá Arsenal. NORDICPHOTOS/GETTY

Gilberto Silva:

Við söknum Thierry Henry

FÓTBOLTI Miðjumaður Arsenal, Gilberto Silva, viðurkennir að liðið sakni sárlega fyrirliðans Thierry Henry. Frakkinn hefur misst af síðustu átta leikjum Arsenal og verður ekki með í leiknum í kvöld gegn Charlton. Gilberto hefur verið fyrirliði í fjarveru Henry og viðurkennir vandann fúslega en Arsenal hefur meðal annars tapað fyrir Sheffield United í jólatörninni.

„Það er mikilvægt að við fám Thierry til baka. Við söknum hans, við vitum að hann er mikilvægur fyrir okkur þar sem hann er leiðtogi liðsins. Við höfum gert okkar besta án hans en auðvitað þörfumst við hans í framlínuna. Ég vona að hann verði tilbúinn eftir næsta leik,“ sagði Brasilíumaðurinn. - hþh

Miðjumaðurinn Deco:

Dreymir um að spila á Englandi

FÓTBOLTI Deco, miðjumaður Barcelona og samherji Eids Smára, hefur látið hafa eftir sér að hann vilji spila í ensku úrvalsdeildinni áður en ferli hans lýkur.

„Það er satt að mig langar til að spila á Englandi vegna þess að það er heillandi deild. Núna er ég hins vegar í einu besta liði heims og er mjög ánægður og það yrði mjög erfitt að fara héðan á næstunni,“ sagði Deco sem hefur oft verið orðaður við Chelsea. - dsd

ÚRSLIT Í GÆR

Ensku úrvalsdeildin:

LIVERPOOL - BOLTON	3-0
1-0 Peter Crouch (61.), 2-0 Steven Gerrard (63.), 3-0 Dirk Kuyt (83.).	
FULHAM - WATFORD	0-0
MANCHESTER CITY - EVERTON	2-1
1-0 Georgios Samaras (50.), 2-0 Georgios Samaras (72.), 2-1 Leon Osman (84.).	
MIDDLESBROUGH - SHEFF. UNITED	3-1
1-0 Mark Viduka (36.), 1-1 Phil Jagielka (46.), 2-1 Yakubu Aiyegbeni (69.), 3-1 Yakubu Aiyegbeni (76.).	
PORTSMOUTH - TOTTENHAM	1-1
1-0 Benjamin Mwauruvari (29.), 1-1 Steed Malbranque (50.).	
READING - WEST HAM	6-0
1-0 Brynjar Björn Gunnarsson (12.), 2-0 Stephen Hunt (14.), 2-0 Stephen Hunt (15.), 4-0 Kevin Doyle (36.), 5-0 Leroy Lita (53.), 6-0 Kevin Doyle (78.).	
WIGAN - BLACKBURN	0-3
0-1 Zurab Khizanishvili (37.), 0-2 Matt Derbyshire (58.), 0-3 Benni McCarthy (76.).	
NEWCASTLE - MAN. UNITED	2-2
1-0 James Milner (33.), 1-1 Paul Scholes (40.), 1-2 Paul Scholes (46.), 2-2 David Edgar (73.).	

STADAN:

MAN. UTD	22	17	3	2	49-15	54
CHELSEA	21	14	5	2	37-17	47
LIVERPOOL	22	12	4	6	32-16	40
BOLTON	22	12	3	7	27-21	39
ARSENAL	21	10	6	5	37-19	36
PORTSMOUTH	22	10	6	6	33-22	36
TOTTENHAM	22	9	5	8	26-28	32
EVERTON	22	8	7	7	28-22	31
READING	22	9	3	10	30-30	30
MAN. CITY	22	8	5	9	19-25	29
BLACKBURN	21	8	4	9	24-29	28
FULHAM	22	6	9	7	22-32	27
NEWCASTLE	22	7	5	10	23-28	26
ASTON VILLA	21	5	10	6	23-25	25
MIDDLESB.	22	6	6	10	21-27	24
SHEFF. UTD	22	6	5	11	17-29	23
WIGAN	21	6	4	11	23-32	22
WEST HAM	22	5	3	14	12-33	18
CHARLTON	21	4	4	13	17-36	16
WATFORD	20	1	9	10	12-26	12

José Mourinho á í vandræðum með vörnina og er líklegur til að kaupa í janúar:

Chelsea saknar John Terry sárlega

FÓTBOLTI Englandsmeistarar Chelsea hafa gefið eftir í titilbaráttunni á Englandi en liðið hefur gert tvö jafntefli í deildinni í röð, gegn Wigan og Fulham. Á meðan hefur Manchester United ekkert slakað á og ljóst er að Chelsea þarf á sigri að halda gegn Aston Villa í kvöld til að halda í við United. Vörnin hefur verið helsti veikleikinn en í síðustu þremur leikjum hefur liðið fengið á sig tvö mörk í leik.

Fyrirliðinn John Terry og markmaðurinn Petr Cech eru báðir frá vegna meiðsla en þó styttest í endurkomu beggja. Greinilegan veikleika má sjá á liðinu í fjarveru þeirra en allar líkur eru á því að José Mourinho styrki lið sitt í janúarglugganum með í það minnsta einum varnarmanni. Sá sem talið er líklegast að fari til Chelsea er Micah Richards, leikmaður Manchester City, og honum gæti fylgt Sol Campbell frá Portsmouth.

„Ég vona að Chelsea hafi ekki áhuga á honum, ef ég missi hann er ég í miklum vandræðum. Það yrði skelfilegt að missa Sol, hann hefur verið frábær hjá okkur,“ sagði Harry Redknapp, stjóri Portsmouth. Mourinho er sjálfur alls ekki sáttur við vörnina sína. „Í augnablikinu getur Chelsea bara ekki varist. Ég er sá fyrsti til að



SÖKNUÐUR Jose Mourinho er ekkert feiminn við að viðurkenna að hann saknar John Terry sárlega í byrjunarliði sínu. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

sjá það. Kannski erum við ekki jafn góðir og við höldum, kannski er ég ekki svo góður stjóri, kannski eru leikmennirnir ekki svo góðir eftir allt,“ sagði Mourinho.

„Hérna eru allir með stóra og sterka framherja. Þeir setja boltann inn í teiginn en við erum ekki nógu ríkjandi í loftinu. Hvað er hægt að gera með Paulo Ferreira og Geremi? Ekkert,“ sagði Mourinho og hélt áfram að gagnrýna sína menn. „Andriy Shevchenko, Shaun Wright-Phillips og Salomon

Kalou eru bara ekki að standa sig. Didier Drogba er sá eini sem er upp á sitt besta í augnablikinu,“ sagði Portúgalinn sem segist ekki vera viss um að hann þurfi að kaupa neinn í janúar.

„Ég þarf ekki að eyða neinu. Þetta er erfitt en ég vona að John Terry og Petr Cech snúi fljótt aftur. Ég þarf ekki að eyða neinum milljónum, ég þarf bara besta varnarmann heims og besta markmann heims til baka,“ sagði Mourinho. - hþh



MONTELLA Er á óskalistanum hjá Chris Coleman. NORDIC PHOTOS/GETTY

Félagaskiptaglugginn:

Fulham vill fá Montella

FÓTBOLTI Chris Coleman, knattspyrnstjóri Fulham, viðurkennir að hafa mikinn áhuga á sóknarmanninum Vincenzo Montella. „Ég hef áhuga, ég neita því ekki. Ég vil ekki tjá mig meira um þetta mál en tel að við séum ekki eina liðið sem hafi áhuga,“ sagði Coleman.

Montella er ekki í áætlunum Luciano Spalletti, þjálfara Roma, en hann hefur mikið verið frá síðustu ár vegna meiðsla og lék meðal annars bara þrettán leiki með Roma í ítölsku deildinni síðasta tímabil. Hann er nú fyrir aftan Francesco Totti, Mirko Vucinic og Francesco Tavano í goggunarröðinni. - egm

West Ham beið afhroð gegn Reading

Brynjar Björn Gunnarsson kom Reading á bragðið í gær þegar liðið burstaði West Ham á heimavelli sínum 6-0. Liverpool komst upp í þriðja sæti deildarinnar með því að vinna öruggan sigur gegn Bolton á Anfield.

FÓTBOLTI Eggert Magnússon og Björgólfur Guðmundsson voru súrir á svip þegar þeir fylgdust með sínum mönnum í West Ham vera tekna í kennslustund af Reading í ensku úrvalsdeildinni. Brynjar Björn Gunnarsson og Ívar Ingimarsson spiluðu báðir allan leikinn fyrir Reading sem vann 6-0 sigur, Brynjar braut einmitt ísinn fyrir Reading í leiknum þegar hann skoraði eftir aukaspurnu frá Nicky Shorey. Ívar hefur hingað til spilað hverja einustu mínútu fyrir liðið í ensku úrvalsdeildinni. Kevin Doyle skoraði tvö mörk í leiknum en Reading var fjórum mörkum yfir í hálfleik.

„Þessi leikur var mikil prófaun fyrir mitt lið og í hreinskilni vissi ég ekki hvort mínir menn næðu að standast hana. Það hefur verið mikið leikjaálag upp á síðkastið en eftir að við komumst yfir varð ég vitni að bestu spilmennsku sem ég hef séð hjá liðinu síðan ég tók við. Leikmenn mínir eiga hrós skilið,“ sagði Steve Coppell, knattspyrnstjóri Reading.

Reading er í níunda sæti deildarinnar sem er mun betri árangur en flestir bjuggust við. Staða West Ham er hins vegar mjög slæm, liðið er með átján stig í fallsæti en fjögur stig eru upp í öruggt sæti. Ljóst að Alan Curbishley þarf að vanda valið í félagaskiptaglugganum en miðað við frammistöðu liðsins í gær gæti hann skipt út allri varnarliðu liðsins nú í janúar.

Ljóst var að lið Bolton var mætt á Anfield til að ná í eitt stig í gær en framan af leiknum spilaði það góðan varnarleik og gaf fá færi á sér. Það var síðan stórglæsilegt mark frá Peter Crouch í seinni hálfleik sem kom Liverpool loks á bragðið og strax á eftir fylgdi frábært mark frá Steven Gerrard. Hollenski sóknarmaðurinn Dirk Kuyt innsiglaði síðan 3-0 sigur Liverpool. Þess ber að geta að Jermaine Pennant átti mjög góðan leik fyrir Liverpool en hann hefur valdið miklum vonbrigðum á tímabilinu.

„Þetta var fullkomin byrjun á nýju ári og við spilðum mjög góðan fótbolta. Þetta var frábær vika fyrir mig persónulega en þegar maður gengur út á völlinn lætur maður alla persónulegu hlutina til hliðar. Ég er mjög ánægður með markið mitt, ég lét ekki mikið að mér kveða í seinni hálfleik en náði þó að skora,“ sagði Steven Gerrard, fyrirliði Liverpool, sem fékk orðu frá Englandsforseta fyrir nokkrum dögum.

Heiðar Helguson var óheppinn að skora ekki þegar Fulham og Watford gerðu markalaust jafntefli. Heiðari tókst að koma boltanum í netið í fyrri hálfleik en aðstoðardómariinn flaggaði rangstöðu sem var rangur dómur. Þrátt fyrir markaleysið var leikurinn fjórlegur og boltinn fór oft en einu sinni í tréverkið. Antti Niemi, markvörður Fulham, slasaðist í seinni hálfleik og þurfti að fara af velli.



BRYNJAR Í BARÁTTUNNI Brynjar Björn átti góðan leik í gær og skoraði mark í 6-0 sigri Reading á West Ham. NORDIC PHOTOS/GETTY

Wigan tapaði sínum fimmta leiki í röð þegar liðið beið lægri hlut 0-3 fyrir Blackburn á heimavelli sínum. „Mínir menn eru bara ekki að vinna vinnuna sína um þessar mundir. Mikið er talað um það að við þurfum að fá okkur sóknarmann og ég get upplýst að við erum að leita að sóknarmanni. En það er alveg ljóst að ekki er hægt að ætlast til þess að við skorum fjögur mörk í hverjum leik, við verðum að fara að verjast almennilega líka,“ sagði Paul Jewell, knattspyrnstjóri Wigan,

eftir leik. Mark frá Steed Malbranque tryggði Tottenham stig á útvelli gegn Portsmouth, 1-1.

Yakubu var í aðalhlutverki þegar Middlesbrough vann Sheffield United 3-1 á heimavelli sínum. Hann skoraði tvívegis í seinni hálfleik og sá til þess að Middlesbrough vann.

Þá var Georgios Samaras hetja Manchester City þegar liðið vann 2-1 sigur á Everton með því að skora bæði mörk City eftir að hafa komið inn sem varamaður.

elvalgeir@frettabladid.is

Newcastle og Manchester United skildu jöfn í ensku úrvalsdeildinni í gær, 2-2, á heimavelli Newcastle:

Nítján ára strákur spillti gleði Man. Utd

FÓTBOLTI Newcastle tók á móti Manchester United í ensku úrvalsdeildinni í gær á heimavelli sínum St. James Park. Leikurinn endaði með jafntefli, 2-2, en mörk Newcastle í leiknum voru einkar glæsileg.

Fyrri hálfleikurinn var gríðarlega fjörugur og á 33. mínútu kom James Milner Newcastle yfir með glæsilegu marki. Skot hans af um 25 metra færi endaði efst í bláhorninu, óverjandi fyrir Edwin van der Sar, markvörð Manchester United.

Þá kom að þætti Paul Scholes sem náði að jafna metin fyrir gestina á 40. mínútu og ekki voru liðnar nema rétt rúmar 20 sek-

úndur þegar hann kom Manchester United yfir.

Allt stefndi í sigur gestanna frá Manchester en það var nítján ára strákur, David Edgar að nafni, sem bjargaði stiginu fyrir Newcastle þegar skot hans af um 30 metra færi fór fram hjá hverjum leikmanni Manchester United á fætur öðrum og endaði neðst í bláhorninu.


„Við fórum illa með mörg færi en það er ekki hægt annað en að dást að baráttunni í leikmönnum Newcastle. Þeir áttu skilið að ná jafntefli, það er engin spurning,“ sagði Sir Alex Ferguson, stjóri Manchester United sem hefur nú sjö stiga forskot á Chelsea. - dsd



PAUL SCHOLES Skoraði bæði mörk Manchester United í jafntefli gegn Newcastle í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY

JACK BAUER, SNYR AFTUR

24



Stöð 2 og Stöð 2 bíó á
ÁSKRIFTARTILBOÐ
aðeins 4.990 kr. á mánuði*

*gegn eingreiðslu og þú horfir til 5. mars

24 hefst í janúar



HUGH GRANT

Fæddist 9. september 1960 í London og þótti mikið kyntröll við lok síðustu aldar. Hann stal hjörtum ungra kvenna um allan heim þegar hann lék í myndinni *Four Weddings And a Funeral* og þeim myndum sem fylgdu í kjölfar hennar. Sjarminn fór þó talsvert af honum þegar hann var gripinn með vændiskonu í Hollywood árið 1995 og varð það upphafið á endalokum sambands hans við leikkonuna Elizabeth Hurley. Hann náði sér þó aftur á strik og sló í gegn í fyrstu myndinni um *Bridget Jones* en seinni myndin um hana er sýnd á Stöð 2 Bíó í kvöld kl. 18 og að sjálfsgöðu leikur Hugh Grant einnig í þeirri mynd.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ STEINDÓR GRÉTAR JÓNSSON VAR SÁTTUR VIÐ SKAUPIÐ

Hannes Smárason hleypur alltaf!

Ekki var hlutskipti Áramótaskaupsins öfundsvært í ár - að þurfa að fylgja eftir magnaðri auglýsingu frá Kaupþingi sem var sýnd í auglýsingatímanum á undan. Að fá John Cleese til að leika í auglýsingu fyrir íslenskan banka er alveg hreint magnað og bjargar að mínu mati annars arfaslakri auglýsinga-herferð í kringum nafnbreytingu KB banka. Fyrir Skaupið var þetta töff akt tú fölló, eins og Kaninn mundi segja.

Skaupið stóð þó algjörlega fyrir sínu. Nýr hópur handritshöfunda og nýr leikstjóri skiluðu verkinu með þrýði, en þó án þess að gjörbylta forminu. Það er vandasamt verkefni að brúa kynslóðabil og Skaupsmenn gerðu það ágætlega. Hægt er að horfa á Skaupið á www.ruv.is ef einhver hefur misst af því eða vill rifja það upp.

Reyndar virðist það há íslenski gamanþáttagerð að erfiðlega

gengur að enda atriðin og verða þau oft langdregin fyrir vikið. Það vandamál var oft listilega leyst með því að láta Eyþór Arnalds keyra á staur. Skaupsmenn fengu gull upp í hendurnar því árið var fremur viðburðaríkt og stóð þá Eyþór líklega einna helst upp úr sem gamanefni.

Þannig er það þó alltaf að manni finnst eitthvað markvert vanta í Skaupið. Hvar voru til dæmis hlerunarmálin og innflytjendastefna Frjálslyndra? Ekkert var fjallað um prófkjörin, DV-málið og flugvallardeiluna. Og vatnsrenni-brautagarður Framsóknarflokksins, eru allir búnir að gleyma honum?

En auðvitað er ekki auðvelt að troða atburðum þrjúhundraðsextiugfimm daga inn í tæpan klukkutíma. Margt var alveg snilldarlega gert og helst stóðu Bobby Fischer, Baugsmyndin og Hannes Smárason upp úr. „Af hverju hleypurðu ekki? Hannes Smárason hleypur alltaf!“ Sníll.



EKKI MISSA AF



► 00.45 Ghost Ship STÖÐ 2



► 18.00 Bridget Jones 2 STÖÐ 2 BÍÓ



► 19.55 Aston Villa - Chelsea SKJÁR SPORT



► 20.00 Queer Eye For the ... SKJÁR EINN



► 19.25 Fifa World Cup SÝN

SJÓNVARPIÐ

16.10 Ensku mörkin Sýndir verða valdir kaflar úr leikjum síðustu umferðar í enska fótboltnum.

17.05 Leiðarljós (Guiding Light)

17.50 Tákn málsfréttir

18.00 Magga og furðudýrið (17:)

18.30 Kappflugíð í himingimnu

19.00 Fréttir

19.35 Kastljós

20.10 Krónikan (22:22) (Króniken) Í kvöld verður sýndur lokabáttur þessa vinsæla danska myndaflokks. Meðal leikenda eru Anne Louise Hassing, Anders W. Berthelsen, Maibritt Saerens, Waage Sandø, Stina Ekblad, Pernille Højmark og Dick Kaysø. Sjá nánari upplýsingar á vefslóðinni <http://www.dr.dk/kroeniken>.

21.15 Verónica Mars (17:22)

22.00 Túfréttir

22.25 Illt blóð (1:4) (Wire in the Blood III) Breskur spennumyndaflokkur þar sem sálfræðingurinn dr. Tony Hill reynir að ráða í persónuleika glæpamanna og upplýsa dularfull sakamál. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna. Aðalhlutverk: Robson Green og Hermione Norris.

► 23.50 Ensku mörkin Sýndir verða valdir kaflar úr leikjum síðustu umferðar í enska fótboltnum. e.

0.45 Kastljós

1.20 Dagskrárlok

BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

6.05 Duplex

8.05 Good Advice

10.05 Bridget Jones: The Edge of Reason

12.00 Broadcast News

14.10 Duplex

16.00 Good Advice

► 18.00 Bridget Jones: The Edge of Reason

20.00 Broadcast News

22.10 The Diary of Ellen Rimbauer

0.00 Bad Boys II

2.25 Texas Rangers Stranglega bönnuð börnum.

4.00 The Diary of Ellen Rimbauer Aðalhlutverk: Kate Burton, Steven Brand, Lisa Brenner. Leikstjóri: Craig R. Baxley. 2003.



6.58 Ísland í bítið

9.00 Bold and the Beautiful

9.20 Í finu formi 2005 (Í finu formi 2005)

9.35 Martha (Jamie Oliver & Maggie Gyllenhaal)

10.20 Ísland í bítið (e)

12.00 Hádegisfréttir

12.40 Neighbours

13.05 Valentína Nýir framhaldspættir. Suðuramerísk sápuópera af bestu gerð sem nýtur geysilegra vinsælda um heim allan. Aðalpersónan er Valentína, ung og ómótstæðileg kona. Hún er yndislega ljúf og góð og með kímniáfguna í lagi. Þættirnir eru frumsýndir á mánudags-, þriðjudags- og miðvikudagsmorgnum.

13.50 Silfur Egils

15.25 Whose Line Is it Anyway? 4

15.50 Mr. Bean

16.13 Shin Chan

16.38 Nornafélagið

17.03 Tasmania (Taz-Mania)

17.28 Bold and the Beautiful

17.53 Neighbours

18.18 Íþróttir og veður

18.30 Fréttir, íþróttir og veður Fréttir, íþróttir og veður frá fréttastofu Stöðvar 2 í samtengdri og opinni dagskrá Stöðvar 2 og Sirkuss.

19.00 Ísland í dag

19.40 Simpsons (17:21)

20.05 Amazing Race (11:14)

20.50 NCIS (24:24) Bönnuð börnum.

21.40 Foyle's War - Eagle Day Vandaðir breskir sakamálaþættir sem ólíkt öðrum sambærilegum þáttum gerast á öðrum tímum; nefnilega á tímum heimstyrjaldarinnar síðari. Bönnuð börnum.

23.15 The Unit (3:13)

0.00 60 mínútur

► 0.45 Ghost Ship Dularfull spennumynd sem gerist á fjarlægum slóðum. Fyrir rúmum fjórutíu árum hvarf ítalska lúxusfleyið Antonia Graza. Skipið er nú fundið og björgunarleiðangur er kominn í Barentshafið. Stranglega bönnuð börnum.

2.15 Spider (Könguló) Leikstjóri: David Cronenberg. 2002. Bönnuð börnum.

3.50 Ísland í bítið e

5.25 Fréttir og Ísland í dag

6.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ

SIRKUS TV

18.00 Insider Í heimi fræga fólksins eru góð sambönd allt sem skiptir máli. Og þar er enginn með betri sambönd en The Insider. Í þessum þáttum fara stjórndurnir með okkur í innsta hring stjarnanna þar sem við fáum að sjá einkaviðtöl, nýjustu upplýsingar og sannleikann á bak við heitasta slúðrið í Hollywood. Þessir skemmtilegu þættir koma frá sömu framleiðendum og Entertainment Tonight. Leyft öllum aldurshópum.

18.30 Fréttir, íþróttir og veður Fréttir, íþróttir og veður frá fréttastofu Stöðvar 2 í samtengdri og opinni dagskrá Stöðvar 2 og Sirkuss.

19.00 Ísland í dag

19.30 Seinfeld (4:24) Kramer stofnar sinn eigin blóðbanka og George gerir tilraun til að sameina kynlíf, mat og sjónvarp.

20.00 Entertainment Tonight

20.30 The Hills Lauren úr Laguna Beach þáttunum er flutt til L.A. og er á leiðinni í skóla. Með skólanum hefur hún ráðið sig í vinnu hjá hinu vinsæla tímariti Teen Vogue. Í þessari þáttaröð fáum við að fylgjast með Lauren í hinu daglega lífi þar sem hún reynir að sameina skólann, vinnuna og vinina.

21.00 Twenty Four (5:24) (24 - 2) Jack kemur aftur á CTU skrifstofum og krefst þess að fá að yfirheyra Ninu. Palmer skiptist á öryggisupplýsingum við sendiherra frá Miðausturlöndum og Kim reynir allt hvað hún getur að bjarga Megan. Stranglega bannað börnum.

21.45 Twenty Four (6:24) (24 - 2)

Stranglega bönnuð börnum.

22.30 Insider

23.00 Four Kings (e)

23.25 Seinfeld (4:24) (e)

23.50 Entertainment Tonight (e)

0.15 American Dad (10:10) Frá höfundum Family Guy kemur ný teiknimyndasería um mann sem gerir allt til þess að vernda landið sitt.

0.40 Supernatural (21:22) (e)

1.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

SJÓNVARP NORDURLANDS

Fréttabátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SKJÁREINN

8.00 Rachael Ray (e)

8.55 Innlit / útlit (e)

13.50 Will & Grace (e) Bandarísk gamanþáttaröð.

14.20 Will & Grace (e) Bandarísk gamanþáttaröð.

14.50 Just Deal (e) Bandarísk unglingsþáttaröð.

15.20 One Tree Hill (e) Bandarísk unglingsþáttaröð.

16.20 Beverly Hills 90210 Bandarísk unglingsþáttaröð.

17.05 Rachael Ray Glænýir spjallþættir.

18.00 Will & Grace Bandarísk gamanþáttaröð.

18.30 Will & Grace Bandarísk gamanþáttaröð.

19.00 Everybody Loves Raymond (e) Bandarísk gamanþáttaröð.

19.30 Out of Practice (e) Bráðfyndin gamansería frá framleiðendum Frasier um stórfurðulega fjölskyldu þar sem nánast allir eru læknar en eiga fátt annað sameiginlegt.

► 20.00 Queer Eye for the Straight Guy Fimm samkynhneigðar tiskulöggar þefa uppi lúðalega gaura og breyta þeim í flotta fyra. Michael hefur unnið við sirkus í New York í áratug og elskar starfið svo mikið að hann gleymir að hugsa um sjálfan sig. Tiskutrúðarnir fimm mæta í sirkusinn og taka til hendinni.

21.00 Million Dollar Listing - NÝTT

22.00 Close to Home

22.50 Everybody Loves Raymond

Bandarísk gamansería.

23.20 Jay Leno Spjallþáttur á léttum nótum.

0.10 Survivor: Cook Islands - Lokabáttur (e) Bandarísk raunveruleikasería.

1.10 Beverly Hills 90210 (e)

SKJÁR SPORT

13.00 Middlesbrough - Sheff. Utd. (frá 1. jan)

15.00 Man. City - Everton

17.00 Fulham - Watford

19.00 Prumuskot

19.55 Aston Villa - Chelsea (beint)

► 22.00 Prumuskot (e)

23.00 Arsenal - Charlton (frá í kvöld)

1.00 Dagskrárlok

www.minnsirkus.is/tv

BYRJAR 8. JANÚAR

MÁNUDAGINN KL. 21:00

JANICE DICKINSON
MODELING
AGENCY



SIRKUS TV

90% heimila ná Sirkus TV á ADSL kerfinu, Breiðbandinu, Digital Ísland en einnig er hægt að ná Sirkus TV með venjulegu UHF loftneti

Í KVÖLD

Á Stöð 2 kl. 21.45

„FOYLE'S WAR – EAGLE DAY“

Vandaðir breskir sakamálaþættir en ólíkt öðrum sambærilegum þáttum er sögusvið þeirra í fortíðinni; nefnilega heimsstyrjöldin síðari. En þótt menn af ólíkum þjóðernum hafi þá borist á banaspjótum á vígvellinum þá þurftu laganna verðir eftir sem áður að sinna hefðbundinni löggæslu á heimavelli. Í þáttunum fylgjumst við með störfum Foyle's varðstjóra sem fær jafnan til rannsóknar flóknustu morðmálin. Í þessari mynd rannsakar hann lát manns sem fannst í sprengjurústum í Hastings en við nánari eftirgrennslan kemur í ljós stungusár sem bendir til þess að hann hafi hreint ekki látist af völdum sprengjuárásar heldur verið myrtur – eða hvað?



VIÐ MÆLUM MED KRÓNÍKUNNI - LOKAÞÆTTI Í SJÓNVARPINU KL. 20.10

Þessi vinsæli danski þáttur hefur heldur betur slegið í gegn, en nú er komið að kveðjustund því lokaþátturinn er sýndur í Sjónvarpinu í kvöld. Danir eru í mikilli sókn með sjónvarpsefni á heimsmælikvarða og er Króníkan sönnun þess. Í þessum þáttum hefur fjölskyldusögu meistaralega verið fléttað saman við samfélagsþróun eftirstríðsáranna í Danmörku, og orðið til þess að fólk situr límt við skjáinn.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

6.45 Veðurfreginir	6.50 Bæn	7.00 Fréttir	7.05 Morgunvaktin	7.30 Fréttayfirlit	8.00 Fréttir	8.30 Fréttayfirlit	9.00 Fréttir	9.05 Laufskálinn	9.45 Morgunleikfimi	10.00 Fréttir	10.03 Veðurfreginir	10.13 Heima er best	11.00 Fréttir	11.03 Samfélagið í næmynd	12.03 Hádegisútlarp	12.20 Hádegisfréttir	12.45 Veðurfreginir	12.50 Dánarfreginir og auglýsingar	13.00 Vitt og breitt	14.00 Fréttir	14.03 Útlarpssagan: Slóð fiðrildanna	14.30 Miðdegistónar	15.00 Fréttir	15.03 Orð skulu standa	16.00 Fréttir	16.10 Veðurfreginir	16.13 Hlaupanótan	17.00 Fréttir	17.03 Viðsjá	18.00 Kvöldfréttir	18.24 Auglýsingar	18.25 Spegillinn	18.50 Dánarfreginir og auglýsingar	19.00 Vitinn	19.30 Laufskálinn	20.10 Maðurinn er hann sjálfur	21.00 Á krossgötum	21.55 Orð kvöldsins	22.00 Fréttir	22.10 Veðurfreginir	22.15 Lóðrétt eða lárétt	23.10 Fimm fjórðu	0.00 Fréttir	0.10 Útlarpáð á samtengdum rásum
--------------------	----------	--------------	-------------------	--------------------	--------------	--------------------	--------------	------------------	---------------------	---------------	---------------------	---------------------	---------------	---------------------------	---------------------	----------------------	---------------------	------------------------------------	----------------------	---------------	--------------------------------------	---------------------	---------------	------------------------	---------------	---------------------	-------------------	---------------	--------------	--------------------	-------------------	------------------	------------------------------------	--------------	-------------------	--------------------------------	--------------------	---------------------	---------------	---------------------	--------------------------	-------------------	--------------	----------------------------------

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlarp Latibær / Fjölskyldu útlarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlarp Boðun / Kristilegt efni FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying FM 97,7 X-ID / Enginn viðbjóður

SYN

17.00 Gillette Sportpakkinn (Gillette World Sport 2006) Íþróttir í lofti, láði og legi. Magnaður þáttur þar sem allar íþróttageinar eru teknar fyrir. Þáttur sem sýndur hefur verið í fjölmörg ár við miklar vinsældir.

18.25 Innlendir íþróttaránnáll 2006 (Innlendir íþróttaránnáll 2006) Svipmyndir frá íþróttaviðburðum af innlendum vettvangi á árinu 2006 sem hafa verið sérstaklega valdir af íþróttafréttamönnum Sýnar.

19.25 2006 Fífa World Cup Official Film (2006 Fífa World Cup Official Film) Þáttur um lokakeppni HM í knattspyrnu sem fram fór í Þýskalandi í sumar. Keppnin var skemmtileg og spennandi eins og við var að búast þar sem hið unga lið heimamanna kom mjög á óvart með skemmtilegum leik. Jafnframt léku Ítalir skemmtilegri knattspyrnu en oft áður og lið Frakka kom einnig á óvart þrátt fyrir að margir teldu þá tefla fram of gömlum leikmönnum.

20.55 Skills Challenge

FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

20.00 Nýjar eignir – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar

21.00 Einbýlishús – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

22.00 Fjölbýli og hæðir – Litlar og meðalstórar eignir sýndar

23.00 Nýjar eignir e.

0.00 SMS eignir – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms skilaboð

DR 1

11.35 Dagens Danmark 12.00 Marcipankonditoriet 12.05 Sten på sten 12.20 Livet på skinner 12.50 Desperate boligdrømme 13.20 Rabatten 13.50 Nyheder på tegnsprog 14.00 TV Avisen med vejret 14.10 Dawsons Creek 15.00 Smæk for Skillingen 15.30 En lille reminder 15.40 SPAM 16.00 Insektskop 16.05 Lucky Luke 16.30 Store Nærd 17.00 Lille Nærd 17.30 TV Avisen med Sport og Vejret 17.55 Dagens Danmark 18.25 TV Avisen 18.30 Hvad er det værd 19.00 Hammerslag 19.30 Danskernes Krønike - Vores kærlighed 20.00 TV Avisen 20.25 Kontant 20.50 SportNyt 21.00 Komplottet i Krem 22.55 Ørnen 23.55 Clement Kontra

NKI

11.05 Finansdebatten 12.00 Siste nytt 12.05 Finansdebatten 13.00 Siste nytt 13.05 Finansdebatten 13.40 Distriktsnyheter 14.00 Siste nytt 14.05 lan tar regien 14.30 Robotboy 14.45 Robotboy 15.00 Siste nytt 15.03 Sport uten grenser 15.15 Siger i blikket 15.30 Liga 16.00 Siste nytt 16.10 Oddasat - Nyheter på samisk 16.25 V-cup skiskyting 16.55 Nyheter på tegnspråk 17.00 Postmann Pat 17.15 Konrad katt 17.25 Robotgjengen 17.40 Distriktsnyheter 18.00 Dagsrevyen 18.30 Ut i naturen: Magasin 18.55 Tinns mat 19.25 Brennpunkt 19.55 Distriktsnyheter 20.00 Dagsrevyen 21 20.30 Standpunkt 21.15 Extra-trekning 21.30 Safari 22.00 Kveldsnytt 22.10 Kulturnytt 22.15 Utsyn: leve med aids 23.05 Jazz: Saksofonisten Barney Wilen 0.00 Larry Sanders-show

SVT 1

11.05 Planeten 13.20 Driver dagg faller regn 15.00 Rapport 15.10 Gomorron Sverige 16.00 Les petits animaux sauvages 16.05 Jeunes à Marseille 16.15 Bajo el cielo de Madrid 16.20 Anima más 16.25 Les petits animaux sauvages 16.30 Krokodill 17.00 Världens största kör 17.10 Sagoboken 17.25 Storasyster och lillebror 17.30 Allt och lite till 18.00 Lilla Aktuellt - kortnyheter 18.05 Trackslistan 18.30 Rapport 19.00 Uppdrag Granskning 20.00 Cuppen 21.00 Argument 22.00 Rapport 22.10 Kulturnyheterna 22.20 Kobra 22.50 Yizo, Yizo 23.15 Sändning från SVT24

TONVINNSLUSKOLI.IS • SKRÁNINGARSÍMI: 534 9090



TÓNLISTARSKÖPUN OG HLJÓÐRITUN BARNA OG UNGLINGA

KENNSLA FER NÚ EINNIG FRAM Í FOLDASKÓLA Í GRAFARVOGI

TONVINNSLUSKOLI ÞORVALDAR BJARNA

Tónlistarsköpun og hljóðritun með heimilistölvu. Barna- og unglínganámskeið. Kennt er á hið einstaka Reason tónlistarforrit sem má nota í venjulegum heimilistölvum, en þetta forrit nýtur jafnframt mikilla vinsælda meðal starfandi tónlistarmanna. Námskeiðin fara fram í fullkomnum tölvuverum Foldaskóla og Snælandsskóla. Hver nemandi hefur sér tölvu til að læra á forritið og fer síðan að vinna tónlist með aðstoð og undir handleiðslu kennara. Eftirnámskeiðið geta krakkarnir bæði samið, tekið upp og unnið tónlist í sinni eigin tölvu heima við. 8 vikna námskeið, 39.900,- (veittur er 15% staðgreiðsluafsláttur).

propellerhead REASON

SKRÁNING ER HAFIN

SKRÁNING ER HAFIN

SÖNG-, HLJÓÐFÆRA- OG LAGASMÍÐANÁMSKEIÐ BARNA OG UNGLINGA FARA FRAM BÆÐI Í FOLDASKÓLA OG SNÆLANDSSKÓLA

KÍKTU Á TONVINNSLUSKOLI.IS OG VELDU ÞÉR NÁMSKEIÐ

HRÓSÍÐ ...



... fær Eiríkur Karlsson sem staðið hefur vaktina í flugeldasölu Hjálparveitar skáta í 38 ár.

PRÍR SPURÐIR: SITT SÝNIST HVERJUM UM ÁRAMÓTASKAUPIÐ

Hvernig fannst þér Áramótaskaupið?

Vantaði húmor

„Já, ég horfði því miður á skaupið. Nei, mér fannst það bráðskemmtilegt, það eina sem vantaði í það var húmor. Að öðru leyti var þetta til fyrirmyndar. Svei mér þá ef ég þarf ekki að taka þetta að mér á næsta ári.“

Sverrir Stormsker tónlistar-
maður



Besta skaupið í mörg ár

„Mér fannst það frábært. Þetta var besta skaupið í mörg ár. Bestu atriðin voru þegar gamla fólk lísti dálæti sínu á Spaugstofunni í skoðanakönnunum og svo þegar Jón Gnarr og Þorsteinn voru í Heilsu-búðinni. Það minnti mikið á Fóstbræður. Þeir sem skrifuðu skaupið mega vel sjá um það aftur næst – ég væri meira að segja til í að horfa aftur á þetta kaup.“

Katrín Atladóttir,
bloggari á Katrín.is



Baugmyndin stóð upp úr

„Mér fannst það gott. Mörg atriði voru fyndin en mér fannst lýsingin á kvikmyndinni sem Baugur ætlar að framleiða drepfyndin. Mér sárnaði ekkert þótt það væri skotið á framsóknarmenn. Við erum bara stolt að því að vera í þjóðfélagsumræðunni, það þýðir að við erum að hreyfa við málum og koma góðum málum í höfn.“

Sív Frið-
leifsdóttir
umhverfis-
ráðherra



1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2 tilfinninganæmur 6 slá 8 vafi 9 kæla 11 stöðug hreyfing 12 knappur 14 hrukka 16 í röð 17 krot 18 ennþá 20 tveir eins 21 velta.

LÓÐRÉTT

1 eyja 3 tveir eins 4 umráð 5 skjögur 7 áleitinn 10 kjáni 13 neðan 15 nabbi 16 húðpoki 19 núna.

LAUSN

16 hes, 19 nú.
7 ásæskinn, 10 apí, 13 upp, 15 arða.
LÓÐRÉTT: 1 krít, 3 e, 4 yfirráð, 5 ríð, 18 enn, 20 öð, 21 snúna.
LÁRÉTT: 2 meyr, 6 rá, 8 efi, 9 ísa, 11

VEISTU SVARID

Svör við spurningum á bls. 8

- Útvarpi Kántríbæ
- Ómar Ragnarsson
- Afskorið kiðlingshöfuð

BBC
WORLD
SERVICE



LÁRA STEFÁNSDÓTTIR: FORSETI ÞJÚSARAFÉLAGS ÍSLANDS

Vill meira kúldur, knús, partí og pjús á Alþingi

„Pjúsari nýtur unaðssemða hins tæknivædda heims,“ segir Lára Stefánsdóttir kennari, sem skipar þriðja sæti á lista Samfylkingarinnar í Norðausturkjördæmi fyrir alþingiskosningar í vor og er jafnframt æviráðinn forseti íðilstjórnar Þjúsarafélags Íslands.

Lára er titluð pjúsari í síma-skránni, en samkvæmt heimasíðu Þjúsarafélags Íslands, www.pjus.is, er markmið félagsins að veita núverandi og upprennandi pjúsurum stuðning til áframhaldandi pjúss.

Félagið er sprottið upp úr upphafi internetvæðingar Íslands. „Ég tók þátt í því að stofna Íslenska menntanetið á sínum tíma og barðist fyrir því að það yrðu opnaðar spjallrásir á Íslandi til að ungt fólk úr hinum ýmsu skólum gæti spjallað saman á netinu,“ segir Lára.

„Mér fannst eðlilegt eins og staðan var þá að ég liti til með þeim og var því dálítið á spjallrásunum með þeim. Eitt kvöldið kvaddi ég þau með orðunum: Kúldrist nú og knúsist, partíist og pjúsist. Þetta þótti þeim svona rosalega fyndið og þau byrjuðu að nota orðið „pjús“ í miklu magni,“ segir Lára.

Pjúsið þróaðist áfram og meðal annars Lára samdi þjóðsöng pjúsara. Árið 1998 var Þjúsarafélag Íslands loks formlega stofnað.

Margar hefðir eru innan félagsins og eiga pjúsarar sér meira að segja eigin orðabók. „Við höldum svo aðalfundinn okkar árlega á Ruby Tuesday þar sem okkur ber að panta alla eftirrétti á matseðlinum,“ segir Lára.

Lára skipar 3. sæti framboðslista Samfylkingarinnar í Norðausturkjördæmi fyrir komandi kosningar. „Það er sannarlega kominn tími á pjúsara á þing,“ segir Lára. „Kúldur, knús, partí og pjús munu aukast af miklum mun í þingheimi.“



LÁRA STEFÁNSDÓTTIR Forseti Þjúsarafélags Íslands býður sig fram til þingsetu í vor.

Lára hefur unnið við tölvur frá því á nýunda áratugnum og segir marga vera hissa á því að miðaldra amma þekki eitthvað til tækninnar. Aðspurð hvort hún

væri aldursforseti félagsins, segir Lára það ekki vera mikilvægt í augum pjúsara. „Aldur skiptir okkur ekki máli. Við erum bara nördar.“ steindor@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Ingví Hrafn Jónsson stendur í stórræðum ásamt Ingva Erni, syni sínum en þeir feðgar hyggjast hefja sjónvarpsútsendingar undir merkjum INN síðar í mánuðinum. Flaggskip stöðvarinnar verður vita-skuld Hrafnþing en aðrir dagskrárliðir eru vissulega í deiglu og er krafa Ingvanna einföld: þeir vilja þætti sem fólk nennir að horfa á. Að sögn hafa margir komið að máli við Ingva Hrafn og lýst yfir áhuga á að ganga til liðs við INN en ekkert hefur verið hand-salað enn sem komið er.



Fjölmíðlakonan Elly Ármansdóttir íhugar nú næstu skref sín eftir að tímaritið Hér og nú, sem hún var ritstjóri á, var selt og henni sagt upp störfum. Elly sagði í samtali við Fréttablaðið að hún gengi sátt frá starfi sínu, enda hafi hún verið mjög ánægð með blaðið og þær breytingar sem hún gerði á því. „Kona eins og ég leggst ekki bara undir sæng,“ segir Elly þegar hún er spurð um hvað hún hyggist nú taka sér fyrir hendur meðfram starfi sínu sem þula hjá Ríkissjónvarpinu. Ekki má ólíklegt telja að Elly dusti rykið af gamalli hugmynd sinni um að gefa út helgarblað sem yrði dreift frítt, en hún og unnusti hennar Freyr Einarsson, fyrrum ritstjóri DV, unnu að því áður en þau réðu sig á DV. Þau skötu hjú eiga annars von á fyrsta barni sínu saman í maí svo það er að nóguga að huga á þeim bænum. - hdm



John Cleese tekur grínið alvarlega


„Það var bara afskaplega fín stemning í stofunni hjá mér á gamlárskvöld,“ segir Þorsteinn Guðmundsson, leikari og einn af handritshöfundum Áramótaskaupsins. „Þetta virðist að minnsta kosti hafa fallið í kramið hjá mínu fólk. Ég las á Vísi að um 97 prósent þjóðarinnar hefðu horft á skaupið og held að það sé frekar sundurleitur hópur, þannig það er ekki hægt að ætlast til að allir hafi haft gaman af en ég hef hing-

að til bara fengið góð viðbrögð,“ segir Þorsteinn og bætir við að það sé viss áfangi á ferlinum að búa til áramótaskaup. „Þetta er kannski eitthvað sem maður þarf að ganga í gegnum.“

Þorsteinn skemmti landsmönnum ekki aðeins í skaupinu á gamlárskvöld því fyrir um kvöldið birtist auglýsing frá Kaupþingi þar sem Þorsteinn lék á móti enska

leikaranum John Cleese. „Við fórum til Hollywood og gerðum nokkrar auglýsingar með honum fyrir jólin og ætlum að sýna Íslendingum að minnsta kosti þrjár auglýsingar með honum.“

Þorsteinn hefur lengi haft dálæti á Cleese og viðurkennir að það hafi verið dálítið stressandi að hitta hann. „Þetta er goðsögn í grínheiminum og hefur gert stórkostlega hluti. Hann er hins vegar finni í viðkynningu, dálítið alvarlegur. Það kom mér á óvart hvað hann tekur vinnuna gríðarlega alvarlega. Vildi alltaf vera að bæta handritið, tala um það og æfa sig. Ég held ég hafi aldrei hitt jafn mikinn fagmann, hann tekur gríninu ekki af neinni léttúð.“ - bs



JOHN CLEESE Fagmaður fram í fingurgóma að sögn Þorsteins og tekur vinnuna alvarlega.

allt
heimili

Alla fimmtudaga

GREG
KINNEAR

STÉVÉ
CARELL

TONI
COLLETTE

PAUL
DANO

WITH ABBIGAIL
BRESLIN

AND ALAN
ARKIN

LITTLE MISS SUNSHINE

LITTLA UNGRÚ SÓLSKIN: FRUMSÝND 5. JANÚAR! SÝND Í REGNBOGANUM OG SMÁRABÍÓI

★★★★
„Óborganleg!“
- Roger Ebert, Chicago Sun-Times

„Hin fullkomna grínmynd!“
- Ruthe Stein, San Francisco Chronicle

„Sannkallaður gleðigjafi!“
- Carina Chocano, Los Angeles Times

„Langskemmtilegasta grínmynd ársins!“
- David Ansen, Newsweek

5 INDEPENDENT SPIRIT
TILNEFNINGAR

5 SATELLITE AWARDS
TILNEFNINGAR

2 GOLDEN GLOBE
TILNEFNINGAR

1 GRAMMY AWARDS
TILNEFNING



✂ KLIPPIÐ HÉRI

Gullnu reglur Græna ljóssins

1 **Ekkert hlé**
Myndin sýnd í einum rykk

2 **Minna af auglýsingum**
Sýning myndarinnar byrjar fyrir

3 **Engin truftun**
Miðasölu lýkur þegar sýning myndar hefst

FRÉTTABLAÐIÐ

Lesendur Fréttablaðsins fá 2 fyrir 1 allar frumsýningarhelgar.

Framvísaðu þessari úrklippu í miðasölu til að fá tilboðið. Tilboðið gildir föstudag, laugardag og sunnudag á allar sýningar.

græna
ljósið

- Ekkert hlé á góðum myndum



BAKÞANKAR

ÞÓRHILDAR ELÍNAR ELÍNARDÓTTUR

Völvuspá

Sívaðandi samkeppni á sviði spádóma fyrir nýhafið ár leiðir óhjákvæmilega af sér að ýmsir minni spámennt og konur troða upp í hinum og þessum fjölmiðlinum með allskyns misvandaða spádóma. Til vitnisburðar um gæði og áreiðanleika völvuspár þessara bakþanka má hinsvegar nefna fjölmörg atriði úr spádómi síðasta árs sem rættust upp á punkt og prik. Til dæmis var sumarið sólríkt rigningarsumar og 17. júní var haldinn hátíðlegur um land allt eins og völvun hafði sagt fyrir um.

Í ÁR hefur hin vandaða völvu lagst undir feld, rýnt í kristalskúluna, lesið í stjörnur og innfyli áramótakalkúnsins og komist að ýmsu forvitnilegu.

Í HEIMI stjórnmálanna verður þetta virkilega fjörugt ár. Margir munu takast á í fjölmiðlum og töluverðir flokkadrættir verða áberandi, hinir og þessir munu gefa yfirlýsingar hér og þar um hitt og þetta. Munu þar verða mjög áberandi formenn flokkanna. Jafnvel mun þessi mikla togstreita enda með kosningum á vormánuðum, ekki seinna en í maí ef tákni eru lesin rétt.

NIÐURSTAÐA þeirra verður sumum vonbrigði en öðrum gleðiefni. Munu þeir vonsviknu lýsa yfir óánægju sinni en þeir ánægðu segja frá gleði sinni. Ljóst er að stjórnnin mun falla ef hún heldur ekki velli og völvun segist sjá mikla birtu yfir stjórnnarumboðinu. Slíkt þýði ævinlega að ríkisstjórn muni vera stofnuð eins og völvun sér í spilunum/lófanum/kalkúnanum. Einnig telur hún víst að þessi stjórn verði vissulega leidd af konu eða jafnvel karli, sem hefur lifað og hrærst í stjórnmálum lengur en ýmislegt annað sem fram hefur farið hérlendis og víðar.

Í ATVINNULÍFINU mun bera hæst nafnabreyting eins bankans sem verður ekki sist afdrifarík fyrir starfsmenn hans. Í hræringunum sem fylgja verða sumir þeirra landsþekktir, að minnsta kosti innan höfuðborgarsvæðisins. Sú skyndifrægð mun stíga einhverjum þeirra til höfuðs og munu þeir jafnvel í kjölfarið söðla um og reyna fyrir sér í skemmtanabransanum.

VÖLVAN segir að Evróvísionlag Íslands verði rosalega vinsælt einmitt hjá okkur sjálfum, mjög margir muni verða blindfullir um verslunarmannahelgina og að internetið sé komið til að vera. Gleðilegt ár góðir hálsar.

STÓRÚTSALAN
HEFST Í DAG!50-80%
AFSLÁTTUR

REGATTA

GREAT OUTDOORS™

AKUREYRI - REYKJAVÍK - KEFLAVÍK

OPIÐ

VIRKA DAGA 10 – 18

LAUGARD. 11 – 16



ÚTIVIST & SPORT

Akureyri - Strandgata 3 Sími 464-4450 Reykjavík - Fosshéni 12 Sími 533-1550 Keflavík - Hafnargata 25 Sími 421-3322



Hátúni 10c • S: 562-8500 • Fax: 552-8819 • www.mulalundur.is

Betra skipulag á nýju ári!

...með skrifstofuvörum frá Múlalundi

